

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2015/2366

frá 25. nóvember 2015

um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB og 2013/36/ESB og á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽²⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til efnisfarandi:

- 1) Á undanförunum árum hefur verulegur árangur náðst í samþættingu smásölugreiðslna í Sambandinu, einkum í tengslum við gerðir Sambandsins um greiðslur, einkum með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB ⁽⁴⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 924/2009 ⁽⁵⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB ⁽⁶⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 260/2012 ⁽⁷⁾. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB ⁽⁸⁾ bætir enn fremur við lagarammann um greiðsluþjónustu með því að setja tiltekin takmörk á möguleika smásala til að innheimta aukagjald af viðskiptavinum sínum vegna notkunar á tilteknum greiðslumiðli.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 224, 15.7.2014, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 170, 5.6.2014, bls. 78.

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 8. október 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 16. nóvember 2015.

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB (Stjtið. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 924/2009 frá 16. september 2009 um greiðslur yfir landamæri í Bandalaginu og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2560/2001 (Stjtið. ESB L 266, 9.10.2009, bls. 11).

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og varfærnisefirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB (Stjtið. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 260/2012 frá 14. mars 2012 um að koma á tæknilegum og viðskiptalegum kröfum fyrir millifærslur fjármuna og beingreiðslur í evrum og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 924/2009 (Stjtið. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 22).

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB frá 25. október 2011 um réttindi neytenda, um breytingu á tilskipun ráðsins 93/13/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 85/577/EBE og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 64).

- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/751 ⁽⁹⁾ kemur til viðbótar við endurskoðaðan lagaramma Sambandsins um greiðsluþjónustu. Sú reglugerð innleiðir einkum reglur um álagningu milligjalda fyrir kortatengdar greiðslur og miðar að því að flýta fyrir því að koma á skilvirkum samþættum markaði fyrir kortatengdar greiðslur.
- 3) Tilskipun 2007/64/EB var samþykkt í desember 2007 á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar frá desember 2005. Síðan þá hefur orðið mikil tækniþróun á markaðnum með smásölugreiðslur, þar sem rafrænum greiðslum og farandgreiðslum hefur fjölgað til muna ásamt því að nýjar tegundir greiðsluþjónustu á markaðnum hafa komið fram, sem reynir á gildandi ramma.
- 4) Endurskoðunin á lagaramma Sambandsins um greiðsluþjónustu, einkum greiningin á áhrifum tilskipunar 2007/64/EB og samráðsins um grænbók framkvæmdastjórnarinnar frá 11. janúar 2012, sem ber yfirskriftina „Fram til samþætts Evrópumarkaðar fyrir korta-, net- og farandgreiðslur“, hefur sýnt að þróunin hefur haft í för með sér verulegar lagalegar áskoranir.. Stórir hlutar greiðslumarkaðarins, einkum fyrir korta-, net- og farandgreiðslur, skiptast enn upp eftir landamærum. Margar nýstárlegar greiðsluafurðir falla ekki, að öllu leyti eða að hluta til, innan gildissviðs tilskipunar 2007/64/EB. Þar að auki hefur gildissvið tilskipunar 2007/64/EB og einkum þeir þættir sem undanskildir eru gildissviði hennar, s.s. tiltekin greiðslutengd starfsemi, í sumum tilvikum reynst vera of margræð, almenn eða einfaldlega úrelt, með tilliti til markaðsþróunar. Þetta hefur valdið réttaróvissu, mögulegri öryggisáhættu í greiðslukeðjunni og skorti á neytendavernd á tilteknum sviðum. Það hefur reynst erfitt fyrir greiðsluþjónustuveitendur að koma á fót nýstárlegri og öruggri stafrænni greiðsluþjónustu sem auðvelt er að nota og að veita neytendum og smásölum skilvirkar, þægilegar og öruggar greiðsluaðferðir í Sambandinu. Í því samhengi eru mikil jákvæð tækifæri sem nauðsynlegt er að kanna með samræmdari hætti.
- 5) Áframhaldandi þróun samþætts innri markaðar fyrir öruggar rafrænar greiðslur er mikilvæg til að styðja vöxt efnahags Sambandsins og til að tryggja að neytendur, söluaðilar og fyrirtæki njóti valmöguleika og gagnsæis greiðsluþjónustu til að geta nýtt sér innri markaðinn til fulls.
- 6) Setja ætti nýjar reglur til að fylla upp í eyður í löggjöfnni á sama tíma og skýrleiki laga er aukinn og samræmd beiting lagarammans er tryggð alls staðar í Sambandinu. Tryggja ætti jafngild rekstrarskilyrði fyrir núverandi og nýja þátttakendur á markaðnum, sem gerir nýjum greiðslumiðlum kleift að ná til stærri markaðar og tryggja öflugri neytendavernd við notkun þessarar greiðsluþjónustu innan Sambandsins í heild sinni. Þetta ætti að stuðla að skilvirkni í greiðslukerfinu í heild og hafa í för með sér aukid val og meira gagnsæi greiðsluþjónustu á sama tíma og það eykur tiltrú neytenda á samræmdum greiðslumarkaði.
- 7) Á undanförunum árum hefur öryggisáhættan í tengslum við rafrænar greiðslur aukist. Það er vegna þess að rafrænar greiðslur verða tæknilega flóknari, vegna stöðugt vaxandi umfangs rafrænna greiðslna á heimsvísu og nýrra tegunda greiðsluþjónustu. Örug og trygg greiðsluþjónusta er mikilvægt skilyrði fyrir starfhæfan greiðsluþjónustumarkað. Notendur greiðsluþjónustu ættu því að njóta fullnægjandi verndar gegn slíkri áhættu. Greiðsluþjónusta er mikilvæg fyrir starfrækslu nauðsynlegrar efnahagslegrar og félagslegrar starfsemi.
- 8) Ákvæði þessarar tilskipunar um gagnsæi og kröfur um upplýsingar sem gerðar eru til greiðsluþjónustuveitenda og um réttindi og skyldur í tengslum við veitingu og notkun á greiðsluþjónustu ættu einnig að gilda, eftir því sem við á, um færslur þar sem einn af greiðsluþjónustuveitendum er staðsettur utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) til að komast hjá því að mismunandi nálgun sé milli aðildarríkja í óhag neytenda. Eftir því sem við á ætti að rýmka gildissvið þessara ákvæða til að þau nái yfir færslur í öllum opinberum gjaldmiðlum milli greiðsluþjónustuveitenda á Evrópska efnahagssvæðinu.
- 9) Peningasending er einföld greiðsluþjónusta sem yfirleitt miðast við reiðufé sem greiddandi lætur greiðsluþjónustuveitanda í té sem sendir samsvarandi fjárhæð áfram, t.d. um fjarskiptanet, til viðtakanda greiðslunnar eða annars greiðsluþjónustuveitanda fyrir hönd viðtakanda. Í sumum aðildarríkjanna sjá stórmarkaðir, söluaðilar og aðrir smásalar almenningi fyrir samsvarandi þjónustu með því að gera þeim kleift að greiða reikninga frá almenningssveitum og aðra reglubundna reikninga heimilanna. Fara ætti með þess háttar reikningsgreiðsluþjónustu sem peningasendingu, nema lögbær yfirvöld telji starfsemin falla undir aðra greiðsluþjónustu.
- 10) Þessi tilskipun innleiðir hlutlausa skilgreiningu á færsluhirðingu greiðslna til að fanga ekki aðeins hefðbundin færsluhirðingarlíkön, sem byggð eru á notkun greiðslukorta, heldur einnig önnur viðskiptalíkön, þ.m.t. líkön þar sem fleiri en einn færsluhirðir á hlut að máli. Þetta ætti að tryggja að söluaðilar njóti sömu verndar, án tillits til þess hvaða greiðslumiðill er notaður, ef starfsemin er sú sama og færsluhirðing kortafærslna. Tækniþjónusta sem veitt er greiðsluþjónustuveitendum, t.d. einfaldlega að vinna og vista gögn eða starfræksla posa, ætti ekki að teljast vera færsluhirðing. Þar að auki bjóða sum færsluhirðingarlíkön ekki upp á raunverulega millifærslu fjármuna færsluhirðis til viðtakanda greiðslu vegna þess að aðilar geta

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/751 frá 29. apríl 2015 um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur (Stjtið. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 1).

komið sér saman um annað uppgjörsform.

- 11) Undanþágu greiðslna fyrir milligöngu umboðsaðila fyrir hönd greiðandans eða viðtakanda greiðslunnar frá gildissviði tilskipunar 2007/64/EB er beitt með mismunandi hætti í aðildarríkjunum. Tiltekin aðildarríki leyfa að rafrænrir verslunarvettvangar beiti undanþágu og koma þeir þá fram sem milliliðir, bæði fyrir hönd einstakra kaupenda og seljenda án raunverulegra möguleika á að semja um eða ganga frá kaupum eða sölu á vörum eða þjónustu. Slík beiting undanþágu gengur lengra en fyrirhugað gildissvið, sem sett er fram í þeirri tilskipun og getur mögulega aukið áhættu neytenda, þar sem þessir veitendur falla ekki undir vernd lagarammans. Mismunandi beiting reglna raskar einnig samkeppni á greiðslumarkaðnum. Til að taka á þessum vanda ætti undanþágan því að gilda ef umboðsaðilar koma aðeins fram fyrir hönd greiðandans eða aðeins fyrir hönd viðtakanda greiðslunnar, án tillits til þess hvort fjármunir viðskiptavinar eru í vörslu þeirra eða ekki. Ef umboðsaðilar koma bæði fram fyrir hönd greiðandans og viðtakanda greiðslunnar (s.s. tilteknir rafrænrir verslunarvettvangar) ættu þeir aðeins að vera undanþegnir ef þeir hafa ekki á neinum tímapunkti fjármuni viðskiptavinar í vörslu sinni eða undir sinni stjórn.
- 12) Þessi tilskipun ætti ekki að gilda um starfsemi reiðufjárflutningafyrirtækja og reiðufjárstjórnunarfyrirtækja ef starfsemin sem um er að ræða takmarkast við efnislegan flutning peningaseðla og myntar.
- 13) Endurgjöf markaðarins sýnir að greiðslustarfsemin, sem fellur undir undanþágu vegna afmarkaðs þjónustukerfis, felur oft í sér verulegt greiðslumagn og virði og gefur neytendum kost á hundruð eða þúsundum mismunandi afurða og mismunandi þjónustu. Þetta er ekki í samræmi við tilgang undanþágunnar vegna afmarkaðs þjónustukerfis, eins og kveðið er á um í tilskipun 2007/64/EB, og hefur í för með sér meiri áhættu en ekki neina lögverndun greiðsluþjónustunotenda, einkum neytenda, og er greinilega í óhag þátttakenda á skipulegum verðbréfamörkuðum. Til að stuðla að því að takmarka þessa áhættu ætti ekki að vera mögulegt að nota sama miðil til að greiða fyrir vörur og þjónustu innan fleiri en eins af þessum takmörkuðu þjónustukerfum eða til að kaupa ótakmarkað úrval af vöru eða þjónustu. Greiðslumiðill ætti að teljast vera notaður innan afmarkaðs þjónustukerfis ef aðeins er hægt að nota hann við eftirfarandi aðstæður: í fyrsta lagi, til að kaupa vörur og þjónustu í tiltekinni smásöluverslun eða smásölukeðju, þar sem hlutaðeigandi einingar eru tengdar beint með viðskiptasamningi sem t.d. kveður á um notkun eins greiðsluvörumerkis og að viðkomandi greiðsluvörumerki sé notað á sölustöðunum og kemur fram, þar sem það er mögulegt, á greiðslumiðlinum sem unnt er að nota þar; í öðru lagi, til að kaupa mjög afmarkað úrval vara eða þjónustu, s.s. ef gildissvið notkunar afmarkast við takmarkaðan fjölda tengdra vara eða þjónustu, án tillits til landfræðilegrar staðsetningar sölustaðarins; eða í þriðja lagi, ef greiðslumiðillinn fellur undir löggjöf lands- eða svæðisbundins opinbers yfirvalds í félagslegum eða skattalegum tilgangi til að kaupa tilteknar vörur eða þjónustu.
- 14) Greiðslumiðlar sem falla undir undanþáguna vegna afmarkaðs þjónustukerfis gætu verið viðskiptakort, eldsneytiskort, aðildarkort, kort fyrir almenningssamgöngur, bílastæðamiðar, matarmiðar eða miðar fyrir tiltekna þjónustu, sem stundum falla undir sérstakan skatt eða lagaramma sem er til þess ætlaður að stuðla að notkun slíkra greiðslumiðla til að ná þeim markmiðum sem mælt er fyrir um í félagsmálagöggjöf. Ef slíkur búnaður með sérstakan tilgang þróast yfir í almennan búnað gildir undanþágan frá gildissviði þessarar tilskipunar ekki lengur. Búnaður sem hægt er að nota í verslunum skráðra kaupmanna er ekki undanþeginn gildissviði þessarar tilskipunar þar sem slíkur búnaður er venjulega notaður í sístækkandi kerfi þjónustuveitanda. Undanþágan vegna afmarkaðs þjónustukerfis gildir ásamt skyldu mögulegra greiðsluþjónustuveitenda til að tilkynna um starfsemi sem fellur innan gildissviðs hennar.
- 15) Tilskipun 2007/64/EB undanskilur frá gildissviði sínu tilteknar greiðslur sem fram fara um síma- eða upplýsingatæknibúnað ef rekstraraðili netkerfis kemur ekki aðeins fram sem milliliður fyrir afhendingu rafrænna vara og þjónustu fyrir tilstilli þess búnaðar sem um er að ræða heldur eykur einnig virði þessara vara eða þjónustu. Þessi undanþága gerir einkum kleift að greiða fyrir kaup fyrir milligöngu svonefndra rekstraraðila eða með skuldfærslu beint á símreikning sem, í fyrstu með hringitönnum og sérstakri smáskilaboðþjónustu, stuðlar að þróun nýrra viðskiptalíkana á grundvelli sölu á ódýru stafrænu efni og talþjónustu. Þessi þjónusta nær m.a. yfir afþreyingu, á borð við spjall, niðurhal, t.d. á myndböndum, tónlist og leikjum, upplýsingar, s.s. um veður, fréttir, íþróttaréttir, hlutabréf og upplýsingaþjónustu, þátttöku í sjónvarps- og útvarpsútsendingum, s.s. með kosningu, þátttöku í keppnum og veitingu beinnar endurgjafar. Endurgjöf frá markaði sýnir ekki fram á að slíkar færslur, sem neytendur álíta heppilegar við greiðslu á lágum fjárhæðum, hafi orðið að almennri greiðslumiðlunarþjónustu. Vegna tvíræðs orðalags viðkomandi undanþágu hefur hún þó verið framkvæmd með mismunandi hætti í aðildarríkjunum, sem skapað hefur réttaróvissu fyrir rekstraraðila og neytendur og stundum gert greiðslumiðlunarþjónustu kleift að fá ótakmarkaða undanþágu frá gildissviði tilskipunar 2007/64/EB. Því er rétt að skýra og þrengja gildissvið þessarar undanþágu fyrir slíka þjónustuveitendur með því að tilgreina tegundir greiðslna sem hún gildir um.
- 16) Undanþágan fyrir tilteknar greiðslur um síma- eða upplýsingatæknibúnað ætti því að beinast sérstaklega að örgreiðslum fyrir stafrænt efni og talþjónustu. Innleiða ætti skýra tilvísun í greiðslur fyrir kaup á rafrænum miðum til að taka tillit til þróunar í greiðslum, einkum ef viðskiptavinir geta pantað, greitt fyrir, fengið og staðfest rafræna miða hvaðan sem er og hvenær sem er með farsíma eða öðrum búnaði. Rafrænrir miðar gera mögulega og auðveldu veitingu þjónustu sem neytendur gætu annars keypt

í formi pappírsmiða og taka m.a. til flutninga, afþreyingar, bílastæða og aðgangs að vettvangi, en undanskilja efnislegar vörur. Þeir draga þar með úr framleiðslu- og dreifingarkostnaði í tengslum við hefðbundna miðasölu sem byggist á pappírsmiðum og auka þægindi fyrir viðskiptavini með því að bjóða upp á nýjar og einfaldar leiðir til að kaupa miða. Til að draga úr álagi á einingar sem innheimta framlög til góðgerðarmála ætti einnig að undanskilja greiðslur í tengslum við þess háttar framlög. Aðildarríkjum ætti, í samræmi við landslög, að vera frjálst að takmarka undanþáguna við framlög sem innheimt eru fyrir skráðar góðgerðarstofnanir. Undanþágan í heild sinni ætti aðeins að gilda ef virði greiðslna er undir tiltekinni viðmiðunarfrjárhæð til að takmarka hana með skýrum hætti við greiðslur sem bera litla áhættu.

- 17) Sameiginlega evrugreiðslusvæðið (SEPA) hefur auðveldað stofnun „greiðsluvera“ og „innheimtuvera“ innan Sambandsins, sem gera miðlægar greiðslur mögulegar innan sömu samstæðu. Hvað það varðar ættu greiðslur milli móðurfélags og dótturfélaga þess eða milli dótturfélaga sama móðurfélags, sem greiðsluþjónustuveitandi sem tilheyrir sömu samstæðu veitir, að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Söfnun móðurfélags eða dótturfélags þess á greiðslufyrirmælum fyrir hönd samstæðu í þeim tilgangi að áframsenda þau til greiðsluþjónustuveitanda ætti ekki að teljast greiðsluþjónusta að því er varðar þessa tilskipun.
- 18) Tilskipun 2007/64/EB undanskilur frá gildissviði sínu greiðsluþjónustu sem veitt er fyrir milligöngu hraðbanka sem eru óháðir greiðsluþjónustuveitendum sem veita reikningaþjónustu. Sú undanþága hefur örvað vöxt óháðrar hraðbankaþjónustu í mörgum aðildarríkjum, einkum á strjálbýlum svæðum. Það gæti þó leitt til ruglings varðandi úttektargjöld að undanskilja alveg þennan ört vaxandi hluta hraðbankamarkaðarins frá gildissviði þessarar tilskipunar. Við aðstæður sem ná yfir landamæri gæti þetta leitt til tvöfaldrar gjaldtöku fyrir sömu úttektina af hálfu greiðsluþjónustuveitandans sem veitir reikningaþjónustuna og þess sem veitir hraðbankaþjónustuna. Til að viðhalda veitingu hraðbankaþjónustu, og til að tryggja um leið skýrleika að því er varðar úttektargjöld, þykir af þessum sökum rétt að viðhalda undanþágunni en krefjast þess að rekstraraðilar hraðbanka uppfylli sérstök gagnsæisákvæði þessarar tilskipunar. Þar að auki ættu gjöld sem rekstraraðilar hraðbanka innheimta ekki að hafa áhrif á reglugerð (EB) nr. 924/2009.
- 19) Þjónustuveitendur sem vilja njóta ávinnings af undanþágu frá gildissviði tilskipunar 2007/64/EB hafa oft ekki haft samráð við yfirvöld um það hvort starfsemi þeirra fellur undir tilskipunina eða er undanskilin henni, en hafa þess í stað treyst á eigið mat. Þetta hefur leitt til mismunandi beitingar á tilteknum undanþágum í aðildarríkjunum. Svo virðist einnig vera að greiðsluþjónustuveitendur kunni að hafa notað sumar undanþágur til að endurhanna viðskiptalikön þannig að greiðslustarfsemin sem boðin er myndi falla utan gildissviðs þeirrar tilskipunar. Þetta getur haft í för með sér aukna áhættu fyrir greiðsluþjónustunotendur og mismunandi skilyrði fyrir greiðsluþjónustuveitendur á innri markaðnum. Því ætti að skylda þjónustuveitendur til að tilkynna um viðeigandi starfsemi til lögbærra yfirvalda til að lögbær yfirvöld geti metið hvort kröfurnar sem settar eru fram í viðkomandi ákvæðum séu uppfylltar og til að tryggja einsleita túlkun á reglunum alls staðar á innri markaðnum. Einkum ætti, að því er varðar allar undanþágur sem byggjast á því að virða viðmiðunarfrjárhæð, að kveða á um tilkynningaraðferð til að tryggja að farið sé að sértæku kröfunum.
- 20) Þar að auki er mikilvægt að gera kröfu um að mögulegir greiðsluþjónustuveitendur tilkynni lögbærum yfirvöldum um starfsemina sem þeir stunda innan ramma afmarkaðs þjónustukerfis á grundvelli viðmiðananna sem sett eru fram í þessari tilskipun ef virði greiðslna fer yfir tiltekna viðmiðunarfrjárhæð. Lögbær yfirvöld ættu að meta hvort starfsemi sem tilkynnt er um getur talist vera starfsemi sem veitt er innan ramma afmarkaðs þjónustukerfis.
- 21) Skilgreiningin á greiðsluþjónustu ætti að vera tæknilega hlutlaus og ætti að gera kleift að þróa nýjar tegundir greiðsluþjónustu á sama tíma og hún tryggir jafngild rekstrarskilyrði bæði fyrir núverandi og nýja greiðsluþjónustuveitendur.
- 22) Þessi tilskipun ætti að fylgja nálguninni sem notuð er í tilskipun 2007/64/EB sem nær yfir allar tegundir rafrænnar greiðsluþjónustu. Því væri ekki heldur rétt að nýju reglurnar gildi um þjónustu ef millifærsla á fjármunum frá greiðanda til viðtakanda greiðslu eða flutningur þeirra fer einvörðungu fram í peningaseðlum og mynt eða ef millifærsla byggist á pappírásávisunum, pappírsvíxlum, pappírsskuldabréfum eða öðrum gerningum, pappírúttektarseðlum eða kortum sem eru gefin út á greiðsluþjónustuveitanda eða annan aðila og miðast við að afhenda viðtakanda greiðslu fé til ráðstöfunar.
- 23) Þessi tilskipun ætti ekki að gilda um greiðslur með reiðufé þar sem markaður fyrir stakar greiðslur með reiðufé er þegar fyrir hendi. Þessi tilskipun ætti heldur ekki að gilda um greiðslur á grundvelli pappírásávisana sem vegna eðlis þeirra er ekki unnt að meðhöndla með jafn skilvirkum hætti og aðra greiðslumiðla. Góðar starfsvenjur á þessu sviði skulu þó grundvallast á meginreglunum sem settar eru fram í þessari tilskipun.
- 24) Nauðsynlegt er að tilgreina þá flokka greiðsluþjónustuveitenda sem mega á lögmætan hátt veita greiðsluþjónustu alls staðar í Sambandinu, þ.e. lánastofnanir, sem taka við innlánnum frá notendum, sem nota má til að fjármagna greiðslur, og skulu falla áfram

undir varfæriskröfurnar, sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB⁽¹⁰⁾, rafeyrisstofnanir sem gefa út rafeyri, sem unnt er að nota til að fjármagna greiðslur, og skulu falla áfram undir varfæriskröfurnar, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2009/110/EB, greiðslustofnanir og póstagirðstofnanir sem hafa tilskilin leyfi samkvæmt landslögum. Beiting þess lagaramma ætti að takmarkast við þjónustuveitendur sem veita greiðsluþjónustu sem reglubundna starfsemi eða atvinnustarfsemi í samræmi við þessa tilskipun.

- 25) Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur um framkvæmd greiðslna ef fjármunirnir eru rafeyrir eins og skilgreint er í tilskipun 2009/110/EB. Í þessari tilskipun eru þó ekki settar reglur um útgáfu rafeyris eins og kveðið er á um í tilskipun 2009/110/EB. Greiðslustofnunum ætti því ekki að vera heimilt að gefa út rafeyri.
- 26) Með tilskipun 2007/64/EB er komið á varfærnisfyrirkomulagi sem kemur á einu leyfi fyrir alla greiðsluþjónustuveitendur sem tengjast ekki viðtöku innlána eða útgáfu rafeyris. Í því skyni innleiðir tilskipun 2007/64/EB nýjan flokk greiðsluþjónustuveitenda, nánar tiltekið „greiðslustofnanir“, með því að kveða á um starfsleyfi til handa lögaðilum utan þeirra flokka sem fyrir eru, að uppfylltum ströngum og ítarlegum skilyrðum, til að veita greiðsluþjónustu alls staðar í Sambandinu. Þannig ættu sömu skilmálar að gilda í öllu Sambandinu um þess háttar þjónustu.
- 27) Frá því að tilskipun 2007/64/EB var samþykkt hafa nýjar tegundir greiðsluþjónustu komið fram, einkum á sviði netgreiðslna. Einkum hefur greiðslufyrirmælaþjónusta þróast á sviði rafrænnar verslunar þessi greiðsluþjónusta hefur hlutverki að gegna í greiðslum þegar um er að ræða rafræna verslun með því að koma á hugbúnaðarbrú milli vefseturs söluaðila og netbankavettvangs greiðsluþjónustuveitanda sem veitir greiðandanum reikningaþjónustu til að gefa fyrirmæli um netgreiðslur á grundvelli millifærslu fjármuna.
- 28) Þar að auki hefur tækniþróun haft í för með sér að fram hefur komið ýmiss konar viðbótarþjónusta á undanförunum árum, s.s. upplýsingaþjónusta um reikninga. Þessi þjónusta veitir greiðsluþjónustunotanda samanteknar upplýsingar gegnum veraldarvefinn um einn eða fleiri greiðslureikninga hjá einum eða fleiri greiðsluþjónustuveitendum sem eru aðgengilegir um netskilfleti hjá upplýsingaþjónustu greiðsluþjónustuveitanda. Þannig getur greiðsluþjónustunotandinn haft yfirsýn yfir fjárhagsstöðu sína án tafar hvenær sem er. Slík þjónusta ætti einnig að falla undir þessa tilskipun til að veita neytendum fullnægjandi vernd fyrir greiðslu- og reikningsupplýsingar þeirra sem og réttarvissu um stöðu veitenda upplýsingaþjónustu um reikninga.
- 29) Greiðslufyrirmælaþjónusta gerir veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu kleift að fullvissa viðtakanda greiðslu um að fyrirmæli um greiðslu hafa verið gefin til að hvetja viðtakanda greiðslu til að láta vörurnar af hendi eða veita þjónustuna án ástæðulausrar tafar. Slík þjónusta er ódýr laus bæði fyrir söluaðila og neytendur og gefur neytendum möguleika á að versla á Netinu jafnvel án þess að eiga greiðslukort. Þar sem greiðslufyrirmælaþjónusta fellur eins og er ekki undir tilskipun 2007/64/EB er hún ekki endilega undir eftirliti lögbærs yfirvalds og þarf ekki að uppfylla kröfur tilskipunar 2007/64/EB. Þetta hefur í för með sér ýmis lagaleg álitæfni á borð við neytendavernd, öryggi og bótaábyrgð auk samkeppnis- og gagnaverndarmálefna, einkum að því er varðar verndun gagna greiðsluþjónustunotenda í samræmi við gagnaverndarreglur Sambandsins. Í nýju reglunum ættu því að bregðast við þessum álitæfnum.
- 30) Persónusniðin öryggisskilríki sem greiðsluþjónustunotandinn eða veitandi greiðslufyrirmælaþjónustunnar notar til öruggrar sannvottunar viðskiptavinar eru alla jafnan þau sem greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningaþjónustu gefur út. Veitendur greiðslufyrirmælaþjónustu eiga ekki endilega í samningssambandi við greiðsluþjónustuveitandann sem veitir reikningaþjónustu og, óháð viðskiptalíkani veitenda greiðslufyrirmælaþjónustu, ættu veitendur reikningaþjónustu að gera veitendum greiðslufyrirmælaþjónustu kleift að treysta á sannvottunarferlið sem veitendur reikningaþjónustu beita til að gefa fyrirmæli um tiltekna greiðslu fyrir hönd greiðanda.
- 31) Þegar veitandi greiðslufyrirmælaþjónustu veitir eingöngu greiðslufyrirmælaþjónustu varðveitir hann aldrei fjármuni notandans í greiðslukeðjunni. Þegar veitandi greiðslufyrirmælaþjónustu fyrirhugar að veita greiðslufyrirmælaþjónustu sem felur í sér varðveislu á fjármunum notandans ætti hann að fá fullt leyfi fyrir þeirri þjónustu.
- 32) Greiðslufyrirmælaþjónusta byggist á beinum eða óbeinum aðgangi veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu að reikningi greiðandans. Greiðsluþjónustuveitandi, sem veitir reikningaþjónustu sem kemur á fyrirkomulagi fyrir óbeinan aðgang, ætti einnig að heimila

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

beinan aðgang fyrir veitendur greiðslufyrirmælaþjónustu.

- 33) Þessi tilskipun ætti að miða að því að tryggja samfellu á markaði, gera núverandi og nýjum þjónustuveitendum kleift, án tillits til viðskiptalíkans þeirra, að bjóða þjónustu sína innan regluramma sem er skýr og samræmdur. Þar til þessar reglur koma til framkvæmda, án þess að hafa áhrif á þörfina að tryggja öryggi greiðslna og neytendavernd gegn sannanlegri hættu á svikum, ættu aðildarríki, framkvæmdastjórnin, Seðlabanki Evrópu og Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaftirlitsstofnunin), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010⁽¹¹⁾, að tryggja sanngjarna samkeppni á þeim markaði og koma í veg fyrir að núverandi þátttakendur á markaðnum verði fyrir óréttletanlegri mismunun. Greiðsluþjónustuveitendur, þ.m.t. greiðsluþjónustuveitandi sem veitir greiðsluþjónustunotanda reikningaþjónustu, ættu að geta boðið greiðslufyrirmælaþjónustu.
- 34) Þessi tilskipun breytir ekki verulega skilyrðunum sem greiðslustofnun þarf að fullnægja til að fá og viðhalda starfsleyfi. Eins og í tilskipun 2007/64/EB eru meðal skilyrða fyrir veitingu og viðhaldi starfsleyfis fyrir greiðslustofnanir varfærniskröfur sem eru í réttu hlutfalli við rekstraráhættu og fjárhagslega áhættu sem fylgja starfsemi þess háttar stofnana. Í því sambandi er þörf fyrir traustar reglur um stofnfjárframlag og bindingu fjármagns vegna starfseminnar (*e. ongoing capital*) sem gæti með tímanum verið unnt að þróa áfram og endurbæta eftir þörfum markaðarins. Vegna mikillar fjölbreytni á sviði greiðsluþjónustu skulu, með tilskipun þessari, leyfðar ýmsar aðferðir og nokkurt val að því er varðar eftirlit til að tryggja að sama áhætta fái sömu meðferð með tilliti til allra greiðsluþjónustuveitenda. Í kröfum til greiðslustofnana ætti að taka tillit til þess að starfsemi greiðslustofnana er sérhæfðari og takmarkaðri og áhætta, sem þar myndast, er þess vegna þrengri og auðveldari í vöktun og eftirliti en sú áhætta sem skapast í umfangsmeiri starfsemi lánastofnana. Einkum ætti greiðslustofnunum að vera bannað að taka við innlögnum frá notendum og aðeins heimilt að nota fjármagn, sem þær fá frá notendum, til að veita greiðsluþjónustu. Varfærnisreglurnar sem krafist er, þ.m.t. stofnfé, ættu að vera í samræmi við áhættuna að því er varðar viðkomandi greiðsluþjónustu sem greiðslustofnunin veitir. Greiðsluþjónustuveitendur, sem aðeins veita greiðslufyrirmælaþjónustu, ættu að teljast bera miðlungs áhættu að því er varðar stofnfé.
- 35) Veitendur greiðslufyrirmælaþjónustu og veitendur upplýsingaþjónustu um reikninga varðveita ekki fjármuni viðskiptavina ef þeir veita einungis þá þjónustu. Því væri ótilhlýðilegt að leggja kröfur vegna eiginfjárgrunnis á þessa nýju markaðsaðila. Það er þó mikilvægt að þeir geti sinnt skyldum sínum í tengslum við starfsemi sína. Það ætti því að krefjast þess að þeir hafi annað hvort starfsábyrgðartryggingu eða sambærilega ábyrgðaryfirlýsingu. Evrópska bankaftirlitsstofnunin ætti að útfæra viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um viðmiðanirnar sem aðildarríki ættu að nota til að ákvarða lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar eða sambærilegrar ábyrgðaryfirlýsingar. Evrópska bankaftirlitsstofnunin ætti ekki að gera greinarmun á starfsábyrgðartryggingu og sambærilegri ábyrgðaryfirlýsingu þar sem þær ættu að vera víxlanlegar.
- 36) Til að komast hjá því að staðfesturétturinn sé misnotaður er nauðsynlegt að krefjast þess að greiðslustofnunin sem óskar eftir starfsleyfi í aðildarríkinu veiti a.m.k. hluta af greiðsluþjónustu sinni í því aðildarríki.
- 37) Setja ætti ákvæði vegna fjármuna greiðsluþjónustunotenda sem haldið skal aðskildum frá fjármunum greiðslustofnana. Kröfur um verndarráðstafanir eru nauðsynlegar ef greiðslustofnun hefur fjármuni greiðsluþjónustunotanda í vörslu sinni. Ef sama greiðslustofnun framkvæmir greiðslu fyrir bæði greiðanda og viðtakanda greiðslu og lánalína er veitt greiðanda gæti verið rétt að vernda fjármunina í þágu viðtakanda greiðslunnar þegar þeir leggja fram kröfu viðtakanda greiðslu á greiðslustofnuna. Greiðslustofnanir skulu einnig falla undir skilvirkar kröfur um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- 38) Þessi tilskipun breytir ekki kvöð greiðslustofnana um skýrslugjöf um reikninga eða skyldu þeirra til að gera úttekt á árs- og samstæðureikningsskilum sínum. Þess skal krafist að greiðslustofnanir geri árs- og samstæðureikningsskil sín í samræmi við tilskipun ráðsins 86/635/EBE⁽¹²⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB⁽¹³⁾. Endurskoða skal ársreikninga og samstæðureikningsskil nema greiðslustofnunin sé undanþegin þeirri skyldu samkvæmt þessum tilskipunum.
- 39) Þegar greiðsluþjónustuveitendur annast eina gerð greiðsluþjónustu eða fleiri, af þeim sem falla undir þessa tilskipun, ættu þeir ávallt að hafa greiðslureikninga sem notaðir eru einvörðungu vegna greiðslna. Til að gera greiðsluþjónustuveitendum kleift að veita greiðsluþjónustu er nauðsynlegt að þeir geti opnað reikninga hjá lánastofnunum og viðhaldið þeim. Aðildarríki skulu sjá til þess að aðgengi að slíkum reikningum sé veitt með hætti sem hefur ekki mismunun í för með sér og í réttihlutfalli við það löglega markmið sem stefnt er að. Aðgangur getur verið einfaldur en hann ætti ávallt að vera nægilega ítarlegur til að greiðslustofnunin

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópski eftirlitsstofnun (Evrópska bankaftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

⁽¹²⁾ Tilskipun ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana (Stjtið. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1).

⁽¹³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinnar tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtið. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

geti veitt þjónustu sína með óhindruðum og skilvirkum hætti.

- 40) Með þessari tilskipun eru einungis settar reglur um lánveitingar greiðslustofnana, þ.e. veiting lánsheimilda og útgáfa kreditkorta, ef þær eru í nánum tengslum við greiðsluþjónustu. Einungis ef veitt er lán í því skyni að auðvelda greiðsluþjónustu og þess háttar lán er til skamms tíma og tímabilið, sem það er veitt fyrir, er allt að tólf mánuðir, þ.m.t. með sjálfvirkri framlengingu, er rétt að heimila greiðslustofnunum að veita slíkt lán að því er varðar starfsemi þeirra yfir landamæri, með því skilyrði að það sé endurfjármagnað með því að nota aðallega eigið fjármagn greiðsluþjónustunnar, sem og annað fjármagn frá fjármagnsmörkuðum, en þó ekki fjármuni sem þær varðveita fyrir hönd viðskiptavina vegna greiðsluþjónustu. Slíkar reglur ættu hvorki að hafa áhrif á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB⁽¹⁴⁾ né önnur viðkomandi lög Sambandsins eða landsráðstafanir varðandi skilyrði um veitingu lána til neytenda sem ekki eru samræmdar samkvæmt þessari tilskipun.
- 41) Almennt hefur samstarfið milli lögbærra landsyfirvalda, sem bera ábyrgð á veitingu starfsleyfa til greiðslustofnana, framkvæmd eftirlits og ákvörðun um afturköllun veittra starfsleyfa, verið fullnægjandi. Þó ætti að efla samstarf milli lögbærra yfirvalda, bæði að því er varðar upplýsingaskipti sem og samræmda beitingu og túlkun á þessari tilskipun, ef greiðslustofnun sem hefur starfsleyfi myndi vilja bjóða greiðsluþjónustu í öðru aðildarríki en heimaaðildarríki sínu, við neytingu staðfesturéttar eða frelsis til að veita þjónustu yfir landamæri (e. *passporting*), þ.m.t. fyrir milligöngu Netsins. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að hjálpa til við að leysa deilumál milli lögbærra yfirvalda í tengslum við samstarf yfir landamæri í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1093/2010. Hún ætt einnig að semja frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum um samstarf og gagnaskipti.
- 42) Til að auka gagnsæi í starfsemi greiðslustofnana sem hafa fengið leyfi eða eru skráðar hjá lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu, þ.m.t. umboðsaðilar þeirra, og til að tryggja öfluga neytendavernd í Sambandinu, er nauðsynlegt að tryggja auðveldan aðgang almennings að skráum yfir einingar sem veita greiðsluþjónustu. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti því að þróa og starfrækja miðlæga skrá sem hún birtir sem skrá yfir nöfn eininga sem bjóða greiðsluþjónustu. Aðildarríki ættu að tryggja að gögnin sem þau veita séu uppfærð reglulega. Þessar ráðstafanir ættu einnig að stuðla að því að samstarf milli lögbærra yfirvalda sé aukið.
- 43) Auka ætti aðgengi að nákvæmum, uppfærðum upplýsingum með því að fara fram á að greiðslustofnanir upplýsi lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki sínu, án ótilhlýðilegrar tafar, um allar breytingar sem hafa áhrif á nákvæmni upplýsinganna og gagnanna sem lögð eru fram að því er varðar leyfisveitinguna, þ.m.t. viðbótar umboðsaðilar eða einingar sem starfsemi er útvistuð til. Lögbær yfirvöld ættu einnig, ef um vafa er að ræða, að sannreyna að upplýsingarnar sem tekið er við séu réttar.
- 44) Aðildarríki ættu að geta krafist þess að greiðslustofnanir sem starfa á yfirráðasvæði þeirra, sem hafa aðalskrifstofu í öðru aðildarríki, tilkynni þeim reglulega um starfsemi sína á yfirráðasvæði þeirra í upplýsingaskyni eða tölfræðilegum tilgangi. Ef þessar greiðslustofnanir starfa samkvæmt staðfesturéttinum ætti að vera mögulegt að nota einnig þessar upplýsingar til að hafa eftirlit með því að farið sé að III. og IV. bálki þessarar tilskipunar og aðildarríki ættu að geta krafist þess að þessar greiðslustofnanir tilnefni aðaltengilið á yfirráðasvæði sínu til að auðvelda eftirlit lögbærra yfirvalda með netkerfi umboðsaðila. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að semja frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem setja fram viðmiðanirnar til að ákvarða hvenær viðeigandi er að tilnefna aðaltengilið og hvert hlutverk hans skuli vera. Krafan um að tilnefna aðaltengilið ætti að samrýmast markmiðinu um fullnægjandi upplýsinga- og skýrslugjöf um hvort farið er að III. og IV. bálki í gístiaðildarríkinu.
- 45) Í neyðartilvikum, ef nauðsynlegt er að grípa til tafarlausra aðgerða til að taka á alvarlegri ógn gegn sameiginlegum hagsmunum greiðsluþjónustunotenda í gístiaðildarríkinu, s.s. stórfelldum svikum, ætti að vera mögulegt fyrir lögbær yfirvöld í gístiaðildarríkinu að gera varúðarráðstafanir samhliða samstarfi yfir landamæri milli lögbærra yfirvalda í gísti- og heimaaðildarríkinu og þar til lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu hafa gert ráðstafanir. Þessar ráðstafanir ættu að vera viðeigandi, í réttu hlutfalli við markmiðið, án mismununar og tímabundnar í eðli sínu. Allar ráðstafanir ættu að vera vel rökstuddar. Upplýsa ætti lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki viðkomandi greiðslustofnunar og önnur hlutaðeigandi yfirvöld, s.s. framkvæmdastjórnina og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, fyrirfram eða, ef það er ekki mögulegt í ljósi neyðarástandsins, án ástæðulausrar tafar.
- 46) Þótt tilgreindar séu lágmarksvaldheimildir í þessari tilskipun sem lögbær yfirvöld ættu að hafa við eftirlit með reglufylgni greiðslustofnana ætti að beita þessu valdi með fullri virðingu fyrir grundvallarréttindum, þ.m.t. réttinum til friðhelgi einkalífs. Án þess að hafa áhrif á eftirlit óháðs yfirvalds (landsbundins gagnaverndaryfirvalds) og í samræmi við sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi ættu aðildarríkin að hafa fullnægjandi og skilvirkar verndarráðstafanir ef beiting þessara valdheimilda gæti mögulega leitt til misnotkunar eða gerræðis sem myndi skerða verulega slík réttindi, t.d., eftir því sem við á, með fyrirframleyfi

⁽¹⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánsamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 87/102/EBE (Stjtið. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66.)

dómsyfirvalda hlutaðeigandi aðildarríkis.

- 47) Mikilvægt er að tryggja að allir aðilar sem veita greiðsluþjónustu falli undir mörk tiltekinna lágmarkskrafna samkvæmt lögum og reglum. Því þykir rétt að krefjast skráningar á auðkennum og dvalarstað allra aðila sem veita greiðsluþjónustu, þ.m.t. aðila sem geta ekki uppfyllt öll skilyrðin til að fá starfsleyfi sem greiðslustofnanir. Slík nálgun er í samræmi við grunnforsendu VI. í sérstökum tilmælum fjármálaaðgerðahópsins um peningaþvætti sem kveður á um fyrirkomulag sem leiðir til þess að litið verði á greiðsluþjónustuveitendur sem greiðslustofnanir, jafnvel þótt þeir uppfylli ekki öll skilyrðin sem sett eru fram í þeim tilmælum. Í þessu skyni ættu aðildarríkin að færa aðila, jafnvel þegar þeir eru undanþegnir öllum eða hluta af skilyrðunum fyrir starfsleyfi, á skrána yfir greiðslustofnanir. Mikilvægt er þó að möguleikinn á undanþágu sé háður ströngum skilyrðum að því er varðar fjárhæð greiðslna. Greiðslustofnanir, sem hefur verið veitt undanþága, ættu hvorki að hafa staðfesturétt né frelsi til að veita þjónustu og ættu ekki að beita þessum réttindum óbeint þegar þær eru aðilar að greiðslukerfi.
- 48) Í ljósi sérstaks eðlis starfseminnar sem stunduð er og áhættunnar sem tengist veitingu upplýsingaþjónustu um reikninga þykir rétt að kveða á um sérstakt varfærnisfyrirkomulag fyrir veitendur upplýsingaþjónustu um reikninga. Veitendur upplýsingaþjónustu um reikninga ættu að hafa heimild til að veita þjónustu yfir landamæri, með því að nýta sér regluna um leyfi til að veita þjónustu yfir landamæri.
- 49) Mikilvægt er fyrir greiðsluþjónustuveitendur að hafa aðgang að þjónustu tæknilegra grunnvirkja greiðslukerfa. Slíkur aðgangur ætti þó vera háður viðeigandi kröfum til að tryggja heildstæði og stöðugleika þessara kerfa. Greiðsluþjónustuveitendur, sem sækja um aðild að greiðslukerfi, ættu að bera áhættuna af eigin vali á kerfi og færa sönnur á það gagnvart greiðslukerfinu að innra fyrirkomulag þeirra sé nægilega vel varið gegn hvers konar áhættu. Algengt er að í þessum greiðslukerfum séu kortakerfi fjögurra aðila og stór kerfi sem annast millifærslu fjármuna og beingreiðslur. Nauðsynlegt er, til að tryggja jafna meðferð alls staðar í Sambandinu, s.s. á mismunandi flokkum greiðsluþjónustuveitenda sem hafa starfsleyfi í samræmi við skilmála leyfis þeirra, að skýra reglurnar um aðgang að greiðslukerfum.
- 50) Kveðið skal á um meðferð án mismununar á greiðslu- og lánastofnunum, sem hafa starfsleyfi, til að greiðsluþjónustuveitandi sem keppir á innri markaðnum geti notað þjónustu tæknilegs grunnvirkis þessara greiðslukerfa með sömu skilmálum. Rétt er að kveða á um mismunandi meðferð greiðsluþjónustuveitenda með starfsleyfi og þeirra sem njóta undanþágu samkvæmt þessari tilskipun, sem og skv. 3. gr. tilskipunar 2009/110/EB vegna mismununar á varfærniramma þeirra, eftir því sem við á. Í öllum tilvikum skal aðeins leyfa mismun á verðlagningu þegar hann ákvarðast af mismunandi kostnaði sem greiðsluþjónustuveitendur stofna til. Þetta skal vera með fyrirvara um rétt aðildarríkjanna til að takmarka aðgang að mikilvægum kerfum innan kerfisins í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB⁽¹⁵⁾ og með fyrirvara um hæfi Seðlabanka Evrópu og seðlabankakerfis Evrópu að því er varðar aðgengi að greiðslukerfum.
- 51) Tilskipun þessi er með fyrirvara um gildissvið tilskipunar 98/26/EB. Til að tryggja sanngjarna samkeppni milli greiðsluþjónustuveitenda ætti þátttakandi þó, í tilnefndu greiðslukerfi sem fellur undir skilyrðin í tilskipun 98/26/EB, sem veitir viðurkenndum eða skráðum greiðsluþjónustuveitanda þjónustu í tengslum við slíkt kerfi, einnig, ef hann er beðinn um það, að veita öðrum viðurkenndum eða skráðum greiðsluþjónustuveitanda aðgang að slíkri þjónustu á hlutlægan, hóflegan hátt og án mismununar. Greiðsluþjónustuveitendur sem fá slíkan aðgang ættu þó ekki að teljast vera þátttakendur eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun 98/26/EB og ættu því ekki að njóta verndar sem veitt er samkvæmt þeirri tilskipun.
- 52) Ákvæði um aðgang að greiðslukerfum ættu ekki að gilda um kerfi sem einn greiðsluþjónustuveitandi setur upp og rekur. Slík greiðslukerfi geta starfað hvort sem er í beinni samkeppni við greiðslukerfi eða, sem er algengara, í markaðskima sem greiðslukerfi taka ekki fyllilega til. Slík kerfi eru kerfi þriggja aðila, s.s. kortakerfi þriggja aðila, að því marki sem þau starfa aldrei í reynd sem kerfi fjögurra aðila, t.d. með því að treysta á leyfishafa, umboðsaðila eða samstarfsaðila um sameiginlega vörumerkjastjórnun. Slík kerfi fela einnig venjulega í sér greiðsluþjónustu veitenda fjarskiptaþjónustu, þar sem rekstraradili kerfisins er bæði greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og viðtakanda greiðslu, og innri kerfi bankasamstæða. Til að örva samkeppnina sem þess háttar lokuð greiðslukerfi geta veitt rótgrónum, hefðbundnum greiðslukerfum, væri ekki við hæfi að veita þriðju aðilum aðgang að þessum lokuðu einkagreiðslukerfum. Slík lokuð kerfi ættu þó ávallt vera háð ákvæðum samkeppnislaga í Sambandinu og einstökum aðildarríkjum, sem kunna að gera kröfu um að aðgangur sé veittur að kerfinu í því skyni að viðhalda skilvirkri samkeppni á greiðsluþjónustumarkaðnum.

⁽¹⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf (Stjtið. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45).

- 53) Þar eð neytendur og fyrirtæki eru ekki í sömu aðstöðu þurfa þau ekki sams konar vernd. Þótt mikilvægt sé að tryggja rétt neytenda með ákvæðum, sem ekki er unnt að víkja frá með samningi, er sanngjart að gefa fyrirtækjum og stofnunum tækifæri á að semja um annað þegar þau hafa ekki samskipti við neytendur. Aðildarríki ættu þó að geta kveðið á um að örfyrirtæki, eins og þau eru skilgreind í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB⁽¹⁶⁾, séu meðhöndluð eins og neytendur. Í öllum tilvikum gilda tiltekin meginákvæði þessarar tilskipunar án tillits til stöðu notanda.
- 54) Í þessari tilskipun ætti að tilgreina skyldur greiðsluþjónustuveitenda að því er varðar veitingu upplýsinga til notenda greiðsluþjónustu sem ættu alls staðar að fá jafn góðar og skýrar upplýsingar um greiðsluþjónustu til að geta tekið vel upplýstar ákvarðanir og geta valið að vild innan Sambandsins. Í þessari tilskipun ætti, til að gæta gagnsæis, að mæla fyrir um þær samræmdu kröfur sem þarf til að tryggja að nauðsynlegar, fullnægjandi og skiljanlegar upplýsingar séu veittar notendum greiðsluþjónustu að því er varðar greiðsluþjónustusamninga og greiðslur. Til að greiða fyrir því að greiðsluþjónustan á innri markaðnum gangi snurðulaust fyrir sig ættu aðildarríkin aðeins að samþykkja þau ákvæði um upplýsingar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
- 55) Vernda ætti neytendur gegn óheiðarlegum og misvísandi starfsvenjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB⁽¹⁷⁾ og tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB⁽¹⁸⁾, 2002/65/EB⁽¹⁹⁾, 2008/48/EB, 2011/83/ESB⁽²⁰⁾ og 2014/92/ESB⁽²¹⁾. Ákvæði þessara tilskipana gilda þó áfram. Skýra skal þó sérstaklega tengslin sem eru á milli krafna um upplýsingar, sem veittar eru áður en samningur er gerður, þessarar tilskipunar og tilskipunar 2002/65/EB.
- 56) Til að tryggja skilvirkni ættu upplýsingarnar, sem krafist er, að vera í réttu hlutfalli við þarfir notenda og veittar á stöðluðu sniði. Kröfur um upplýsingar fyrir staka greiðslu ættu þó að vera frábrugðnar kröfum vegna rammasamnings þar sem kveðið er á um röð greiðslna.
- 57) Í framkvæmd eru greiðslur og rammasamningar um þær mun algengari og skipta meira máli í efnahagslegu tilliti en stakar greiðslur. Ef um er að ræða greiðslureikning eða sérstakan greiðslumiðil er gerð krafa um rammasamning. Af þeim sökum ættu kröfur um fyrirframupplýsingar um rammasamninga að vera ítarlegar og upplýsingarnar ætti ávallt að leggja fram á pappír eða öðrum varanlegum miðli, t.d. á útprentuðu reikningsyfirliti, geisladiskum (CD-ROM, DVD), hörðum diskum einkatölva þar sem unnt er að varðveita rafrænan póst og á vefsetrum á Netinu, að því tilskildu að vefsetrin séu aðgengileg til notkunar síðar og svo lengi sem það þjónar tilgangi upplýsinganna og unnt er að afrita upplýsingarnar, sem þar eru geymdar, óbreyttar. Þó skulu greiðsluþjónustuveitandi og notandi greiðsluþjónustu geta samið um það í rammasamningnum hvernig upplýsingar um framkvæmdar greiðslur séu veittar síðar meir, t.d. að í Netbanka sé öllum upplýsingum um greiðslureikninginn komið á framfæri á Netinu.
- 58) Í stökum greiðslum skal aðeins gefa nauðsynlegar upplýsingar og einungis að frumkvæði greiðsluþjónustuveitandans. Þar eð greiðandi er yfirleitt viðstaddur þegar hann gefur greiðslufyrirmælin ætti ekki að vera nauðsynlegt að krefjast þess að upplýsingarnar skuli í öllum tilvikum veittar á pappír eða á öðrum varanlegum miðli. Greiðsluþjónustuveitandinn ætti að geta veitt upplýsingar munnlega við afgreiðsluborðið eða gert þær aðgengilegar með öðrum hætti, t.d. með því að hafa skilmálana á upplýsingatöflu í starfsstöð. Einnig ætti að veita upplýsingar um hvar má finna aðrar ítarlegri upplýsingar, t.d. á vefsetrinu. Óski neytandi eftir því skal þó veita nauðsynlegar upplýsingar á pappír eða á öðrum varanlegum miðli.
- 59) Í þessari tilskipun ætti að kveða á um rétt neytanda til að fá viðeigandi upplýsingar ókeypis áður en hann er bundinn af greiðsluþjónustusamningi. Neytendur ættu einnig að geta beðið um fyrirframupplýsingar og rammasamninginn á pappír, án endurgjalds, hvenær sem er meðan samningssambandið varir til að þeir geti borið saman þjónustu greiðsluþjónustuveitenda og skilmála þeirra og, í ágreiningsmálum, gengið úr skugga um réttindi sín og skyldur samkvæmt samningnum og þar með viðhaldið

⁽¹⁶⁾ Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

⁽¹⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 (Stjtið. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22).

⁽¹⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum (Stjtið. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1).

⁽¹⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB (Stjtið. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16).

⁽²⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB frá 25. október 2011 um réttindi neytenda, um breytingu á tilskipun ráðsins 93/13/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 85/577/EBE og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 64).

⁽²¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/92/ESB frá 23. júlí 2014 um samanburð gjalda er varða greiðslureikninga, skipti á greiðslureikningum og aðgengi að almennum greiðslureikningum (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 214).

öflugri neytendavernd. Þessi ákvæði skulu samrýmast ákvæðum tilskipunar 2002/65/EB. Skýr ákvæði um ókeypis upplýsingar í þessari tilskipun ættu ekki hafa þau áhrif að taka megi gjöld fyrir veitingu upplýsinga til neytenda samkvæmt öðrum tilskipunum sem í gildi eru.

- 60) Í þeirri aðferð sem greiðsluþjónustuveitandi beitir við veitingu tilskilinna upplýsinga til notanda greiðsluþjónustunnar ætti að hafa hliðsjón af þörfum hins síðarnefnda svo og af hagnýtum tækniþáttum og kostnaðarhagkvæmni sem fer eftir því sem er ákveðið í viðkomandi samningi um greiðsluþjónustuna. Í þessari tilskipun ætti þannig að greina á milli tveggja aðferða sem greiðsluþjónustuveitandinn notar þegar hann veitir upplýsingar: annaðhvort ætti að veita upplýsingarnar, þ.e. greiðsluþjónustuveitandinn lætur þær beinlínis í té á réttum tíma, eins og gerð er krafa um í þessari tilskipun, án þess að notandi greiðsluþjónustunnar fari frekar fram á það, eða upplýsingunum ætti að koma á framfæri við notanda greiðsluþjónustu með tilliti til þeirra óska sem hann kann að hafa um frekari upplýsingar. Í seinna tilvikinu ætti notandi greiðsluþjónustu að afla sér upplýsinga með virkum hætti, s.s. með því að biðja greiðsluþjónustuveitandann um þær beint, tengjast Netbanka eða setja bankakort í kortalesara til að fá reikningsyfirlit. Greiðsluþjónustuveitandi ætti af þessum sökum að sjá til þess að aðgangur að upplýsingunum sé opin og að þeim sé komið á framfæri við notanda greiðsluþjónustunnar.
- 61) Auk þess ætti neytandi að fá grunnupplýsingar um framkvæmdar greiðslur án aukagjalds. Þegar um er að ræða staka greiðslu ætti greiðsluþjónustuveitandi ekki að taka sérstakt gjald fyrir þær upplýsingar. Eins ætti að veita mánaðarlegar upplýsingar um greiðslur samkvæmt rammasamningi þaðan í frá án endurgjalds. Aðilar ættu þó, að teknu tilliti til mismunandi þarfa viðskiptavina og þess hve gagnsæi er mikilvægt í verðlagningu, að koma sér saman um gjöld fyrir tíðari upplýsingar eða viðbótarupplýsingar. Svo að tekið sé tillit til mismunandi starfsvenja í einstökum aðildarríkjum ætti þeim að vera heimilt að krefjast þess að mánaðarlegt yfirlit yfir greiðslureikninga á pappír eða öðrum varanlegum miðli sé ávallt án endurgjalds.
- 62) Til að auðvelda hreyfanleika viðskiptavina ættu neytendur að geta sagt rammasamningnum upp án þess að verða krafðir um gjald. Að því er varðar samninga sem sagt er upp innan sex mánaða frá gildistöku þeirra ættu greiðsluþjónustuveitendur þó að mega leggja á gjöld í samræmi við kostnaðinn sem fellur á þá vegna uppsagnar neytandans á rammasamningnum. Fyrir neytendur ætti umsamið uppsagnartímabil ekki að vera lengra en einn mánuður og fyrir greiðsluþjónustuveitendur eigi skemmra en tveir mánuðir. Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á þá skyldu greiðsluþjónustuveitanda að slíta greiðsluþjónustusamningi í undantekningartilvikum samkvæmt annarri viðeigandi löggjöf Sambandsins eða innlendra löggjöf sem við á, s.s. löggjöf um peningapvætti og um fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, allar aðgerðir til að frysta fjármuni og hver önnur séráðstöfun í tengslum við forvarnir gegn eða rannsóknir á glæpum.
- 63) Til að tryggja öfluga neytendavernd ættu aðildarríki, með hagsmunum neytandans í huga, að geta viðhaldið eða sett takmarkanir eða bann gegn einhliða breytingum á skilmálum rammasamnings, t.d. ef engin réttlætunleg rök eru fyrir slíkri breytingu.
- 64) Samningsákvæði ættu ekki að hafa það markmið eða þau áhrif að mismuna neytendum sem hafa lagalega búsetu í Sambandinu, á grundvelli þjóðernis eða búsetustaðar. Ef rammasamningur kveður t.d. á um rétt til að loka á greiðslumiðil af ástæðum sem eru rökstuddar á hlutlægan hátt ætti greiðsluþjónustuveitandinn ekki að geta skírskotað til þessa réttar af þeirri ástæðu einni að greiðsluþjónustunotandinn hafi breytt búsetustað sínum innan Sambandsins.
- 65) Að því er varðar gjöldin hefur reynslan sýnt að skipting gjalda milli greiðanda og viðtakanda greiðslu er skilvirkasta kerfið þar eð það auðveldar samfellda vinnslu greiðslna. Því ætti að kveða á um að viðkomandi greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda leggi, undir venjulegum kringumstæðum, gjöld sín beint á greiðanda og viðtakanda greiðslu, eftir því sem við á. Fjárhæð álagðra gjalda getur einnig verið núll þar eð ákvæði þessarar tilskipunar ættu ekki að hafa áhrif á þá starfshætti greiðsluþjónustuveitanda að taka ekki gjald af neytendum fyrir að eignfæra á reikninga þeirra. Eins kann greiðsluþjónustuveitandi, eftir samningsskilmálum, einungis að taka gjald af viðtakanda greiðslu (söluaðila) fyrir notkun á greiðsluþjónustunni sem leiðir til þess að ekkert gjald er lagt á greiðanda. Mögulegt er að greiðslukerfi leggi á gjald í formi áskriftargjalds. Ákvæði um fjárhæðina, sem milliferð er, eða gjöld, sem lögð eru á, hafa ekki bein áhrif á verðlagningu milli greiðsluþjónustuveitanda eða milliliða, ef um þá er að ræða.
- 66) Mismunandi venjur í hverju ríki varðandi gjaldtöku fyrir notkun tiltekins gjaldmiðils („aukagjald“) hafa leitt til mikillar misleitni á greiðslumarkaði Sambandsins og hefur valdið ruglingi meðal neytenda, einkum að því er varðar rafræna verslun og samskipti yfir landamæri. Söluaðilar í aðildarríkjum þar sem álagning aukagjalda er leyfð bjóða vörur og þjónustu í aðildarríkjum þar sem slík aukagjöld eru bönnuð og krefja neytendur um aukagjöld. Einnig eru mörg dæmi um að söluaðilar leggi aukagjöld á neytendur sem eru mun hærri en kostnaðurinn sem fellur á söluaðilann vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils. Þar að auki eru sterk rök

fyrir því að endurskoða venjur að því er varðar aukagjöld, sem studd eru af þeirri staðreynd að reglugerð (ESB) 2015/751 kemur á reglum um milligjöld vegna kortatengdra greiðslna. Milligjöld eru stærsti þáttur gjalda söluaðila vegna kortagreiðslna og kortatengdra greiðslna. Álagning aukagjalda er stýringaraðferð sem söluaðilar nota stundum til að bæta upp fyrir viðbótarkostnað vegna kortatengdra greiðslna. Með reglugerð (ESB) 2015/751 eru sett takmörk á umfang milligjalda. Þessi takmörk gilda fyrir bannið sem sett er fram í þessari tilskipun. Af þessum sökum ættu aðildarríki að taka til athugunar að koma í veg fyrir að viðtakendur greiðslna krefjist gjalda fyrir notkun greiðslumiðla sem falla undir reglufestingu milligjalda í II. kafla reglugerðar (ESB) 2015/751.

- 67) Þótt þessi tilskipun viðurkenni mikilvægi greiðslustofnana eru lánastofnanir áfram helsta gátt neytenda til að nálgast greiðslumiðla. Útgáfa greiðsluþjónustuveitanda, annars en þess sem þjónustar reikning neytandans, hvort sem það er lánastofnun eða greiðslustofnun, á kortatengdum greiðslumiðlum myndi auka samkeppni á markaðnum og auka úrval og betri tilboð fyrir neytendur. Þótt flestar greiðslur á söluaðila í dag fari fram með kortum gæti núverandi nýsköpun á sviði greiðslna haft í för með sér skjóta tilkomu nýrra greiðsluleiða á næstu árum. Því er rétt að framkvæmdastjórnin, við endurskoðun sína á þessari tilskipun, taki sérstaklega tillit til þessarar þróunar og hvort endurskoða þurfi gildissvið ákvæðanna um staðfestingu á tiltækileika fjármuna. Að því er varðar greiðsluþjónustuveitandann sem gefur út kortatengda greiðslumiðilinn, einkum debetkort, myndi staðfesting frá greiðsluþjónustuveitandanum sem veitir reikningaþjónustu á tiltækileika fjármuna á reikningi viðskiptavinarins gera útgefandanum kleift að stýra betur og draga úr útlánaáhættu sinni. Á sama tíma ætti sú staðfesting ekki að gera greiðsluþjónustuveitandanum, sem veitir reikningaþjónustu, kleift að frysta fjármuni á greiðslureikningi greiðandans.
- 68) Notkun korta eða kortatengdra greiðslumiðla við greiðslu hrindir oft af stað skilaboðum sem staðfesta tiltækileika fjármuna og tvær greiðslur í kjölfarið. Fyrri færslan er á milli útgefanda og greiðsluþjónustuveitanda sem veitir söluaðila reikningaþjónustu en sú síðari, venjulega beingreiðsla, er á milli greiðsluþjónustuveitanda sem veitir greiðanda reikningaþjónustu og útgefanda. Báðar færslurnar ætti að meðhöndla á sama hátt og aðrar jafngildar færslur. Greiðsluþjónustuveitendur sem gefa út kortatengda greiðslumiðla ættu að njóta sömu réttinda og vera bundnir sömu skyldum samkvæmt þessari tilskipun, án tillits til þess hvort þeir eru greiðsluþjónustuveitandinn sem veitir greiðandanum reikningaþjónustu, einkum með tilliti til ábyrgðar (t.d. sannvottun) og bótaábyrgðar gagnvart mismunandi þátttakendum í greiðslukeðjunni. Þar sem beiðni greiðsluþjónustuveitandans og staðfesting á tiltækileika fjármuna getur farið fram um núverandi samskiptaleiðir, tækniáðgerðir og innviði fyrir samskipti milli veitenda greiðslufyrirmælaþjónustu eða veitenda upplýsingaþjónustu um reikninga og greiðsluþjónustuveitenda sem veita reikningaþjónustu, á sama tíma og nauðsynlegar öryggisráðstafanir eru virtar, ætti hvorki að leggjast viðbótarkostnaður á greiðsluþjónustuveitendur né korthafa. Hvort sem greiðslan á sér stað í netumhverfi (vefsetri söluaðila), eða í húsnæði smásala, ætti greiðsluþjónustuveitandinn sem veitir reikningaþjónustu þar að auki aðeins að vera skuldbundinn til að veita staðfestinguna sem útgefandinn óskar eftir ef reikningarnir hjá greiðsluþjónustuveitandanum sem veitir reikningaþjónustu eru aðgengilegir með rafrænum hætti að því er varðar þá staðfestingu, a.m.k. á Netinu. Vegna sérstaks eðlis rafeyris ætti ekki að vera mögulegt að beita því fyrirkomulagi á greiðslur sem stofnað er til með kortatengdum greiðslumiðlum þar sem rafeyrir, eins og hann er skilgreindur í tilskipun 2009/110/EB, er geymdur.
- 69) Sú skylda að vernda persónusniðin öryggisskilríki er mjög mikilvæg til að vernda fjármuni notanda greiðsluþjónustu og til að takmarka áhættuna í tengslum við svik og óheimilan aðgang að greiðslureikningnum. Skilmálar og skilyrði eða aðrar skuldbindingar sem greiðsluþjónustuveitendur leggja á notendur greiðsluþjónustu í tengslum við að vernda persónusniðin öryggisskilríki ættu þó ekki að vera með hætti sem kemur í veg fyrir að notendur greiðsluþjónustu nýti sér þjónustu annarra greiðsluþjónustuveitenda, þ.m.t. greiðslufyrirmælaþjónusta og upplýsingaþjónusta um reikninga. Þar að auki ættu slíkir skilmálar og skilyrði ekki að innihalda nein ákvæði sem myndu gera það erfiðara, með einhverjum hætti, að nota greiðsluþjónustu annarra greiðsluþjónustuveitenda sem hafa starfsleyfi eða eru skráðir samkvæmt þessari tilskipun.
- 70) Til að draga úr áhættu og afleiðingum af óheimiluðum eða ranglega framkvæmdum greiðslum skal notandi greiðsluþjónustu veita greiðsluþjónustuveitanda upplýsingar eins fljótt og kostur er um vefstungu að því er varðar meinta óheimila eða ranglega framkvæmda greiðslu, að því tilskildu að greiðsluþjónustuveitandinn hafi uppfyllt upplýsingaskyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun. Ef tilkynning berst frá notanda greiðsluþjónustu innan tilskilins frests ætti hann að geta fylgt þessum kröfum eftir innan tilskilins fyrningarfrests samkvæmt landslögum einstakra ríkja. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á aðrar innbyrðis kröfur notanda greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitenda.
- 71) Ef um óheimilaða greiðslu er að ræða ætti greiðsluþjónustuveitandinn þegar í stað að endurgreiða greiðanda fjárhæð greiðslunnar. Ef sterkur grunur er um óheimilaða greiðslu sem leiðir af sviksamlegri hegðun notanda greiðsluþjónustu og ef grunurinn er byggður á hlutlægum ástæðum, sem tilkynntar eru viðkomandi lögbæru yfirvaldi, ætti greiðsluþjónustuveitandinn þó að geta framkvæmt rannsókn, innan hæfilegs frests, áður en hann endurgreiðir greiðandanum. Til að vernda greiðandann fyrir óhagræði

ætti gildisdagur endurgreiðslunnar ekki að vera síðar en sá dagur sem fjárhæðin var skuldfærð. Til að hvetja notanda greiðsluþjónustu til að tilkynna greiðsluþjónustuveitanda án ástæðulusrar tafar um þjófnað eða tap á greiðslumiðli og draga þannig úr hættu á óheimilaðri greiðslu skal notandi aðeins vera ábyrgur fyrir mjög takmarkaðri fjárhæð, nema notandi greiðsluþjónustu hafi gerst sekur um sviksamlegt athæfi eða sýnt af sér stórfellt gáleysi. Í því samhengi virðist fjárhæðin 50 evrur vera fullnægjandi til að tryggja samræmda og öfluga notandavernd innan Sambandsins. Ekki ætti að vera nein bótaábyrgð ef greiðandinn er ekki í aðstöðu til að verða var við tap, þjófnað eða óréttmæta nýtingu greiðslumiðilsins. Eftir að notendur hafa tilkynnt greiðsluþjónustuveitanda að greiðslumiðill þeirra kunni að hafa komist í rangar hendur, ætti ekki að krefja notendur greiðsluþjónustu um að bera kostnað af frekara tjóni sem stafar af óheimilaðri notkun þess miðils. Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á ábyrgð greiðsluþjónustuveitenda á tæknilegu öryggi eigin afurða.

- 72) Við mat á hugsanlegu gáleysi eða vítaverðri vanrækslu notanda greiðsluþjónustu skal taka tillit til allra aðstæðna. Yfirleitt ætti að meta vitnisburð um meinta vanrækslu og hversu mikil hún er samkvæmt landslögum í hverju aðildarríki fyrir sig. Ef hugtakið gáleysi gefur til kynna brot á varúðarskyldu þá ætti vítavert gáleysi að merkja meira en bara gáleysi, þ.m.t. framferði sem sýnir verulegt kæruleysi; t.d. það að geyma skilríkin sem notuð eru til að heimila greiðslu við hlið greiðslumiðilsins á sniði sem er opið og auðgreinanlegt fyrir þriðju aðila. Samningskjör og skilmálar í tengslum við afhendingu og notkun greiðslumiðils, sem leiðir til þess að sönnunarbyrði neytanda eykst eða til þess að draga úr sönnunarbyrði útgefanda, skulu teljast marklaus og ógild. Þar að auki þykir, við sérstakar aðstæður þegar greiðslumiðillinn er ekki fyrir hendi á sölustaðnum, s.s. við greiðslu á Netinu, rétt að greiðsluþjónustuveitandinn sé krafinn um að sýna fram á meint gáleysi þar sem geta greiðandans til að sýna fram á það er mjög takmörkuð í slíkum tilvikum.
- 73) Kveða ætti á um hvernig tapi skuli jafnað niður þegar um óheimilaðar greiðslur er að ræða. Mismunandi ákvæði geta gilt um notendur greiðsluþjónustu sem eru ekki neytendur þar eð slíkir notendur eru yfirleitt í betri stöðu til að meta hættu á svikum og grípa til mótvægisáðgerða. Til að tryggja öfluga neytendavernd ættu greiðendur ávallt að hafa rétt á að krefja greiðsluþjónustuveitandann sem veitir þeim reikningaþjónustu um endurgreiðslu, jafnvel þótt veitandi greiðslufyrirmælaþjónustunnar taki þátt í greiðslunni. Þetta hefur ekki áhrif á skiptingu bótaábyrgðar milli greiðsluþjónustuveitenda.
- 74) Ef um er að ræða greiðslufyrirmælaþjónustu ættu réttindi og skyldur hlutaðeigandi notenda greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitenda að vera í réttu hlutfalli við veitta þjónustu. Einkum ætti skiptingu bótaábyrgðar milli greiðsluþjónustuveitenda sem þjónusta reikninginn og veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu sem tekur þátt í færslunni að skylda þá til að taka ábyrgð á þeim hlutum færslunnar sem eru undir þeirra stjórn, eftir því sem við á.
- 75) Þessi tilskipun miðar að því að auka neytendavernd í tilvikum kortatengdra greiðslna ef nákvæm fjárhæð færslu er ekki þekkt á þeirri stundu sem greiðandinn gefur samþykki sitt fyrir framkvæmd greiðslunnar, t.d. á sjálfvirkum eldsneytisafyllingarstöðvum, við töku bílaleigubíla eða við pöntun á hótélherbergjum. Greiðsluþjónustuveitandi greiðandans ætti aðeins að geta fryst fjármuni á greiðslureikningi greiðandans ef greiðandinn hefur samþykkt frystingu nákvæmlega þeirrar fjárhæðar sem verður fryst og að þessum fjármunum verði sleppt án ótilhlýðilegrar tafar eftir viðtöku upplýsinga um nákvæma fjárhæð greiðslunnar og eigi síðar en strax eftir viðtöku greiðslufyrirmælanna.
- 76) Verkefnið um sameiginlegt evrugreiðslusvæði miðar að því að þróa frekar greiðsluþjónustu alls staðar í Sambandinu sem á að koma í stað núverandi landsbundinnar þjónustu að því er varðar greiðslur í evrum. Í því skyni að tryggja algjör umskipti yfir í millifærslur fjármuna og beingreiðslur á vettvangi Sambandsins kemur reglugerð (ESB) nr. 260/2012 á tæknilegum og viðskiptalegum kröfum fyrir millifærslur fjármuna og beingreiðslur í evrum. Með vísan í beingreiðslur gerir sú reglugerð ráð fyrir að greiðandinn veiti bæði viðtakanda greiðslu og greiðsluþjónustuveitanda sínum (beint eða óbeint fyrir milligöngu viðtakanda greiðslu) samþykki þess efnis að viðtakandi greiðslu eða þriðji aðili, fyrir hönd viðtakanda greiðslu, geymi umboðin, ásamt síðari breytingum eða ógildingu. Núverandi og, hingað til, eina samevrópska beingreiðslukerfið fyrir neytendur, þróað af Evrópska greiðslumiðlunarráðinu, er byggt á þeirri meginreglu að umboð til að framkvæma beingreiðslu er veitt af greiðandanum til viðtakanda greiðslunnar og er, ásamt síðari breytingum eða ógildingu, geymt af viðtakanda greiðslunnar. Einnig getur þriðji aðili geymt umboðið fyrir hönd viðtakanda greiðslunnar. Til að tryggja viðtækan almennan stuðning við sameiginlegt evrugreiðslusvæði, og til að tryggja öfluga neytendavernd innan hins sameiginlega evrugreiðslusvæðis, kveður núverandi samevrópska beingreiðslukerfið á um skilyrðislausan rétt til endurgreiðslu vegna heimilaðra greiðslna. Þessi tilskipun endurspeglar þann veruleika og miðar að því að koma á skilyrðislausum rétti til endurgreiðslu sem almennri kröfu vegna allra beingreiðslufærslna í evrum í Sambandinu.

Samhliða sameiginlega evrugreiðslusvæðinu eru hefðbundin beingreiðslukerfi, sem eru ekki í evrum, þó áfram til í aðildarríkjum sem hafa ekki evru sem gjaldmiðil. Þessi kerfi eru skilvirk og tryggja sömu öflugu verndina fyrir greiðandann með öðrum verndaráðstöfunum, sem eru ekki alltaf á grundvelli skilyrðislauss réttar til endurgreiðslu. Í því tilviki ætti greiðandinn að njóta verndar almennu reglunnar um endurgreiðslu ef framkvæmd greiðsla fer fram úr þeirri fjárhæð sem með sanngjörnum hætti mátti

vænta. Þar að auki ætti aðildarríki að geta mælt fyrir um reglur um rétt til endurgreiðslu sem eru hagstæðari fyrir greiðandann. Raunveruleg eftirspurn er eftir tilteknum afurðum á sviði beingreiðslna í evrum innan sameiginlega evrugreiðslusvæðisins, eins og áframhaldandi tilvist vissrar hefðbundinnar greiðsluþjónustu í evrum í sumum aðildarríkjum sýnir fram á. Viðeigandi væri að heimila greiðanda og greiðsluþjónustuveitanda hans að semja um það í rammasamningi að greiðandi eigi ekki rétt á endurgreiðslu í tilvikum þar sem hann nýtur verndar, annaðhvort vegna þess að hann hefur veitt samþykki sitt fyrir framkvæmd greiðslu beint til greiðsluþjónustuveitanda síns, þ.m.t. ef greiðsluþjónustuveitandinn kemur fram fyrir hönd viðtakanda greiðslunnar, eða, eftir atvikum, vegna þess að greiðsluþjónustuveitandinn eða viðtakandi greiðslu veitti upplýsingar um greiðslur í framtíðinni eða kom þeim á framfæri við greiðanda á umsaminnt hátt a.m.k. fjórum vikum fyrir gjalddaga. Greiðandinn ætti alltaf að njóta verndar með almennu reglunni um endurgreiðslu ef um er að ræða óheimilaðar eða rangt framkvæmdar greiðslur.

- 77) Ef neytendur og fyrirtæki eiga að geta gert fjárhagsáætlanir og uppfyllt greiðsluskilyrði á réttum tíma þurfa þau að vita hve langan tíma tekur að framkvæma greiðslufyrirmæli. Af þeim sökum ætti með þessari tilskipun að innleiða að tiltekinn sé sá tími þegar réttindi og skyldur taka gildi, þ.e. þegar greiðsluþjónustuveitandinn tekur við greiðslufyrirmælum, þ.m.t. sá tími þegar hann hefur haft tækifæri til að taka við þeim með þeirri samskiptaáðferð sem kveðið er á um í samningnum um greiðsluþjónustuna, þrátt fyrir afskipti fyrr í ferlinu sem leiddu til stofnunar og sendingar greiðslufyrirmælanna, t.d. vegna öryggiseftirlits og athugunar á því hvort fé væri fyrir hendi, vegna upplýsinga um notkun kennitölu eða vegna útgáfu á greiðsluloforði. Enn fremur skal viðtaka greiðslufyrirmæla fara fram þegar greiðsluþjónustuveitandi greiðanda tekur við greiðslufyrirmælum sem skulu skuldfærð af reikningi greiðanda. Dagurinn eða tíminn þegar viðtakandi greiðslu sendi greiðsluþjónustuveitanda greiðslufyrirmæli, t.d. vegna innheimtu kortagreiðslna eða beingreiðslna, eða þegar greiðsluþjónustuveitandi fjármagnar greiðslu viðtakanda til bráðabirgða vegna viðkomandi fjárhæða (með skilyrtu láni inn á reikning hans) ætti ekki að skipta neinu máli í þessu sambandi. Notendur ættu að geta treyst á rétta framkvæmd fullnægjandi og gildra greiðslufyrirmæla ef greiðsluþjónustuveitandinn hefur engar samningslegar eða lögboðnar ástæður fyrir höfnun. Ef greiðsluþjónustuveitandi neitar að veita greiðslufyrirmælum viðtöku skal tilkynna notanda greiðsluþjónustunnar um neitunina og ástæður hennar við fyrsta tækifæri samkvæmt kröfum laga Sambandsins og landslaga hvers aðildarríkis. Ef rammasamningurinn kveður á um að greiðsluþjónustuveitandinn geti innheimt gjald fyrir synjun ætti slíkt gjald að vera rökstutt á hlutlægan hátt og vera eins lágt og mögulegt er.
- 78) Þar eð alsjálfvirk greiðslukerfi nútímans vinna mjög hratt úr greiðslum og ekki er unnt að afturkalla greiðslufyrirmæli eftir tiltekinn tíma án mikils kostnaðar við handvirkt inngríp er nauðsynlegt að tilgreina skýrt frestinn til að afturkalla greiðslu. Þó ætti að vera mögulegt að breyta frestinum fyrir afturköllun greiðslu með samningum milli aðila eftir því um hvers konar greiðsluþjónustu og greiðslufyrirmæli er að ræða. Afturköllun í þessu sambandi ætti aðeins að gilda um tengslin milli notanda greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitanda og hefur því ekki áhrif á það hvort greiðslur í greiðslukerfum eru óafturkallanlegar og endanlegar.
- 79) Þess háttar óafturkallanleiki ætti ekki að hafa áhrif á rétt greiðsluþjónustuveitanda eða skyldur hans samkvæmt lögum nokkurra aðildarríkja, sem byggist á rammasamningi greiðanda eða landslögum, stjórnsýslufyrirmælum eða viðmiðunarreglum ríkjanna, til að endurgreiða greiðanda fjárhæð framkvæmdrar greiðslu þegar greiðandi og viðtakandi deila um greiðslu. Slík endurgreiðsla ætti að teljast vera ný greiðslufyrirmæli. Að þessum tilvikum undanskildum ætti einungis að jafna lagalegan ágreining, sem rís vegna sambands, sem greiðslufyrirmælin grundvallast á, milli greiðanda og viðtakanda greiðslu.
- 80) Miklu máli skiptir í fullkomlega samþættri og samfelldri vinnslu greiðslna og fyrir réttarvissu, að því er varðar þær skuldbindingar sem liggja til grundvallar í viðskiptum notanda greiðsluþjónustu, að öll fjárhæðin, sem greiðandi sendir, sé lögð inn á reikning viðtakanda greiðslunnar. Til samræmis við það ætti enginn milliliður, sem er aðili að framkvæmd greiðslu, að geta dregið frá fjárhæðinni sem er millifærð. Viðtakendur greiðslna ættu þó að geta samið við greiðsluþjónustuveitanda sinn um að hann megi draga frá eigin gjöld. Í því skyni að gera viðtakanda greiðslu eigi að síður kleift að sannreyna að fjárhæð til greiðslu sé rétt greidd ætti ekki aðeins heildarfjárhæðin, sem var send, að koma fram í síðari upplýsingum um greiðsluna heldur einnig fjárhæð gjalda, ef einhver eru, sem hefur verið dregin frá.
- 81) Greiðslumiðlar með lágum fjárhæðum ættu að vera ódýr og auðnýt看anlegur kostur þegar um er að ræða lágverðsvörur og -þjónustu og skal ekki íþyngja þeim með óhóflegum kröfum. Kröfur um viðeigandi upplýsingar og reglur um framkvæmd þeirra ættu því að takmarkast við nauðsynlegar upplýsingar og jafnframt skal tekið tillit til tæknilegra möguleika sem réttlæt看anlegt er að vænta af gerningum sem eingöngu eru notaðir við greiðslu á lágum fjárhæðum. Þrátt fyrir einfaldara regluverk ættu notendur greiðsluþjónustu að njóta fullnægjandi verndar, að teknu tilliti til takmarkaðrar áhættu vegna þessara greiðslumiðla, einkum að því er varðar fyrirframgreidda greiðslumiðla.
- 82) Til að auka skilvirkni í greiðslum innan Sambandsins ætti um öll greiðslufyrirmæli, sem greiðandi á framkvæði að og eru tilgreind í evrum eða í gjaldmiðli aðildarríkis sem hefur ekki evru sem gjaldmiðil, þ.m.t. millifærslur fjármuna og peningasendingar, að gilda hámarksframkvæmdartími sem er einn dagur. Um allar aðrar greiðslur, s.s. greiðslur, sem viðtakandi greiðslu á framkvæði

að eða hefur milligöngu um, þ.m.t. beingreiðslur og kortagreiðslur, ætti að gilda sami framkvæmdartími, sem er einn dagur, ef ekki liggur fyrir skýrt samkomulag milli greiðsluþjónustuveitanda og greiðanda um lengri framkvæmdartíma. Það ætti að vera mögulegt að framlengja þessi tímabil um einn viðskiptadag til viðbótar, ef greiðslufyrirmæli eru gefin á pappír, svo hægt sé að veita neytendum, sem eru aðeins vanir pappírsskjölum, greiðsluþjónustu áfram. Þegar notað er beingreiðslukerfi skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu senda innheimtufyrirmæli innan þeirra tímamarka sem samkomulag er um milli viðtakanda greiðslu og greiðsluþjónustuveitandans sem gerir kleift að gera upp á umsömdum gjalddaga. Með hliðsjón af því að greiðslukerfi eru oft afar skilvirk og til að koma í veg fyrir að núverandi þjónusta skerðist ætti aðildarríkjunum að vera heimilt að halda núgildandi reglum eða setja nýjar og tilgreina styttri framkvæmdartíma en einn virkan dag, ef við á.

- 83) Ákvæði um framkvæmd greiðslu allrar fjárhæðarinnar og um framkvæmdartíma ættu að teljast góðar starfsvenjur ef einn þessara greiðsluþjónustuveitanda er ekki í Sambandinu.
- 84) Til að auka traust neytenda á samræmdum greiðslumarkaði er nauðsynlegt fyrir notendur greiðsluþjónustu að hafa upplýsingar um raunverulegan kostnað og gjöld fyrir greiðsluþjónustu við val sitt. Í samræmi við það ætti að banna ógagnsæjar verðlagningar aðferðir þar eð almennt er viðurkennt að þær aðferðir geri notendum afar erfitt fyrir um að meta hvert sé raunverulegt verð greiðsluþjónustunnar. Einkum ætti ekki að leyfa notkun virðisdagsetningar sem er óhagstæð notanda.
- 85) Snurðulaus og skilvirkur rekstur greiðslukerfisins er kominn undir því að notandi geti treyst greiðsluþjónustuveitandanum til að framkvæma greiðslu rétt og innan umsamins tíma. Yfirleitt er greiðsluþjónustuveitandinn í aðstöðu til að meta áhættuna sem felst í greiðslunni. Greiðsluþjónustuveitandinn leggur til greiðslukerfið, gerir samninga um innköllun fjár sem hefur misfarist og ákveður í flestum tilvikum hvaða milliliðir skuli vera aðilar að framkvæmd greiðslu. Í ljósi allra þessara atriða er videigandi, nema um sé að ræða óeðlilegar og ófyrirsjáanlegar aðstæður, að leggja bótaábyrgð vegna framkvæmdar greiðslu, sem notandi hefur samþykkt, á greiðsluþjónustuveitandann, nema að því er varðar aðgerðir og aðgerðarleysi greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu, sem viðtakandi greiðslu valdi sjálfur. Til að greiðandi sé ekki með öllu óvarinn í þeim óvenjulegu aðstæðum þegar ekki liggur ljóst fyrir hvort greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu fékk greiðsluna með skilum eða ekki, skal þó samsvarandi sönnunarbyrði hvíla á greiðsluþjónustuveitanda greiðanda. Almennt er þess að vænta að milliliðurinn, yfirleitt hlutlaus aðili, s.s. seðlabanki eða greiðsluöfnunarstöð, sem millifærir fjárhæð greiðslunnar frá greiðsluþjónustuveitanda, sem sá um sendingu greiðslunnar, til greiðsluþjónustuveitanda, sem veitti henni viðtöku, geymi reikningsgögnin og geti lagt þau fram ef nauðsyn krefur. Þegar fjárhæð greiðslunnar hefur verið lögð inn á reikning greiðsluþjónustuveitandans, sem veitti greiðslunni viðtöku, ætti viðtakandi greiðslu þegar í stað að geta gert kröfu á greiðsluþjónustuveitanda sinn um innlögn á eigin reikning.
- 86) Greiðsluþjónustuveitandi greiðanda, nánar tiltekið greiðsluþjónustuveitandinn sem veitir reikningaþjónustu eða, eftir því sem við á, veitandi greiðslufyrirmælaþjónustu, ætti að taka á sig bótaábyrgð á réttari framkvæmd greiðslu, einkum á fullri fjárhæð greiðslunnar og framkvæmdartíma, og fulla ábyrgð á greiðslufalli annarra aðila í greiðsluferlinu allt að reikningi viðtakanda greiðslu. Ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda leggur ekki alla fjárhæð greiðslunnar inn hjá greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslunnar, eða leggur fjárhæðina seint inn, ætti greiðsluþjónustuveitandi greiðanda, vegna þessarar bótaábyrgðar, að leiðrétta greiðsluna eða endurgreiða greiðanda, án ástæðulausrar tafar, samsvarandi greiðslufjárhæð, sbr. þó aðrar kröfur sem kunna að verða gerðar í samræmi við landslög einstakra ríkja. Vegna bótaábyrgðar greiðsluþjónustuveitandans ætti hvorki greiðandinn né viðtakandi greiðslu að bera neinn kostnað vegna rangrar greiðslu. Ef framkvæmd greiðslu hefur ekki átt sér stað, er gölluð eða sein ættu aðildarríki að tryggja að gildisdagur réttar greiðslu greiðsluþjónustuveitanda sé ávallt sá sami og gildisdagur ef um er að ræða rétta framkvæmd.
- 87) Þessi tilskipun ætti aðeins að varða samningsbundnar skuldbindingar og ábyrgð milli notanda greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitandans. Ef millifærsla fjármuna og önnur greiðsluþjónusta á að starfa rétt skulu greiðslumiðlanir og milliliðir þeirra, s.s. gagnavinnsluaðilar, þó hafa gert samninga þar sem kveðið er á um gagnkvæm réttindi þeirra og skyldur. Mikilvægur hluti þessara samræmdu samninga eru atriði sem varða ábyrgð. Til að tryggja áreiðanleika í viðskiptum greiðsluþjónustuveitanda og milliliða, sem eru aðilar að greiðslu, er nauðsynlegt að réttarvissa sé fyrir hendi þannig að greiðsluþjónustuveitanda, sem ber ekki ábyrgð, sé bætt orðið tap eða greiddar fjárhæðir samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar um bótaábyrgð. Frekari réttindi, upplýsingar um efni endurkröfuréttar og hvernig fara skal með kröfur á hendur greiðsluþjónustuveitanda eða milliliðar sem er talinn ábyrgur fyrir gallaðri greiðslu, ætti að vera með fyrirvara um samning.
- 88) Greiðsluþjónustuveitanda ætti að vera unnt að tilgreina ótvírætt hvaða upplýsinga er þörf til að framkvæma greiðslufyrirmæli rétt. Á hinn bóginn, til að komast hjá uppskiptingu og því að stefna uppsetningu samþættra greiðslukerfa í Sambandinu í tvísýnu, ætti aðildarríkjum þó ekki vera heimilt að krefjast þess að sérstakt kennimerki sé notað á greiðslur. Þetta ætti þó ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin geti gert kröfu um að greiðsluþjónustuveitandi greiðanda sýni tilhlýðilega kostgæfni og sannreyni, ef það er tæknilega unnt og án handvirkis inngríps, samfellu sérstaks kennimerkis og hafna greiðslufyrirmælunum ef ekki er um samfellu

sérstaks kennimerkis að ræða og tilkynna greiðanda um það. Bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda ætti að takmarkast við rétta framkvæmd greiðslu í samræmi við greiðslufyrirmæli notanda greiðsluþjónustunnar. Ef fjármunirnir í greiðslunni fara til rangs viðtakanda vegna þess að greiðandi gefur rangt sérstakt kennimerki ættu greiðsluþjónustuveitendur greiðandans og viðtakanda greiðslu ekki að vera bótaskyldir, en þeir ættu að vera skyldugir til að hafa samstarf við að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að endurheimta fjármunina, þ.m.t. með því að senda viðeigandi upplýsingar.

- 89) Veiting greiðsluþjónustuveitanda á greiðsluþjónustu getur falið í sér vinnslu persónuupplýsinga. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB⁽²²⁾, landsreglur sem leiða í lög tilskipun 95/46/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001⁽²³⁾ gilda um vinnslu persónuupplýsinga að því er varðar þessa tilskipun. Þegar persónuupplýsingar eru unnar að því er varðar þessa tilskipun ætti einkum að tilgreina nákvæman tilgang, vísa til viðkomandi lagagrundvallar, fara að viðkomandi öryggiskröfum sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB, og virða meginreglurnar um nauðsyn, meðalhóf, takmörkun vegna tilgangs og viðeigandi varðveislutímabil gagna. Einnig ætti innbyggð og sjálfgefin gagnavernd að vera innfæld í öll gagnavinnslukerfi sem eru þróuð og notuð innan ramma þessarar tilskipunar.
- 90) Í tilskipun þessari eru grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, þ.m.t. rétturinn til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, rétturinn til verndar persónuupplýsingum, frelsi til atvinnurekstrar, rétturinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og rétturinn til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis fyrir sama brotið við meðferð sakamáls. Koma skal þessari tilskipun til framkvæmda með hliðsjón af þessum réttindum og meginreglum.
- 91) Greiðsluþjónustuveitendur bera ábyrgð á öryggisráðstöfunum. Þessar ráðstafanir þurfa að vera í réttu hlutfalli við viðkomandi öryggisáhættu. Greiðsluþjónustuveitendur ættu að koma á ramma til að milda áhættu og viðhalda skilvirkri atvikastjórnunarmedferð. Koma ætti á fyrirkomulagi um reglulega skýrslugjöf til að tryggja að greiðsluþjónustuveitendur láti lögbærum yfirvöldum, með reglulegu millibili, í té uppfært mat á öryggisáhættu þeirra og ráðstöfunum sem þeir hafa gert til að bregðast við þessari áhættu. Til að tryggja að skaða notenda, annarra greiðsluþjónustuveitanda eða greiðslukerfa, s.s. veruleg röskun á greiðslukerfi, sé haldið í lágmarki er þar að auki nauðsynlegt að þess sé krafist að greiðsluþjónustuveitendur skýri lögbærum yfirvöldum frá alvarlegum váatvikum án ástæðulausrar tafar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að gegna samræmingarhlutverki.
- 92) Kvöð um skýrslugjöf vegna váatvika ætti ekki að hafa áhrif á kvöð um skýrslugjöf um önnur atvik sem mælt er fyrir um í öðrum lögum Sambandsins og kröfur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun ættu að vera í samræmi og hlutfalli við kvöð um skýrslugjöf sem er að finna í annarri löggjöf Sambandsins.
- 93) Nauðsynlegt er að setja skýran lagaramma sem mælir fyrir um skilyrðin sem veitendur greiðslufyrirmælaþjónustu og veitendur upplýsingaþjónustu um reikninga þurfa að uppfylla til að mega veita þjónustu sína með samþykki reikningseiganda án þess að greiðsluþjónustuveitandi, sem veitir reikningaþjónustu, krefjist þess að þeir beiti tilteknu viðskiptalíkani, hvort sem það er á grundvelli beins eða óbeins aðgengis, við veitingu þess háttar þjónustu. Veitendur greiðslufyrirmælaþjónustu og veitendur upplýsingaþjónustu um reikninga annars vegar og greiðsluþjónustuveitandi, sem veitir reikningaþjónustu, hins vegar ættu að uppfylla nauðsynlegar kröfur um gagnavernd og öryggi sem komið er á, eða vísað er til, samkvæmt þessari tilskipun eða sem er að finna í tæknilegu eftirlitsstöðlunum. Þessir tæknilegu eftirlitsstaðlar ættu að vera samhæfðir þeim mismunandi tæknilausnum sem eru tiltækar. Til að tryggja öruggar samskiptaleiðir milli viðeigandi þátttakenda í tengslum við þessa þjónustu ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin einnig að tilgreina kröfurnar um sameiginlega og opna samskiptastaðla, sem allir greiðsluþjónustuveitendur sem veita reikningaþjónustu, sem gera kleift að veita greiðsluþjónustu á Netinu, skulu framkvæma. Þetta merkir að þessir opnu staðlar ættu að tryggja rekstrarsamhæfi mismunandi tæknilegra samskiptalausna. Þessir sameiginlegu opnu staðlar ættu einnig að tryggja að greiðsluþjónustuveitandinn sem veitir reikningaþjónustu geri sér ljóst að veitandi greiðslufyrirmælaþjónustu eða veitandi upplýsingaþjónustu um reikninga hafi samskipti við hann en ekki viðskiptavinurinn sjálfur. Staðlarnir ættu einnig að tryggja að veitendur greiðslufyrirmælaþjónustu og veitendur upplýsingaþjónustu um reikninga hafi samskipti við greiðsluþjónustuveitandann sem veitir reikningaþjónustu og viðkomandi viðskiptavini á öruggan hátt. Við gerð þessara krafna ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin einkum að veita því athygli að þeim stöðlum sem er beitt ættu að gera það kleift að nota allar algengar tegundir búnaðar (s.s. tölvur, spjaldtölvur og farsímar) til að framkvæma mismunandi tegundir greiðsluþjónustu.

⁽²²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsta miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

⁽²³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsta miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

- 94) Við þróun á tæknilegum eftirlitsstöðlum um auðkenningu og boðskipti ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að meta og taka tillit til einkalífsháttarins, til að greina áhættuna í tengslum við hvern þann tæknilega valkost sem aðgengilegur er og þær úrbætur sem unnt væri að gera til að lágmarka ógn gegn gagnavernd.
- 95) Öryggi rafrænna greiðslna er mikilvægt til að tryggja vernd notenda og þróun trausts umhverfis fyrir rafræna verslun. Öll greiðsluþjónusta sem er boðin rafrænt ætti að vera framkvæmd á öruggan hátt, með tækni sem getur tryggt örugga sannvottun notandans og til að draga úr hættu á svikum, að því marki sem mögulegt er. Ekki virðist vera þörf á að tryggja sama verndarstig fyrir greiðslur sem stofnað er til og eru framkvæmdar með öðru fyrirkomulagi en notkun rafrænna vettvanga eða rafræns búnaðar, á borð við pappírgreiðslur, póströfufur eða símapantanir. Traustum vexti netgreiðslna og farandgreiðslna ætti að fylgja almenn efling öryggisráðstafana. Greiðsluþjónusta sem boðin er fyrir milligöngu Netsins eða annarra fjarskiptaleiða, sem er ekki háð því hvar búnaðurinn er notaður til að stofna til greiðslu eða hvar greiðslumiðillinn sem er notaður er staðsettur, ætti því að innihalda sannvottun færslna með virkum kóðum, til að láta notandann vita, hvenær sem er, um fjárhæðina og viðtakanda greiðslunnar um færsluna sem notandinn heimilar.
- 96) Öryggisráðstafanirnar ættu að vera samhæfðar umfangi áhættu sem felst í greiðsluþjónustunni. Svo hægt sé að þróa notendavæna og aðgengilega greiðslumiðla fyrir áhættulitlar greiðslur, s.s. lágar snertilausar greiðslur á sölustað, hvort sem þær eru um farsíma eða ekki, ætti að tilgreina undanþágurnar frá öryggiskröfunum í tæknilegu eftirlitsstöðlunum. Örug notkun persónusniðinna öryggisskilríkja er nauðsynleg til að takmarka áhættuna að því er varðar vefveiðar og aðra sviksamlega starfsemi. Hvað það varðar ætti notandinn að geta treyst á samþykkt ráðstafana sem vernda trúnað og heilleika persónusniðinna öryggisskilríkja. Þessar ráðstafanir taka að jafnaði til dulkóðunarkerfa á grundvelli persónulegs búnaðar greiðandans, þ.m.t. kortalesara eða farsíma, eða sem greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningaþjónustu afhendir greiðandanum eftir öðrum leiðum, t.d. með smáskilaboðum eða tölvupósti. Ráðstafanirnar, sem taka að jafnaði til dulkóðunarkerfa, sem geta falið í sér sannvottunarkóða á borð við einnota aðgangsorð, geta aukið öryggi greiðslna. Notkun greiðsluþjónustunotenda á slíkum sannvottunarkóðum ætti að teljast samrýmast skuldbindingum þeirra í tengslum við greiðslumiðla og persónusniðin öryggisskilríki, einnig þegar veitendur greiðslufyrirmælþjónustu eða veitendur upplýsingaþjónustu um reikninga eiga hlut að máli.
- 97) Aðildarríki ættu að ákvarða hvort lögbær yfirvöld, sem veita eiga greiðslustofnunum starfsleyfi, geti einnig verið lögbær yfirvöld með tilliti til lausnar deilumála utan dómstóla.
- 98) Með fyrirvara um rétt viðskiptavina til að höfða mál fyrir dómi ættu aðildarríki að sjá til þess að aðgengileg, fullnægjandi, óháð, hlutlaus, gagnsæ og árangursrík leið sé til úrlausnar ágreiningsmála utan dómstóla milli greiðsluþjónustuveitenda og notenda greiðsluþjónustu sem stafa af réttindum og skyldum sem sett eru fram í þessari tilskipun. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008⁽²⁴⁾ kveður á um að ekki megi með samningsskilmálum um gildandi lög um samninginn grafa undan þeirri vernd sem neytendum er tryggð með ófrávíkjanlegum reglum í lögum þess lands þar sem þeir hafa fasta búsetu. Í því skyni að koma á skilvirkri og árangursríkri málsmeðferð við lausn deilumála ættu aðildarríki að tryggja að greiðsluþjónustuveitendur komi á skilvirkri málsmeðferð kvartana sem greiðsluþjónustunotendur þeirra geta notað áður en deilumálinu er vísað til úrlausnar í málsmeðferð til lausnar deilumálum utan dómstóla, eða fyrir dómstóli. Málsmeðferð kvartana ætti að innihalda stuttan og skýrt skilgreindan frest sem greiðsluþjónustuveitandinn hefur til að svara kvörtun. Aðildarríki ættu að sjá til þess að úrskurðaraðilar í deilumálum utan dómstóla hafi næga getu til að taka með fullnægjandi og skilvirkum hætti þátt í samstarfi yfir landamæri að því er varðar deilumál varðandi réttindi og skuldbindingar samkvæmt þessari tilskipun.
- 99) Nauðsynlegt er að tryggja skilvirka framkvæmd ákvæða landslaga einstakra aðildarríkja sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun. Af þeim sökum ætti að koma á viðeigandi málsmeðferð sem verður unnt að nota til að fylgja eftir kvörtunum á hendur greiðsluþjónustuveitendum sem fara ekki að þessum ákvæðum og sjá til þess, ef við á, að beitt verði viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi. Til að tryggja skilvirka reglufylgni við þessa tilskipun ættu aðildarríki að tilnefna lögbær yfirvöld sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og sem starfa óháð greiðsluþjónustuveitendunum. Með skírskotun til gagnsæis ættu aðildarríki að tilkynna framkvæmdastjórninni hvaða yfirvöld hafa verið tilnefnd, ásamt skýrri lýsingu á skyldum þeirra samkvæmt þessari tilskipun.
- 100) Án þess að hafa áhrif á réttindi til að höfða mál fyrir dómstólum til að tryggja að farið sé að þessari tilskipun ættu aðildarríkin einnig að tryggja að lögbærum yfirvöldum verði veitt nauðsynlegt vald, þ.m.t. vald til að beita viðurlögum, ef greiðsluþjónustuveitandinn fer ekki að réttindum og skyldum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, einkum ef hætta er á

⁽²⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 frá 17. júní 2008 um lög sem gilda um samningsbundnar skyldur (Róm I) (Stjtið. ESB L 177, 4.7.2008, bls. 6).

endurteknu broti eða öðrum áhyggjum af sameiginlegum hagsmunum neytenda.

- 101) Mikilvægt er að neytendur séu upplýstir með skýrum og skiljanlegum hætti um réttindi sín og skyldur samkvæmt þessari tilskipun. Framkvæmdastjórnin ætti því að útbúa bækling um þessi réttindi og skyldur.
- 102) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á ákvæði í landslögum einstakra aðildarríkja um afleiðingar að því er varðar bótaábyrgð vegna ónákvæms orðalags eða villu í sendingu yfirlits.
- 103) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á ákvæðin varðandi virðisaukaskattsmeðferð greiðsluþjónustu í tilskipun ráðsins 2006/112/EB ⁽²⁵⁾.
- 104) Þar sem þessi tilskipun vísar til fjárhæða í evrum skal líta á þessar fjárhæðir sem jafngildi þeirra í gjaldmiðli hvers ríkis eins og það er ákvarðað af hverju aðildarríki sem hefur ekki evru sem gjaldmiðil.
- 105) Í þágu réttarvissu er við hæfi að gera umbreytingarfyrirkomulag sem veitir aðilum, sem hafa hafið starfsemi greiðslustofnana í samræmi við gildandi landslög sem leiða í lög tilskipun 2007/64/EB áður en þessi tilskipun tók gildi, rétt til að halda áfram þeirri starfsemi innan viðkomandi aðildarríkis í tilgreindan tíma.
- 106) Fela ætti framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar breytingu á tilvísun í tilmæli 2003/361/EB, ef tilmælunum er breytt og til að uppfæra meðalfjárhæð greiðslna sem greiðsluþjónustuveitandinn framkvæmir og notuð er sem viðmiðunarfjárhæð fyrir aðildarríki sem kjósa að undanskilja smærri greiðslustofnanir frá (hluta af) kröfum fyrir starfsleyfi, til að taka tillit til verðbólgu. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða ætti framkvæmdastjórnin að tryggja samhlíða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 107) Til að tryggja stöðuga beitingu á þessari tilskipun ætti framkvæmdastjórnin að geta treyst á sérfræðiþekkingu og stuðning Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, sem ætti að hafa það verkefni að útfæra viðmiðunarreglur og semja frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum um öryggisþætti greiðsluþjónustu, einkum að því er varðar sterka sannvottun og um samstarf milli aðildarríkja í tengslum við þjónustustarfsemi og stofnsetningu viðurkenndra greiðslustofnana í öðrum aðildarríkjum. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa vald til að samþykkja þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum. Þessi tilteknu verkefni eru í samræmi við hlutverk og ábyrgð Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eins og kveðið er á um reglugerð (ESB) nr. 1093/2010.
- 108) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti, við þróun viðmiðunarreglna, frumvarpa að tæknilegum eftirlitsstöðlum og frumvarpa að tæknilegum framkvæmdarstöðlum, samkvæmt þessari tilskipun og í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1093/2010, að sjá til þess að hún hafi samráð við alla viðkomandi hagsmunaaðila, þ.m.t. þá sem starfa á greiðsluþjónustumarkaði, og taki tillit til allra hagsmuna. Ef nauðsyn krefur til að ná eðlilegu jafnvægi álita ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að gera ráðstafanir til að fá álit viðkomandi þátttakenda sem eru ekki bankar.
- 109) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. frekari samruna innri markaðarins í greiðsluþjónustu, vegna þess að það krefst samræmingar fjölmargra ólíkra reglna, sem nú eru í gildi innan lagakerfa hinna ýmsu aðildarríkja, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa þess, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.
- 110) Aðildarríki hafa skuldbundið sig til, í rökstuddum tilvikum og í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og

⁽²⁵⁾ Tilskipun ráðsins 2006/112/EB frá 28. nóvember 2006 um sameiginlega virðisaukaskattkerfið (Stjtið. ESB L 347, 11.12.2006, bls. 1).

framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl⁽²⁶⁾, að láta eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargæminga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

- 111) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og skilaði hún álit 5. desember 2013⁽²⁷⁾.
- 112) Því ætti að breyta tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB og 2013/36/ESB, og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 til samræmis við það.
- 113) Vegna fjölda breytinga sem þarf að gera á tilskipun 2007/64/EB þykir rétt að fella hana úr gildi setja aðra í hennar stað,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. BÁLKUR

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

1. Með þessari tilskipun er komið á reglum um hvernig aðildarríkin skulu greina á milli eftirfarandi flokka greiðsluþjónustuveitenda:
- a) lánastofnana, eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013⁽²⁸⁾, þ.m.t. útibú þeirra, eins og þau eru skilgreind í 17. lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, ef slík útibú eru í Sambandinu, hvort sem aðalskrifstofur þessara útibúa eru innan Sambandsins eða, í samræmi við 47. gr. tilskipunar 2013/36/ESB og landslög, utan Sambandsins,
 - b) rafeyrisstofnana í skilningi 1. liðar 2. gr. tilskipunar 2009/110/EB, þ.m.t. í samræmi við 8. gr. þeirrar tilskipunar og landslög, útibú þeirra, ef slík útibú eru staðsett innan Sambandsins og aðalskrifstofur þeirra eru staðsett utan Sambandsins, að því marki sem greiðsluþjónustan sem þessi útibú veita er í tengslum við útgáfu rafeyris,
 - c) pósthólfstofnana, sem hafa rétt samkvæmt landslögum til að veita greiðsluþjónustu,
 - d) greiðslustofnana,
 - e) Seðlabanka Evrópu og seðlabanka einstakra ríkja þegar þeir starfa ekki á eigin vegum sem yfirvald í peningamálum eða annarra opinberra yfirvalda,
 - f) aðildarríkja eða svæðisbundinna eða staðbundinna yfirvalda þeirra, þegar þau koma ekki fram sem opinber yfirvöld.
2. Í þessari tilskipun er einnig komið á reglum um:
- a) gagnsæi skilmála og kröfur um upplýsingar sem gerðar eru til greiðsluþjónustu og

⁽²⁶⁾ Stjtið. ESB C 369, 17.12..2011, bls. 14.

⁽²⁷⁾ Stjtið. ESB C 38, 8.2.2014, bls. 14.

⁽²⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð ESB nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

- b) réttindi og skyldur greiðsluþjónustunotenda og greiðsluþjónustuveitenda, eftir því sem við á, í tengslum við veitingu greiðsluþjónustu sem reglubundna atvinnu eða atvinnustarfsemi.

2. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir um greiðsluþjónustu sem veitt er innan Sambandsins.
2. Ákvæði III. og IV. bálks gilda um greiðslur í gjaldmiðli aðildarríkis ef bæði greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu, eða eini greiðsluþjónustuveitandinn í greiðslunni, eru staðsettir í Sambandinu.
3. Ákvæði III. bálks, að undanskilinni 45. gr. (b-liður 1. mgr.), 52. gr. (e-liður 2. mgr.) og 56. gr. (a-liður) og IV. bálks, að undanskildum 81.–86. gr., gilda um greiðslur í gjaldmiðli sem er ekki gjaldmiðill aðildarríkis ef bæði greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu, eða eini greiðsluþjónustuveitandinn í greiðslunni, eru staðsettir í Sambandinu, að því er varðar greiðslur sem framkvæmdar eru í Sambandinu.
4. Ákvæði III. bálks, að undanskilinni 45. gr. (b-liður 1. mgr.), 52. gr. (e-liður 2. mgr.), 52. gr. (g-liður 5. mgr.) og 56. gr. (a-liður), og IV. bálks, að undanskilinni 62. gr. (2. og 4. mgr.), 76. gr., 77. gr., 81. gr., 83. gr. (1. mgr.), 89. gr. og 92. gr., gilda um greiðslur í öllum gjaldmiðlum þar sem aðeins annar greiðsluþjónustuveitandinn er staðsettur innan Sambandsins, að því er varðar greiðslur sem framkvæmdar eru í Sambandinu.
5. Aðildarríki geta veitt stofnunum sem um getur í 4.–23. lið 5. mgr. 2. gr. tilskipunar 2013/36/ESB undanþágu frá beitingu allra, eða hluta, ákvæðanna í þessari tilskipun.

3. gr.

Undanþágur

Þessi tilskipun gildir ekki um eftirfarandi:

- a) greiðslur sem fara einvörðungu fram í reiðufé beint frá greiðanda til viðtakanda greiðslu án milligöngu milliliða,
- b) greiðslur frá greiðanda til viðtakanda greiðslu fyrir milligöngu umboðsaðila sem hefur leyfi samkvæmt samningi til að semja um eða ganga frá sölu eða kaupum á vörum eða þjónustu fyrir hönd greiðanda eingöngu eða viðtakanda greiðslu eingöngu,
- c) flutning í atvinnuskyni á seðlum og mynt, þ.m.t. söfnun þeirra, meðhöndlun og afhending,
- d) greiðslur sem felast í söfnun á reiðufé og afhendingu, sem er ekki í atvinnuskyni, innan ramma starfsemi sem er ekki í hagnaðarskyni eða er í þágu mannúðarmála,
- e) þjónustu, þar sem viðtakandi greiðslu lætur greiðanda í té reiðufé sem hluta af greiðslu í kjölfar skýrrar beiðni greiðsluþjónustunotanda rétt áður en framkvæmd greiðslunnar fer fram með greiðslu, til kaupa á vörum og þjónustu,
- f) gjaldeyrisviðskipti í reiðufé þar sem fjármunir eru ekki geymdir á greiðslureikningi,
- g) greiðslur sem byggjast á einhverju af eftirfarandi skjölum sem gefin eru út á greiðsluþjónustuveitanda með það fyrir augum að viðtakandi greiðslu fái fjármuni til ráðstöfunar:

i. pappírsvísanir sem falla undir Genfarsáttmálann frá 19. mars 1931 um samræmd lög um ávísanir,

ii. pappírsvísanir sem svipar til þeirra sem um getur í i. lið og falla undir lög aðildarríkja sem eru ekki aðilar að

Genfarsáttmálanum frá 19. mars 1931 um samræmd lög um ávísanir,

- iii. pappírsvísanir í samræmi við Genfarsáttmálann frá 7. júní 1930 um samræmd lög um víxla og skuldabréf,
- iv. pappírsvísanir sem svipar til þeirra sem um getur í iii. lið og falla undir lög aðildarríkja sem eru ekki aðilar að Genfarsáttmálanum frá 7. júní 1930 um samræmd lög um víxla og skuldabréf,
- v. pappírúttektarseðla,
- vi. pappírferðaávísanir,
- vii. pappírspóstávísanir samkvæmt skilgreiningu Alþjóðapóstbandsins,

- h) greiðslur sem fara fram í greiðslu- eða verðbréfauppgjörskerfi milli uppgjörsaðila, miðlægra mótaðila, upplýsingamiðstöðva og/eða seðlabanka og annarra aðila að kerfinu, og greiðsluþjónustuveitenda, sbr. þó 35. gr.,
- i) greiðslur sem tengjast umsýslu verðbréfaeigna, þ.m.t. arðgreiðslur, tekjur eða aðrar útgreiðslur, innlausn eða sala, sem aðilar, sem um getur í h-lið, annast, eða verðbréfafyrirtæki, lánastofnanir, fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu eða eignastýringarfyrirtæki, sem veita fjárfestingarþjónustu, og hverjar þær einingar aðrar sem hafa leyfi til vörslu fjármálagerninga,
- j) þjónustu sem þau tækniþjónustufyrirtæki veita sem annast stoðþjónustu við greiðsluþjónustu, án þess að þau hafi nokkurn tíma eignarhald á þeim fjármunum sem millifæra skal, þ.m.t. úrvinnsla og geymsla gagna, þjónusta við verndun trúnaðarupplýsinga og friðhelgi einkalífs, sannvottun gagna og eininga, þjónustuveita upplýsingatækni- og samskiptanets, útvegum og viðhald skjástöðva og búnaðar fyrir greiðsluþjónustu, að undanskilinni greiðslufyrirmælþjónustu og upplýsingaþjónustu um reikninga,
- k) þjónustu á grundvelli tiltekinna greiðslumiðla sem aðeins er unnt að nota með takmörkuðum hætti, sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - i. miðlar gera handhafanum aðeins kleift að kaupa vörur eða þjónustu á athafnasvæði útgefandans eða innan takmarkaðs nets þjónustuveitenda samkvæmt beinum viðskiptasamningi við faglegan útgefanda,
 - ii. miðlar sem aðeins er mögulegt að nota til að kaupa mjög takmarkaða vörulínu eða þjónustu,
 - iii. miðlar sem aðeins eru gjaldgengir í einu aðildarríki, sem lagðir eru fram að ósk fyrirtækis eða opinbers aðila og falla undir reglur landsbundins eða svæðisbundins opinbers yfirvalds í tilteknum félagslegum eða skattalegum tilgangi í því skyni að kaupa tilteknar vörur eða þjónustu af birgjum sem hafa gert viðskiptasamning við útgefandann,
- l) greiðslur veitanda rafrænna fjarskiptaneta eða þjónustu sem veitt er til viðbótar við rafræna fjarskiptaþjónustu fyrir áskrifanda að netþjónustunni eða þjónustunni:
 - i. fyrir kaup á stafrænu efni og talþjónustu, án tillits til búnaðarins sem notaður er til að kaupa eða nota stafrænt efni, og skuldfærðar eru á viðkomandi reikning eða
 - ii. framkvæmdar fyrir milligöngu rafræns búnaðar og skuldfærðar á viðkomandi reikning innan ramma góðgerðarstarfsemi eða fyrir kaup á miðum,

að því tilskildu að fjárhæð hveurrar stakrar greiðslu sem um getur í i. og ii. lið sé ekki hærri en 50 evrur og:

— uppsöfnuð fjárhæð greiðslna fyrir hvern og einn áskrifanda sé ekki hærri en 300 evrur á mánuði eða,

— ef áskrifandi greiðir fyrirfram inn á reikning sinn hjá veitanda rafræns fjarskiptanets eða rafrænnar fjarskiptaþjónustu,

uppsöfnuð fjárhæð greiðslna sé ekki hærrí en 300 evrur á mánuði,

- m) greiðslur sem fara milli greiðsluþjónustuveitanda, umboðsaðila þeirra eða útibúa fyrir þeirra eigin reikning,
- n) greiðslur og tengd þjónusta milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækis þess eða milli dótturfyrirtækja sama móðurfyrirtækis án milligöngu annars greiðsluþjónustuveitanda en fyrirtækis sem tilheyrir sömu samstæðu,
- o) þjónustu sem söluaðilar veita í tengslum við úttekt reiðufjár í hraðbanka fyrir hönd eins eða fleiri kortafyrirtækja, sem eru ekki aðilar að þeim rammasamningi við viðskiptavinum, sem taka peninga út af greiðslureikningi, að því tilskildu að þessir söluaðilar reki ekki neina þá greiðsluþjónustu aðra sem tilgreind er í I. viðauka. Þó skal veita viðskiptavininum upplýsingarnar um öll úttektargjöld sem um getur í 45., 48., 49. og 59. gr. áður en úttekt er framkvæmd, sem og á kvittun fyrir reiðufénu við lok færslunnar eftir úttekt.

4. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „heimaaðildarríki“: er annaðhvort:
 - a) aðildarríkið þar sem skráð skrifstofa greiðsluþjónustuveitandans er, eða
 - b) ef greiðsluþjónustuveitandinn hefur enga skráða skrifstofu samkvæmt landslögum, aðildarríkið þar sem hann er með aðalskrifstofu,
- 2) „gístiaðildarríki“: annað aðildarríki en heimaaðildarríkið þar sem greiðsluþjónustuveitandi hefur umboðsaðila eða útibúa eða veitir greiðsluþjónustu,
- 3) „greiðsluþjónusta“: hvers konar starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka,
- 4) „greiðslustofnun“: lögaðili sem hefur fengið starfsleyfi í samræmi við 11. gr. til að veita og framkvæma greiðsluþjónustu í öllu Sambandinu,
- 5) „greiðsla“: aðgerð sem greiðandi eða viðtakandi greiðslu fyrir hönd greiðanda á frumkvæði að með því að leggja inn, millifæra eða taka út fjármuni, án tillits til þess hvort einhverjar skuldbindingar milli greiðanda og viðtakanda greiðslu liggja til grundvallar,
- 6) „fjargreiðsla“: greiðsla sem stofnað er til fyrir milligöngu Netsins eða með búnaði sem mögulegt er að nota til fjarskipta,
- 7) „greiðslukerfi“: kerfi til að yfirfæra fjármuni með formlegu og stöðluðu fyrirkomulagi og sameiginlegum reglum um meðferð, greiðsluþjöfnun og/eða uppgjör greiðslna,
- 8) „greiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem á greiðslureikning og heimilar greiðslufyrirmæli af þeim greiðslureikningi eða, ef ekki er um greiðslureikning að ræða, einstaklingur eða lögaðili sem gefur greiðslufyrirmæli,
- 9) „viðtakandi greiðslu“: einstaklingur eða lögaðili sem er fyrirhugaður viðtakandi fjármuna sem hafa verið viðfang greiðslu,
- 10) „notandi greiðsluþjónustu“: einstaklingur eða lögaðili sem nýtir sér greiðsluþjónustu, annaðhvort sem greiðandi, viðtakandi greiðslu eða hvort tveggja,
- 11) „greiðsluþjónustuveitandi“: aðili, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., eða lögaðili eða einstaklingur sem hefur fengið undanþágu skv. 32. eða 33. gr.,
- 12) „greiðslureikningur“: reikningur á nafni eins eða fleiri notenda greiðsluþjónustu sem er notaður við framkvæmd greiðslu,

- 13) „greiðslufyrirmæli“: fyrirmæli greiðanda eða viðtakanda greiðslu til greiðsluþjónustuveitanda um framkvæmd greiðslu,
- 14) „greiðslumiðill“: persónubundinn búnaður og/eða aðferðir sem notandi greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitandi koma sér saman um og notaður er til að gefa greiðslufyrirmæli,
- 15) „greiðslufyrirmælaþjónusta“: þjónusta sem felst í að gefa greiðslufyrirmæli að beiðni notanda greiðsluþjónustu að því er varðar greiðslureikning sem vistaður er hjá öðrum greiðsluþjónustuveitanda,
- 16) „upplýsingaþjónusta um reikninga“: beinlínuþjónusta sem veitir samsteyptar upplýsingar um einn eða fleiri greiðslureikninga sem greiðsluþjónustunotandi á hjá öðrum greiðsluþjónustuveitanda eða hjá fleiri en einum greiðsluþjónustuveitanda,
- 17) „greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningaþjónustu“: greiðsluþjónustuveitandi sem býður og viðheldur greiðslureikningi fyrir greiðanda,
- 18) „veitandi greiðslufyrirmælaþjónustu“: greiðsluþjónustuveitandi sem stundar atvinnustarfsemi eins og um getur í 7. lið I. viðauka,
- 19) „veitandi upplýsingaþjónustu um reikninga“: greiðsluþjónustuveitandi sem stundar atvinnustarfsemi eins og um getur í 8. lið I. viðauka,
- 20) „neytandi“: einstaklingur sem, í samningum um greiðsluþjónustu, sem þessi tilskipun tekur til, kemur fram í öðrum tilgangi en vegna atvinnugreinar sinnar, viðskipta eða starfs,
- 21) „rammasamningur“: samningur um greiðsluþjónustu þar sem kveðið er á um framkvæmd einstakra greiðslna og röð greiðslna í framtíðinni og sem kann að fela í sér skyldu til stofnunar greiðslureiknings og skilmála þar um,
- 22) „peningasending“: greiðsluþjónusta þar sem tekið er við fjármunum frá greiðanda, án þess að stofnaðir hafi verið greiðslureikningar í nafni greiðanda eða viðtakanda greiðslu, í þeim eina tilgangi að senda samsvarandi fjárhæð til viðtakanda greiðslu eða til annars greiðsluþjónustuveitanda fyrir hönd viðtakanda greiðslu, og/eða þegar tekið er við þess háttar fjármunum fyrir hönd viðtakanda greiðslu og þeir afhentir honum til ráðstöfunar,
- 23) „beingreiðsla“: greiðsluþjónusta við skuldfærslu á greiðslureikning greiðanda ef viðtakandi greiðslu á frumkvæði að greiðslu á grundvelli samþykkis greiðanda, sem hann veitir viðtakanda greiðslu, til greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu eða til eigin greiðsluþjónustuveitanda greiðanda,
- 24) „millifærsla fjármuna“: greiðsluþjónusta við tekjufærslu á reikning viðtakanda greiðslu, með greiðslu eða röð greiðslna af greiðslureikningi greiðanda, framkvæmd af greiðsluþjónustuveitandanum sem geymir reikning greiðanda, á grundvelli fyrirmæla hans,
- 25) „fjármunir“: peningaseðlar og mynt, inneign á reikningum eða rafeyrir samkvæmt skilgreiningu í 2. lið 2. gr. í tilskipun 2009/110/EB,
- 26) „gildisdagur“: viðmiðunartími sem greiðsluþjónustuveitendur nota til að reikna vexti af fjármunum sem eru skuldfærðir af eða eignfærðir á greiðslureikning,
- 27) „viðmiðunargengi“: gengið sem er notað til grundvallar útreikningi við gjaldeyrisviðskipti og liggur frammi hjá greiðsluþjónustuveitanda eða er komið á framfæri í gögnum sem eru aðgengileg öllum,
- 28) „viðmiðunarvextir“: vextir sem notaðir eru til grundvallar útreikningi á vöxtum sem skal nota og fengnir eru úr gögnum sem eru aðgengileg öllum og báðir aðilar að greiðsluþjónustusamningi geta sannreynt,
- 29) „sannvottun“: aðferð sem gerir greiðsluþjónustuveitanda kleift að sannreyna deili á greiðsluþjónustunotanda eða notkun tiltekins greiðslumiðils, þ.m.t. notkun á persónubundnum öryggisskilríkjum notandans,
- 30) „sterk sannvottun viðskiptavinar“: sannvottun á grundvelli notkunar tveggja eða fleiri þátta sem flokkast sem þekking (eitthvað sem notandinn einn veit), umráð (eitthvað sem notandinn einn hefur umráð yfir) og eðlislægni (eitthvað sem notandinn er) sem eru óháðir, þannig að brot á einum þætti hefur ekki áhrif á áreiðanleika hinna þáttanna, og er hannað til að vernda trúnað

sannvottunargagnanna,

- 31) „persónubundin öryggisskilríki“: persónubundnir þættir sem greiðsluþjónustuveitandinn afhendir greiðsluþjónustunotandanum í tilgangi sannvottunar,
- 32) „viðkvæm greiðslugögn“: gögn, þ.m.t. persónubundin öryggisskilríki, sem unnt er að nota í sviksamlegum tilgangi. Að því er varðar starfsemi veitenda greiðslufyrirmælaþjónustu og veitenda upplýsingaþjónustu um reikninga teljast nafn reikningseiganda og reikningsnúmer ekki vera viðkvæm greiðslugögn,
- 33) „sérstakt kennimerki“: samsetning bókstafa, tölustafa eða tákna sem greiðsluþjónustuveitandinn upplýsir viðkomandi notanda greiðsluþjónustuveitanda um og sem notandi greiðsluþjónustu skal tilgreina til að unnt sé að staðfesta ótvírætt deili á öðrum notanda greiðsluþjónustu og/eða númer greiðslureiknings þess greiðsluþjónustunotanda vegna greiðslu,
- 34) „fjarsamskiptamiðill“: aðferð sem nota má til að gera greiðsluþjónustusamning milli greiðsluþjónustuveitanda og notanda greiðsluþjónustu án þess að aðilar séu viðstaddir samtímis í eigin persónu,
- 35) „varanlegur miðill“: sérhver miðill sem gerir greiðsluþjónustunotanda kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til þess greiðsluþjónustunotanda persónulega, á þann hátt að þær séu aðgengilegar til notkunar síðar og eins lengi og nægir miðað við tilgang upplýsinganna, og gerir kleift að afrita upplýsingarnar, sem þar eru geymdar, óbreyttar,
- 36) „örfyrirtæki“: fyrirtæki sem, við gerð greiðsluþjónustusamnings, er fyrirtæki eins og það sem skilgreint er í 1. gr. og 1. og 3. mgr. 2. gr. viðauka við tilmæli 2003/361/EB,
- 37) „viðskiptadagur“: dagur þegar viðkomandi greiðsluþjónustuveitandi greiðanda eða greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu, sem er aðili að framkvæmd greiðslu, er opin og starfar eftir því sem þörf fyrir framkvæmd greiðslu krefur,
- 38) „umboðsaðili“: einstaklingur eða lögaðili sem kemur fram fyrir hönd greiðslustofnunar við veitingu greiðsluþjónustu,
- 39) „útibú“: starfsstöð önnur en aðalskrifstofa sem er hluti af greiðslustofnun án réttarstöðu lögaðila og framkvæmir beint nokkrar eða allar greiðslur sem fylgja rekstri greiðslustofnunar; allar starfsstöðvar, sem greiðslustofnun kemur á fót í sama aðildarríkinu, skulu teljast eitt útibú, ef hún er með aðalskrifstofu sína í öðru aðildarríki,
- 40) „samstæða“: samstæða fyrirtækja sem tengjast hvert öðru með sambandi sem um getur í 1., 2. eða 7. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB eða fyrirtæki eins og þau eru skilgreind í 4., 5., 6. og 7. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2014⁽²⁹⁾, sem tengjast hvert öðru með sambandi sem um getur í 1. mgr. 10. gr. eða 6. eða 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,
- 41) „rafrænt fjarskiptanet“: netkerfi eins og það er skilgreint í a-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB⁽³⁰⁾,
- 42) „rafræn fjarskiptaþjónusta“: rafræn fjarskiptaþjónusta eins og hún er skilgreind í c-lið 2. gr. tilskipunar 2002/21/EB,
- 43) „stafrænt efni“: vara eða þjónusta sem er framleidd eða veitt í stafrænu formi, notkun hennar eða neysla takmörkuð við tæknibúnað og sem felur ekki á neinn hátt í sér notkun eða neyslu á efnislegri vöru eða þjónustu,
- 44) „færsluhirðing greiðslna“: greiðsluþjónusta sem veitt er af greiðsluþjónustuveitanda sem gerir samning við viðtakanda greiðslu um að taka við og vinna greiðslur, sem hefur í för með sér yfirfærslu fjármuna til viðtakanda greiðslu,
- 45) „útgefandi greiðslumiðla“: greiðsluþjónusta sem veitt er af greiðsluþjónustuveitanda sem gerir samning um að veita greiðanda greiðslumiðil til að hefja og vinna greiðslur greiðandans,

⁽²⁹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2014 frá 7. janúar 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns stofnana (Stjtið. ESB L 74, 14.3.2014, bls. 8).

⁽³⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

- 46) „eiginfjárgrunnur“: eiginfjárgrunnur eins og hann er skilgreindur í 118. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 þar sem a.m.k. 75% af eiginfjárþætti 1 er í formi almenns eigin fjár þáttar 1 eins og um getur í 50. gr. þeirrar reglugerðar og þáttur 2 er jafn eða minni en einn þriðji af almennum eigin fé þáttar 1,
- 47) „greiðsluvörumerki“: hvers konar efnislegt eða rafrænt nafn, heiti, merki, tákn eða samsetning þeirra, sem getur tilgreint innan hvaða greiðslukortakerfis kortatengdar greiðslur eru framkvæmdar,
- 48) „kortasamstarf (e. *co-badging*)“: þegar tvö eða fleiri greiðsluvörumerki eða greiðsluleiðir sama vörumerkis eru á sama greiðslumiðlinum.

II. BÁLKUR

GREIÐSLUÞJÓNUSTUVEITENDUR

1. KAFLI

Greiðslustofnanir

1. þáttur

Almennar reglur

5. gr.

Umsóknir um leyfi

1. Til að fá starfsleyfi sem greiðslustofnun skal leggja inn umsókn hjá lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu ásamt eftirfarandi:
 - a) starfsáætlun þar sem m.a. kemur fram hvers konar greiðsluþjónusta er fyrirhuguð,
 - b) viðskiptaáætlun með fjárhagsáætlun sem reiknuð er fyrir fyrstu þrjú fjárhagsárin og sýnir að umsækjandi geti notað viðeigandi kerfi, sem eru í réttu hlutfalli við starfsemina, verðmæti og verkferla til að standa undir traustum rekstri,
 - c) gögnum um að greiðslustofnunin hafi yfir að ráða því stofnfé sem kveðið er á um í 7. gr.,
 - d) fyrir greiðslustofnanirnar, sem um getur í 1. mgr. 10. gr., lýsingu á þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að vernda fjármuni notenda greiðsluþjónustu í samræmi við 10. gr.,
 - e) lýsingu á stjórnarformi umsækjanda og innri eftirlitskerfum, þ.m.t. aðferðir við stjórnun, áhættustýringu og reikningsskil, sem sýnir að stjórnarhættir, eftirlitskerfi og verkferlar séu í réttu hlutfalli við starfsemina, viðeigandi, traustir og fullnægjandi,
 - f) lýsingu á málsmeðferðinni sem er fyrir hendi til að hafa eftirlit með, meðhöndla og fylgja eftir váatviki og kvörtunum viðskiptavina að því er varðar öryggisatriði, þ.m.t. fyrirkomulag skýrslugjafar um atvik sem tekur tillit til tilkynningarskyldu greiðslustofnunarinnar sem mælt er fyrir um í 96. gr.,
 - g) lýsingu á ferlinu við að skrá, vakta, rekja og takmarka aðgang að viðkvæmum greiðslugögnum,
 - h) lýsingu á fyrirkomulagi rekstrarsamfellu sem inniheldur skýra tilgreiningu á mikilvægri starfsemi, skilvirkri viðbragðsáætlun og ferlinu til að kanna reglulega og endurskoða hversu fullnægjandi og skilvirkar slíkar áætlanir eru,
 - i) lýsingu á meginreglum og skilgreiningum sem beitt er við söfnun á tölfraðilegum gögnum um árangur, færslur og svik,
 - j) skjali um öryggisstefnu, sem inniheldur ítarlegt áhættumat í tengslum við greiðsluþjónustu hennar og lýsingu á ráðstöfunum vegna öryggiseftirlits og mildunarráðstafana sem gripið er til í því skyni að vernda greiðsluþjónustunotendur með fullnægjandi hætti fyrir áhættunni sem er tilgreind, þ.m.t. svik og ólögleg notkun viðkvæmra gagna og persónuupplýsinga,
 - k) að því er varðar greiðslustofnanir sem falla undir skuldbindingarnar í tengslum við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ⁽³¹⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/847 ⁽³²⁾, lýsingu á innra eftirlitskerfi sem umsækjandinn hefur komið á fót til að fara að þessum skuldbindingum,

- l) lýsingu á skipulagsuppbyggingu umsækjanda, þ.m.t., ef við á, lýsingu á ætlaðri notkun umboðsmanna og útibúa og athugunum utan vettvangs og á vettvangi sem umsækjandinn undirgengst að framkvæma á þeim eigi sjaldnar en árlega, ásamt lýsingu á útvistarfyrirkomulagi, og aðild umsækjanda að landsbundnum eða alþjóðlegum greiðslukerfum,
- m) upplýsingum um deili á einstaklingum sem eiga hlutdeild í umsækjanda, beint eða óbeint, virka eignarhlutdeild í umsækjanda í skilningi 36. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, stærð eignarhlutdeilda þeirra og gögn um hæfni þeirra með hliðsjón af nauðsyn þess að tryggja trausta og varfærna stjórn greiðslustofnunar,
- n) upplýsingum um deili á stjórnendum og einstaklingum sem bera ábyrgð á stjórn greiðslustofnunarinnar og, ef við á, einstaklingum sem eru ábyrgir fyrir stjórn á greiðsluþjónustustarfsemi greiðslustofnunarinnar ásamt vitnisburði um að þeir hafi óflekkað mannorð og hafi til að bera viðeigandi þekkingu og reynslu til að annast greiðsluþjónustu samkvæmt því sem heimaaðildarríki greiðslustofnunarinnar ákvarðar,
- o) eftir atvikum, deili á löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum samkvæmt skilgreiningu í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB⁽³³⁾,
- p) réttarstöðu umsækjanda og samþykktum,
- q) heimilisfangi aðalskrifstofu umsækjanda.

Að því er tekur til d-, e-, f- og l-liðar fyrstu undirgreinar skal umsækjandi leggja fram lýsingu á endurskoðunarfyrtækjum sínu og því skipulagsfyrtækjum sem hann hefur komið á með það að markmiði að gera allar þær ráðstafanir sem raunhæfar teljast til að vernda hagsmuni notenda sinna og tryggja samfelldni og áreiðanleika í framkvæmd greiðsluþjónustunnar.

Ráðstafanirnar vegna öryggiseftirlits og mildunar sem um getur í j-lið fyrstu undirgreinar skulu tilgreina hvornig þær tryggja öflugt tæknilegt öryggi og gagnavernd, þ.m.t. fyrir hugbúnað og upplýsingatæknikerfi sem umsækjandinn, eða fyrirtækin sem hann útvistar starfsemi sína til að öllu leyti eða að hluta til, notar. Þessar ráðstafanir skulu einnig innihalda öryggisráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 95. gr. Þessar ráðstafanir skulu taka tillit til viðmiðunarreglna Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um öryggisráðstafanir eins og um getur í 3. mgr. 95. gr. þegar þeim hefur verið komið á.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að fyrirtæki sem sækja um leyfi til að veita greiðsluþjónustu eins og um getur í 7. lið I. viðauka hafi, sem skilyrði fyrir starfsleyfi þeirra, starfsábyrgðartryggingu, sem nær yfir svæðið þar sem þau bjóða þjónustu, eða aðra sambærilega tryggingu vegna bótaábyrgðar til að tryggja að þau geti staðið við skuldbindingar sínar eins og tilgreint er í 73., 89., 90. og 92. gr.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að fyrirtæki sem sækja um skráningu til að veita greiðsluþjónustu eins og um getur í 8. lið I. viðauka hafi, sem skilyrði fyrir skráningu þeirra, starfsábyrgðartryggingu, sem nær yfir svæðið þar sem þeir bjóða þjónustu, eða aðra sambærilega tryggingu vegna bótaábyrgðar gagnvart greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningaþjónustu eða greiðsluþjónustunotanda, sem leiðir af óheimiluðum eða sviksamlegum aðgangi að, eða óheimilaðri eða sviksamlegri notkun á, upplýsingum um greiðslureikninga.

⁽³¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).

⁽³²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/847 frá 20. maí 2015 um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1781/2006 (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 1).

⁽³³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE (Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87).

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 13. janúar 2017, að höfðu samráði við alla viðkomandi hagsmunaaðila, þ.m.t. þá sem eru á greiðsluþjónustumarkaði, að teknu tilliti til allra viðeigandi hagsmuna, gefa út viðmiðunarreglur, sem beint er til lögbærra yfirvalda, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um viðmiðanirnar um það hvernig mæla skal fyrir um lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar eða annarrar sambærilegrar ábyrgðar sem um getur í 2. og 3. mgr.

Við þróun viðmiðunarreglnanna, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til eftirfarandi atriða:

- a) áhættusniðs fyrirtækisins,
- b) hvort fyrirtækið veitir aðra greiðsluþjónustu eins og um getur í I. viðauka eða stundar aðra starfsemi,
- c) umfangs starfseminnar:
 - i. að því er varðar fyrirtæki sem sækja um leyfi til að veita greiðsluþjónustu eins og um getur í 7. lið I. viðauka, virði fyrirhugaðra færslna,
 - ii. að því er varðar fyrirtæki sem sækja um skráningu til að veita greiðsluþjónustu eins og um getur í 8. lið I. viðauka, fjöldi viðskiptavina sem nota upplýsingaþjónustuna um reikninga,
- d) séreinkenna sambærilegra ábyrgðaryfirlýsinga og viðmiðananna fyrir framkvæmd þeirra.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal endurskoða þessar viðmiðunarreglur með reglulegu millibili.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 13. janúar 2017, að höfðu samráði við alla viðkomandi hagsmunaaðila, þ.m.t. þá sem eru á greiðsluþjónustumarkaði, að teknu tilliti til allra viðeigandi hagsmuna, gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um upplýsingarnar sem veita skal lögbærum yfirvöldum við umsókn um starfsleyfi greiðslustofnana, þ.m.t. kröfurnar sem mælt er fyrir um í a-, b-, c-, e- og g- til j-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal endurskoða þessar viðmiðunarreglur með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

6. Með tilliti til, eftir því sem við á, fenginnar reynslu af beitingu viðmiðunarreglnanna sem um getur í 5. mgr. getur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin samið frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreinir upplýsingarnar sem veita skal lögbærum yfirvöldum við umsókn um starfsleyfi greiðslustofnana, þ.m.t. kröfurnar sem mælt er fyrir um í a-, b-, c-, e- og g- til j-lið 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

7. Upplýsingarnar sem um getur í 4. mgr. skulu tilkynntar lögbærum yfirvöldum í samræmi við 1. mgr.

6. gr.

Yfirråd yfir hlutafjäreign

1. Einstaklingur eða lögaðili sem hefur ákveðið að kaupa eða auka enn frekar, beint eða óbeint, virka eignarhlutdeild í merkingu 36. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 í greiðslustofnun, svo að hlutfall hlutafjár eða atkvæðisréttar nemi eða fari yfir 20%, 30% eða 50%, eða þannig að greiðslustofnunin yrði dótturfélag hans, skal tilkynna lögbærum yfirvöldum þeirrar greiðslustofnunar fyrirfram skriflega um fyrirætlan sína. Það sama gildir um einstakling eða lögaðila sem hefur tekið ákvörðun um að ráðstafa, beint eða óbeint, virkum eignarhlut eða draga úr virkri eignarhlutdeild sinni svo að hlutfall hlutafjár eða atkvæðisréttar fari

undir 20%, 30% eða 50%, eða þannig að greiðslustofnunin hætti að vera dótturfélag hans.

2. Hinn fyrirhugaði yfirtökuaðili virks eignarhlutar skal veita lögbæru yfirvaldi upplýsingar um hve stórum hluta þeir hyggjast ráða yfir og viðeigandi upplýsingar sem getið er um í 4. mgr. 23. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að ef líklegt er að áhrif fyrirhugaðs yfirtökuaðila, eins og um getur í 2. undirlið, hafi slæm áhrif á trausta og varfærna stjórnun greiðslustofnunar skuli lögbær yfirvöld láta andstöðu sína í ljós eða grípa til annarra viðeigandi ráðstafana til að binda enda á það ástand. Slíkar ráðstafanir geta tekið til lögbanns, refsiaðgerða gagnvart stjórnendum eða aðilum sem bera ábyrgð á stjórnun, eða sviptingar atkvæðisréttar sem fylgir hlutabréfum hluthafa eða aðila greiðslustofnunarinnar sem um ræðir.

Svipaðar ráðstafanir skulu gilda gagnvart einstaklingum og lögaðilum sem ekki standa við þá skuldbindingu að veita upplýsingar fyrirfram, svo sem kveðið er á um í þessari grein.

4. Ef eignarhlutdeildar er aflað þrátt fyrir andstöðu lögbærra yfirvalda skulu aðildarríki, óháð öðrum refsiaðgerðum sem gripið er til, sjá svo um að því sé frestað að viðkomandi fái að neyta atkvæðisréttar síns eða að greidd atkvæði séu ógild eða hægt sé að ógilda þau.

7. gr.

Stofnfé

Aðildarríki skulu krefjast þess að við viðtöku starfsleyfis eigi greiðslustofnanir stofnfé sem í eru einn eða fleiri af þeim liðum sem um getur í a- til e-lið 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eins og hér segir:

- a) ef greiðslustofnun veitir aðeins þá greiðsluþjónustu sem um getur í 6. lið I. viðauka skal hlutfé hennar aldrei vera lægra en 20 000 evrur,
- b) ef greiðslustofnun veitir þá greiðsluþjónustu sem um getur í 7. lið I. viðauka skal hlutfé hennar aldrei vera lægra en 50 000 evrur,
- c) ef greiðslustofnun veitir einhverja þá greiðsluþjónustu sem um getur í 1.–5. lið I. viðauka skal hlutfé hennar aldrei vera lægra en 125 000 evrur.

8. gr.

Eiginfjárgrunnur

1. Eiginfjárgrunnur greiðslustofnunar má hvorki fara undir fjárhæð stofnfjár, eins og um getur í 7. gr., né fjárhæð eiginfjárgrunns eins og hann er reiknaður út í samræmi við 9. gr. þessarar tilskipunar, hvor þeirra sem er hærri.
2. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir endurtekna notkun þátta, sem geta talist til eigin fjár, þegar greiðslustofnunin er í eigu sömu samstæðu og önnur greiðslustofnun eða lánastofnun, annað verðbréfafyrirtæki, eignastýringarfyrirtæki eða váttryggingafyrirtæki. Þessi málsgrein gildir einnig ef greiðslustofnun rekur samhliða aðra starfsemi en greiðsluþjónustu.
3. Ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2103 eru uppfyllt geta aðildarríkin eða lögbær yfirvöld þeirra valið að beita ekki 9. gr. þessarar tilskipunar gagnvart greiðslustofnunum sem falla undir samstæðueftirlit móðurlánastofnunar samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB.

9. gr.

Útreikningur eiginfjárgrunns

1. Þrátt fyrir kröfur um stofnfé, sem settar eru fram í 7. gr., skulu aðildarríkin krefjast þess að eigið fé greiðslustofnana, að undanskildum þeim sem bjóða einungis þjónustu eins og um getur í 7. eða 8. lið, eða báðum, I. viðauka, sé ávallt reiknað í samræmi við eina af eftirfarandi þremur aðferðum, eftir því sem lögbær yfirvöld ákvarða í samræmi við landslög:

Aðferð A

Eigið fé greiðslustofnunar skal vera a.m.k. 10% af föstum kostnaði fyrra árs. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að breyta þessari kröfu ef umtalsverðar breytingar hafa orðið á rekstri greiðslustofnunar frá fyrra ári. Hafi greiðslustofnun starfað skemur en eitt rekstrarár, þegar útreikningur fer fram, skal gerð krafa um að eigið fé hennar sé a.m.k. 10% af samsvarandi föstum kostnaði sem gert er ráð fyrir í rekstraráætlun, nema lögbær yfirvöld krefjist þess að þeirri áætlun sé breytt.

Aðferð B

Eigið fé greiðslustofnunar skal nema a.m.k. samtölu eftirfarandi liða margfaldaðri með kvarðastuðlinum k, sem skilgreindur er í 2. mgr., ef greiðslumagníð (GM) er einn tólfti af heildarfjárhæð greiðslna sem greiðslustofnunin framkvæmdi á fyrra ári:

- a) 4,0% af þeim hluta sem um ræðir af GM, allt að 5 milljónum evra,

auk

- b) 2,5% af þeim hluta sem um ræðir af GM yfir 5 milljónum evra, allt að 10 milljónum evra,

auk

- c) 1% af þeim hluta sem um ræðir af GM yfir 10 milljónum evra, allt að 100 milljónum evra,

auk

- d) 0,5% af þeim hluta sem um ræðir af GM yfir 100 milljónum evra, allt að 250 milljónum evra,

auk

- e) 0,25% af þeim hluta sem um ræðir af GM yfir 250 milljónum evra,

Aðferð C

Fjárhæð eigin fjár greiðslustofnunar skal vera a.m.k. viðeigandi vísir sem skilgreindur er í a-lið, margfaldaður með margfeldisstuðlinum sem skilgreindur er í b-lið og með kvarðastuðlinum k sem skilgreindur er í 2. mgr.

- a) Viðeigandi vísir er samtala eftirfarandi liða:

i. vaxtatekna,

ii. vaxtakostnaðar,

iii. fenginna umboðslauna og þóknana og

iv. annarra rekstrartekna.

Hver þáttur skal talinn með í samtölunni með jákvæðu eða neikvæðu formerki sínu. Ekki má nota óreglulega tekjuliði í útreikningi á viðkomandi vísi. Útgjöld vegna útvistunar á þjónustu hjá þriðja aðila geta lækkað viðkomandi vísi ef félagið, sem stofnar til útgjaldanna, er háð eftirliti samkvæmt þessari tilskipun. Viðkomandi vísir er reiknaður á grundvelli tólf mánaða mælingar við lok fyrra fjárhagsárs. Viðkomandi vísir skal reiknaður fyrir fyrra fjárhagsár. Eigi að síður skal eigið fé, sem reiknað er í samræmi við aðferð C, ekki vera undir 80% af meðaltali þriggja undanfarinna fjárhagsára fyrir viðkomandi vísi. Ef endurskoðaðar tölur liggja

ekki fyrir má nota mat fyrirtækisins.

b) Margföldunarstuðullinn skal vera:

- i. 10% af þeim hluta, sem um ræðir, af viðkomandi vísi allt að 2,5 milljónum evra,
- ii. 8% af þeim hluta, sem um ræðir, af viðkomandi vísi frá 2,5 milljónum evra allt að 5 milljónum evra,
- iii. 6% af þeim hluta, sem um ræðir, af viðkomandi vísi frá 5 milljónum evra allt að 25 milljónum evra,
- iv. 3% af þeim hluta, sem um ræðir, af viðkomandi vísi frá 25 milljónum evra allt að 50 milljónum evra,
- v. 1,5% yfir 50 milljónum evra.

2. Kvarðastuðullinn k, sem á að nota í aðferð B og C, skal vera:

- a) 0,5 ef greiðslustofnunin veitir aðeins þá greiðsluþjónustu sem um getur í 6. lið I. viðauka,
- b) 1 ef greiðslustofnunin veitir aðeins þá greiðsluþjónustu sem um getur í einhverjum af 1.–5. lið I. viðauka.

3. Lögbær yfirvöld geta, á grundvelli mats á áhættustýringarferlum greiðslustofnunarinnar, gagnagrunni hennar yfir tapáhættu og innri eftirlitskerfum, gert kröfu um að eigið fé greiðslustofnunar sé allt að 20% hærra en fjárhæðin sem gæti leitt af beitingu aðferðarinnar sem er valin í samræmi við 1. mgr., eða heimilað greiðslustofnun að fjárhæð eigin fjár sé allt að 20% lægri en fjárhæðin sem leiddi af beitingu þeirra aðferðar sem valin er í samræmi við 1. mgr.

10. gr.

Kröfur um varðveislu fjármuna

1. Aðildarríki eða lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að greiðslustofnun sem veitir greiðsluþjónustu eins og um getur í 1.–6. lið I. viðauka varðveiti alla fjármuni sem hún hefur tekið við frá notendum greiðsluþjónustu eða fyrir milligöngu annars greiðsluþjónustuveitanda til að framkvæma greiðslu, með annarri hvorri af eftirfarandi leiðum:

- a) aldrei skal blanda fjármunum saman við fjármuni annarra einstaklinga eða lögaðila en notenda greiðsluþjónustu, sem fjármunirnir koma frá, og skulu þeir, ef greiðslustofnunin hefur þá enn í vörslum sínum og viðtakandi greiðslu hefur ekki enn fengið þá greidda eða þeir verið yfirfærðir til annars greiðsluþjónustuveitanda við lok næstkomandi virks dags eftir viðtöku fjármunanna, lagðir inn á sérstakan reikning í lánastofnun eða festir í tryggu lausafé með lítilli áhættu, eins og lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skilgreina það, og þeir skulu, í samræmi við lög viðkomandi lands og í þágu notenda greiðsluþjónustu, varðir gegn kröfum annarra lánardrottna greiðslustofnunarinnar, einkum þegar um er að ræða ógjaldfærni,
- b) fjármunirnir skulu tryggðir samkvæmt váttryggingarsamningi, eða einhverri sambærilegri ábyrgð váttryggingafélags eða lánastofnunar, sem tilheyrir ekki sömu samstæðu og greiðslustofnunin, að fjárhæð, sem er jafnvirði þeirrar sem væri haldið aðgreindri ef ekki væri um að ræða váttryggingarsamning eða sambærilega ábyrgð, sem greiðist ef greiðslustofnunin er ófær um að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

2. Ef gerð er krafa um að greiðslustofnun verndi fjármuni skv. 1. mgr. og hluta þeirra fjármuna skuli nota í framtíðargreiðslur og eftirstandandi fjárhæð skuli nota í þjónustu sem er ekki greiðsluþjónusta skal sá hluti fjármunanna sem nota skal til greiðslna í framtíðinni einnig falla undir kröfurnar skv. 1. mgr. Ef sá hluti er breytilegur eða ekki er vitað hver hann er fyrirfram skulu aðildarríkin leyfa greiðslustofnunum að beita þessari málsgrein á grundvelli dæmigerðs hlutar, sem talið er að verði notaður til greiðsluþjónustu, að því tilskildu að lögbær yfirvöld telji víst að unnt sé að meta þess háttar dæmigerðan hlut með góðu móti út frá eldri gögnum.

11. gr.

Veiting starfsleyfis

1. Aðildarríki skulu gera kröfu um að fyrirtæki, sem ekki eru tilgreind í a-, b-, c-, e- og f-lið 1. mgr. 1. gr. og aðrir en einstaklingar eða lögaðilar, sem njóta undanþágu skv. 32. eða 33. gr. og hyggjast veita greiðsluþjónustu, afli sér starfsleyfis sem greiðslustofnun áður en greiðsluþjónusta hefst. Starfsleyfi skal aðeins veitt lögaðila með staðfestu í aðildarríki.
2. Lögbær yfirvöld skulu veita starfsleyfi ef upplýsingar og gögn, sem fylgja umsókn, uppfylla allar kröfur sem mælt er fyrir um í 5. gr. og ef heildarmat lögbærra yfirvalda, sem hafa granskoðað umsóknina, er jákvætt. Áður en lögbær yfirvöld veita starfsleyfi geta þau, ef við á, leitað ráðgjafar seðlabanka í viðkomandi aðildarríki eða annarra viðeigandi opinberra yfirvalda.
3. Greiðslustofnun, sem samkvæmt landslögum heimaaðildarríkis síns er skylt að hafa skráða skrifstofu, skal hafa aðalskrifstofu sína í sama aðildarríki og skráð skrifstofa hennar er og skal framkvæma a.m.k. hluta af greiðsluþjónustustarfsemi sinnar þar.
4. Lögbær yfirvöld skulu aðeins veita starfsleyfi ef, að teknu tilliti til þarfarinnar á að tryggja trausta og varfærna stjórnun greiðslustofnunar, fyrirkomulag stjórnunarháttanna í rekstri greiðsluþjónustu greiðslustofnunarinnar er traust, þ.m.t. skýrt stjórnskipulag með vel skilgreindri, gagnsærri og samræmdri skiptingu ábyrgðar, skilvirkar verklagsreglur til að greina, stjórna, hafa eftirlit með og tilkynna um áhættu, sem greiðslustofnunin er eða kann að vera óvarin fyrir, og fullnægjandi innri eftirlitakerfi, þ.m.t. traustar stjórnunar- og reikningsskilaaðferðir, og skal fyrirkomulag, verklagsreglur og vinnsluferfi vera tæmandi og í hlutfalli við eðli, umfang og flókna framkvæmd greiðsluþjónustunnar sem greiðslustofnunin annast.
5. Ef greiðslustofnun veitir einhverja þá greiðsluþjónustu sem um getur í 1.–7. lið I. viðauka og annast jafnframt aðra starfsemi geta lögbær yfirvöld gert kröfu um stofnun sérstakrar einingar fyrir rekstur greiðsluþjónustunnar ef sú starfsemi greiðslustofnunarinnar sem er ekki greiðsluþjónusta rýrir, eða líkur eru á að hún rýri, trausta fjárhagsstöðu greiðslustofnunarinnar, eða getu lögbærra yfirvalda til að hafa eftirlit með því hvort greiðslustofnunin uppfyllir allar þær skyldur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
6. Lögbær yfirvöld skulu synja um veitingu starfsleyfis ef þau telja hluthafa eða aðila með virka eignarhlutdeild ekki hæfa með hliðsjón af því að nauðsynlegt er að tryggja trausta og varfærna stjórnun greiðslustofnunar.
7. Ef nán tengsl, eins og þau eru skilgreind í 38. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eru fyrir hendi milli greiðslustofnunar og annarra einstaklinga eða lögaðila skulu lögbær yfirvöld einungis veita starfsleyfi ef sýnt er að þessi tengsl koma ekki í veg fyrir að þau sinni eftirlitshlutverki sínu sem skyldi.
8. Lögbær yfirvöld skulu aðeins veita starfsleyfi ef lög og stjórnsýslufyrirmæli þriðja lands, sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila, sem greiðslustofnunin hefur nán tengsl við, eða vandkvæði tengd framkvæmd þeirra koma ekki í veg fyrir að þau geti annast eftirlitshlutverk sitt sem skyldi.
9. Starfsleyfi skal gilda í öllum aðildarríkjum og gera hlutaðeigandi greiðslustofnun kleift að veita greiðsluþjónustuna sem fellur undir starfsleyfið alls staðar í Sambandinu, samkvæmt frelsinu til að veita þjónustu eða staðfesturéttinum.

12. gr.

Tilkynning um ákvörðun

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna umsækjanda hvort starfsleyfi hefur verið veitt eða umsókn um það synjað innan þriggja mánaða frá viðtöku umsóknar eða, ef umsókninni er ábótavant, frá því allar upplýsingar, sem krafist er vegna ákvörðunarinnar, hafa borist. Lögbært yfirvald skal setja fram rök ef það synjar um starfsleyfi.

13. gr.

Afturköllun starfsleyfis

1. Lögbærum yfirvöldum er aðeins heimilt að afturkalla starfsleyfi, sem greiðslustofnun hefur verið veitt, ef stofnunin:
 - a) nýtir ekki leyfið innan 12 mánaða, afsalar sér skýlaust leyfinu eða hættir starfsemi í meira en sex mánuði, hafi hlutaðeigandi aðildarríki ekki gert ráð fyrir að starfsleyfi falli úr gildi í slíkum tilvikum,

- b) hefur fengið starfsleyfið á grundvelli falsaðra yfirlýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,
 - c) uppfyllir ekki lengur skilyrðin um veitingu starfsleyfis eða upplýsir ekki lögbært yfirvald um umfangsmikla þróun hvað það varðar,
 - d) myndi ógna stöðugleika eða trausti á greiðslukerfinu með áframhaldandi rekstri greiðsluþjónustunnar eða
 - e) fellur undir annað ákvæði í landslögum sem kveður á um afturköllun starfsleyfis.
2. Lögbært yfirvald skal greina frá ástæðum fyrir afturköllun starfsleyfis og upplýsa hlutaðeigandi aðila til samræmis við það.
3. Lögbært yfirvald skal birta opinberlega afturköllun á starfsleyfi, þ.m.t. í skránum sem um getur í 14. og 15. gr.

14. gr.

Skráning í heimaaðildarríkinu

1. Aðildarríki skulu koma á opinberri skrá þar sem eftirfarandi er fært inn:
- a) greiðslustofnanir sem hafa starfsleyfi og umboðsaðilar þeirra,
 - b) einstaklingar og lögaðilar sem hafa fengið undanþágu skv. 32. eða 33. gr. og umboðsaðilar þeirra, og
 - c) stofnanir sem um getur í 5. mgr. 2. gr. sem hafa leyfi samkvæmt landslögum til að veita greiðsluþjónustu.

Færa skal útibú greiðslustofnana í skrá heimaaðildarríkisins ef þessi útibú veita þjónustu í aðildarríki öðru en heimaaðildarríki sínu.

2. Í opinberu skránni skal koma fram hvers konar greiðsluþjónustu greiðslustofnunin hefur starfsleyfi fyrir eða einstaklingurinn eða lögaðilinn hefur verið skráður fyrir. Í skránni skulu færslur um greiðslustofnanir með starfsleyfi aðgreindar frá einstaklingum og lögaðilum sem hafa fengið undanþágu í samræmi við 32. eða 33. gr. Almennigur skal hafa aðgang að skránni, hún skal vera aðgengileg á Netinu og uppfærð án tafar.
3. Lögbær yfirvöld skulu færa í opinberu skrána allar afturkallanir á starfsleyfi og allar afturkallanir á undanþágum skv. 32. eða 33. gr.
4. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um ástæður fyrir afturköllun starfsleyfis og undanþágu skv. 32. eða 33. gr.

15. gr.

Skrá Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal þróa, starfrækja og viðhalda rafrænni miðlægri skrá sem inniheldur upplýsingar eins og lögbær yfirvöld hafa tilkynnt í samræmi við 2. mgr. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ber ábyrgð á rétttri framsetningu þessara upplýsinga.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gera skrána aðgengilega öllum á vefsetri sínu og auðvelda aðgang og leit að upplýsingunum sem skráðar eru, án endurgjalds.

2. Lögbær yfirvöld skulu, án tafar, tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um upplýsingarnar sem færðar eru í opinbera skrá þeirra eins og um getur í 14. gr. á tungumáli sem hefð er fyrir að nota á sviði fjármála.

3. Lögbær yfirvöld skulu bera ábyrgð á því að upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 2. mgr. séu réttar og á að þessar upplýsingar sér uppfærðar.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum um tæknilegar kröfur um þróun, rekstur og viðhald á rafrænu miðlægu skránni og um aðgengi að upplýsingunum sem er að finna í henni. Tæknilegu kröfurnar skulu tryggja að aðeins lögbært yfirvald og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin geti gert breytingar á upplýsingunum.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þetta frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 13. janúar 2018.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum um nákvæm efnisatriði og form upplýsinganna sem skal tilkynna skv. 1. mgr., þ.m.t. sameiginlegt snið og fyrirmynd að því er varðar þessar upplýsingar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum framkvæmdastöðlum eigi síðar en 13. júlí 2017.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

16. gr.

Viðhald starfsleyfis

Ef breytingar hafa áhrif á nákvæmni upplýsinga og gagna, sem lögð eru fram í samræmi við 5. gr., skal greiðslustofnun án ástæðulausrar tafar tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaáðildarríki sínu um það.

17. gr.

Reikningsskil og lögboðin endurskoðun

1. Tilskipanir 86/635/EBE og 2013/34/ESB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002⁽³⁴⁾ gilda um greiðslustofnanir að breyttu breytanda.

2. Löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyritæki, í skilningi tilskipunar 2006/43/EB, skulu endurskoða ársreikninga og samstæðureikningsskil greiðslustofnana nema þær séu undanþegnar því samkvæmt tilskipun 2013/34/ESB og, eftir því sem við á, tilskipun 86/635/EBE.

3. Áðildarríkin skulu vegna eftirlits gera kröfu um að greiðslustofnanir leggi fram aðskilin reikningsskil fyrir greiðsluþjónustu og þá starfsemi sem um getur í 1. mgr. 18. gr. og skal krafist áritunar endurskoðanda á þau. Áritunina annast löggiltir endurskoðendur eða endurskoðunarfyritæki, eftir því sem við á.

4. Skuldbindingarnar í 63. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, skulu, að breyttu breytanda, gilda um löggilta endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki greiðslustofnana að því er varðar greiðsluþjónustustarfsemi.

18. gr.

Starfsemi

1. Að frátöldu ákvæðinu um greiðsluþjónustu er greiðslustofnunum heimilt að annast eftirfarandi starfsemi:

⁽³⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (Stjtið. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1).

- a) rekstur og nátengda viðbótarþjónustu, s.s. að tryggja framkvæmd greiðslna, gjaldeyris skipti, fjárvörslu og varðveislu og úrvinnslu gagna,
 - b) rekstur greiðslukerfa, sbr. þó 35. gr.,
 - c) aðra starfsemi en veitingu greiðsluþjónustu, með hliðsjón af gildandi lögum Sambandsins og landslögum einstakra aðildarríkja.
2. Þegar greiðslustofnanir annast eina gerð greiðsluþjónustu eða fleiri mega þær aðeins hafa greiðslureikninga sem notaðir eru einvörðungu vegna greiðslna.
3. Allir fjármunir, sem greiðslustofnanir taka við frá notendum greiðsluþjónustu með það í huga að veita greiðsluþjónustu, skulu hvorki teljast innlán né aðrir endurgreiðanlegir fjármunir í skilningi 9. gr. tilskipunar 2013/36/ESB né rafeyrir eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. tilskipunar 2009/110/EB.
4. Greiðslustofnanir mega aðeins veita lán í tengslum þá greiðsluþjónustu sem um getur í 4. eða 5. lið í I. viðauka ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
- a) lánið skal vera hliðarstarfsemi og einungis veitt í tengslum við framkvæmd greiðslu,
 - b) þrátt fyrir reglur í hverju aðildarríki fyrir sig um lánveitingar með kreditkortum skal lánið, sem veitt er í tengslum við greiðsluna og gengið er frá í samræmi við 9. mgr. 11. gr. og 28. gr., endurgreiðast innan skamms tíma sem skal ekki undir neinum kringumstæðum vera lengri en tólf mánuðir,
 - c) þess háttar lán skal ekki veitt af þeim fjármunum sem tekið er við eða sem eru geymdir í þeim tilgangi að framkvæma greiðslur,
 - d) eigið fé greiðslustofnunar skal ávallt og að mati eftirlitsyfirvalda vera viðeigandi með tilliti til heildarfjárhæðar lána sem veitt eru.
5. Greiðslustofnanir skulu ekki annast innlánsstarfsemi eða taka við öðru fé til endurgreiðslu í skilningi 9. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.
6. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á tilskipun 2008/48/EB, aðra viðeigandi löggjöf Sambandsins eða landsráðstafanir einstakra aðildarríkja að því er varðar skilyrði fyrir lánveitingu til neytenda sem er ekki samræmd með þessari tilskipun en samrýmist lögum Sambandsins.

2. þáttur

Aðrar kröfur

19. gr.

Notkun umboðsaðila, útibúa eða eininga sem starfsemi hefur verið útvistuð til

1. Þegar greiðslustofnun hyggst veita greiðsluþjónustu fyrir milligöngu umboðsaðila skal hún senda lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki sínu eftirfarandi upplýsingar:
- a) nafn og heimilisfang umboðsaðilans,
 - b) lýsingu á innra eftirlitskerfi sem umboðsaðilinn mun nota til að fara að skuldbindingunum í tengslum við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skv. tilskipun (ESB) 2015/849, sem skal uppfæra án tafar ef um er að ræða atburði sem valda verulegum breytingum á upplýsingunum sem sendar eru í upphaflegu tilkynningunni,
 - c) deili á stjórnendum og þeim aðilum sem bera ábyrgð á stjórn umboðsaðilans, sem nota á við greiðsluþjónustu, og, fyrir aðra aðila en greiðsluþjónustuveitendur, gögn um að þeir séu til þess hæfir,
 - d) greiðsluþjónustu greiðslustofnunarinnar sem umboðsaðilinn hefur umboð fyrir og

e) eftir atvikum, einkvæman auðkenniskóða eða númer umboðsaðilans.

2. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal, innan tveggja mánaða frá viðtöku upplýsinganna sem um getur í 1. mgr., senda greiðslustofnuninni upplýsingar um hvort umboðsaðilinn hefur verið færður í skrána sem kveðið er á um í 14. gr. Umboðsaðilinn getur, við skráninguna, hafið veitingu greiðsluþjónustu.

3. Áður en umboðsaðilinn er færður í skrána skulu lögbær yfirvöld, ef þau telja að upplýsingarnar sem þeim voru veittar séu ekki réttar, gripa til frekari aðgerða til að sannreyna þær.

4. Ef lögbær yfirvöld eru, eftir að hafa gripið til aðgerða til að sannreyna upplýsingarnar, ekki fullviss um að upplýsingarnar, sem þeim voru veittar skv. 1. mgr., séu réttar, skulu þau synja um færslu umboðsaðilans í skrána sem kveðið er á um í 14. gr. og skulu upplýsa greiðslustofnunina um það án ótilhlýðilegrar tafar.

5. Ef greiðslustofnun óskar eftir að veita greiðsluþjónustu í öðru aðildarríki með því að ráða umboðsaðila eða koma á fót útibúi skal hún fylgja málsmeðferðinni sem sett er fram í 28. gr.

6. Ef greiðslustofnun hyggst útvísta rekstrarþætti greiðsluþjónustu skal hún tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki sínu.

Útvistun mikilvægra rekstrarþátta, þ.m.t. upplýsingatæknikerfi, skal ekki fara þannig fram að hún rýri verulega gæði innra eftirlits greiðslustofnunar og getu lögbærra yfirvalda til að hafa eftirlit með og ganga úr skugga um að greiðslustofnunin uppfylli allar þær skyldur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

Í skilningi annarrar undirgreinar skal rekstrarþáttur teljast mikilvægur ef ágalli eða misbrestur í framkvæmd hans rýrir verulega getu greiðslustofnunar til að uppfylla áfram þær kröfur sem liggja til grundvallar starfsleyfinu, sem hún óskaði eftir samkvæmt þessum bálki, eða aðrar skyldur hennar samkvæmt þessari tilskipun, fjárhagslegan árangur hennar eða styrkleika eða samfelldni greiðsluþjónustu hennar. Aðildarríki skulu sjá til þess, þegar greiðslustofnanir útvísta mikilvæga rekstrarþætti, að þær uppfylli eftirfarandi skilyrði:

a) útvistunin skal ekki leiða til þess að ábyrgð æðri stjórnar verði falin öðrum,

b) sambandi og skyldum greiðslustofnunar gagnvart notendum greiðsluþjónustu samkvæmt þessari tilskipun skal ekki breytt,

c) ekki skal grafið undan skilyrðunum, sem greiðslustofnun skal fara að til að fá starfsleyfi og halda því í samræmi við þennan bálk,

d) ekki skal fella brott eða breyta neinu af öðrum skilyrðum sem liggja til grundvallar starfsleyfi greiðslustofnunar.

7. Greiðslustofnanir skulu sjá til þess að umboðsaðilar eða útibúi, sem starfa á þeirra vegum, tilkynni notendum greiðsluþjónustu um þetta.

8. Greiðslustofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki sínu, án ástæðulausrar tafar, allar breytingar á notkun eininga sem þær útvísta starfsemi sína til og, í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2., 3. og 4. mgr., umboðsaðila, þ.m.t. viðbótarumboðsaðila.

20. gr.

Bótaábyrgð

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að þær greiðslustofnanir sem fela þriðju aðilum að annast rekstrarþætti geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að farið sé að kröfum þessar tilskipunar.
2. Aðildarríki skulu gera kröfu um að greiðslustofnanir beri fulla bótaábyrgð á aðgerðum starfsmanna sinna, umboðsaðila, útibúa eða eininga sem annast útvistaða starfsemi.

21. gr.

Skráahald

Aðildarríki skulu gera kröfu um að greiðslustofnanir varðveiti allar viðeigandi skrár að því er varðar þennan bálk tilskipunarinnar í a.m.k. fimm ár, sbr. þó tilskipun (ESB) 2015/849 eða aðra viðeigandi löggjöf Sambandsins.

3. þáttur

Lögbær yfirvöld og eftirlit

22. gr.

Tilnefning lögbærra yfirvalda

1. Aðildarríkin skulu tilnefna sem lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á veitingu starfsleyfa til og varfærniseftirliti með greiðslustofnunum, sem framkvæma skulu þau verkefni sem kveðið er á um í þessum bálki, annaðhvort stjórnvöld eða aðila sem eru viðurkenndir í landslögum eða af þeim stjórnvöldum sem hafa til þess skýra heimild samkvæmt landslögum, þ.m.t. seðlabankar einstakra aðildarríkja.

Lögbær yfirvöld skulu ábyrgjast að þau séu óháð aðilum í efnahagslífinu og skulu forðast hagsmunaárekstra. Með fyrirvara um fyrsta undirlit skulu greiðslustofnanir, lánastofnanir, rafeyrisstofnanir eða pósthjóstofnanir ekki tilnefndar sem lögbær yfirvöld.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni til samræmis við það.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld, sem tilnefnd eru skv. 1. mgr., hafi allar þær heimildir sem nauðsynlegar eru til að sinna skyldum sínum.
3. Ef um er að ræða fleiri en eitt lögbært yfirvald á yfirráðasvæði aðildarríkja að því er varðar mál, sem fjallað er um í þessum bálki, skulu aðildarríkin sjá til þess að þau yfirvöld starfi náið saman svo að þau geti leyst verkefni sín af hendi með skilvirkum hætti. Hið sama á við ef yfirvöld, sem eru lögbær um mál, sem fjallað er um í þessum bálki, eru ekki þau lögbæru yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með lánastofnunum.
4. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu bera ábyrgð á þeim verkefnum sem lögbær yfirvöld, sem tilnefnd eru skv. 1. mgr., annast.
5. Í 1. mgr. felst ekki að gerð sé krafa um að lögbær yfirvöld hafi eftirlit með annarri starfsemi greiðslustofnunar en þeirri greiðsluþjónustu og starfsemi sem um getur í a-lið 1. mgr. 18. gr.

23. gr.

Eftirlit

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að í eftirliti lögbærra yfirvalda, með því að ætíð sé farið að ákvæðunum sem fjallað er um í þessum bálki, sé ávallt gætt meðalhófs, það sé fullnægjandi og taki mið af þeirri áhættu sem greiðslustofnanir eru óvarðar fyrir.

Til að kanna hvort farið er að ákvæðunum í þessum bálki skulu lögbær yfirvöld einkum eiga rétt á að gera eftirfarandi ráðstafanir:

- a) að krefjast þess að greiðslustofnunin leggi fram allar upplýsingar sem þörf er á til að unnt sé að hafa eftirlit með því að reglum sé fylgt, tilgreina tilganginn að baki beiðninni, eins og við á, og skilafrest upplýsinganna,

- b) að framkvæma skoðun á staðnum þar sem greiðslustofnunin, umboðsaðili eða útibú er til húsa og veitt er greiðsluþjónusta, sem greiðslustofnunin ber ábyrgð á, eða þar sem eining, sem starfsemin er útvistuð til, er til húsa,
- c) að gefa út tilmæli, leiðbeiningar og, ef við á, bindandi stjórnisýslufyrirmæli,
- d) að stöðva tímabundið starfsleyfi eða afturkalla það skv. 13. gr.

2. Með fyrirvara um málsmeðferð við afturköllun starfsleyfa og ákvæði hegningarlaga skulu aðildarríkin kveða á um að viðkomandi lögbær yfirvöld þeirra geti, hafi greiðslustofnanir eða þeir sem í reynd hafa eftirlit með rekstri greiðslustofnana, gerst brotlegir við lög eða stjórnisýslufyrirmæli um eftirlit eða rekstur greiðsluþjónustufyrirtækis síns, samþykkt eða lagt á, að því er þá varðar, refsingar eða gert aðrar ráðstafanir sem hafa það skýra markmið að binda enda á brot, sem verður vart við, eða uppræta orsakir þess háttar brota.

3. Þrátt fyrir kröfur 7. gr., 8. gr. (1. og 2. mgr.) og 9. gr. skulu aðildarríkin sjá til þess að lögbær yfirvöld eigi rétt á að grípa til þeirra ráðstafana sem lýst er í 1. mgr. þessarar greinar til að tryggja nægilegt eigið fé til greiðsluþjónustu, einkum ef sú starfsemi greiðslustofnunar sem er ekki greiðsluþjónusta rýrir eða er líkleg til að rýra trausta fjárhagsstöðu greiðslustofnunarinnar.

24. gr.

Þagnarskylda

- 1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir einstaklingar, sem starfa eða hafa starfað fyrir lögbær yfirvöld, sem og sérfræðingar sem starfa fyrir hönd lögbærra yfirvalda, séu bundnir þagnarskyldu, sbr. þó tilvik sem falla undir ákvæði hegningarlaga.
- 2. Í upplýsingaskiptum skal þagnarskyldu stranglega beitt í samræmi við 26. gr. til að tryggja vernd einstaklinga og viðskiptaréttinda.
- 3. Aðildarríki geta beitt þessari grein að teknu tilliti til, að breyttu breytanda, 53.–61. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

25. gr.

Réttur til að vísa til dómstóla

- 1. Aðildarríki skulu sjá til þess að unnt sé að vefengja fyrir dómstólum ákvarðanir sem lögbær yfirvöld taka að því er varðar greiðslustofnun samkvæmt lögum og stjórnisýslufyrirmælum sem samþykkt eru í samræmi við þessa tilskipun.
- 2. Ákvæði 1. mgr. gilda einnig þegar um er að ræða athafnaleysi.

26. gr.

Upplýsingaskipti

- 1. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu starfa saman ásamt, eftir því sem við á, Seðlabanka Evrópu og seðlabönkum aðildarríkjanna, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og öðrum hlutaðeigandi lögbærum yfirvöldum sem tilnefnd eru samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum einstakra aðildarríkja sem gilda um greiðsluþjónustuveitendur.
- 2. Aðildarríki skulu auk þess heimila upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda sinna og eftirfarandi aðila:
 - a) lögbærra yfirvalda annarra aðildarríkja sem ábyrgð bera á veitingu starfsleyfa og eftirliti með greiðslustofnunum,
 - b) Seðlabanka Evrópu og seðlabanka aðildarríkja, samkvæmt opinberu umboði sem peningamála- og eftirlitsyfirvöld, og, ef við á, annarra opinberra yfirvalda sem eru ábyrg fyrir eftirliti með greiðslu- og uppgjörskerfum,
 - c) annarra viðkomandi yfirvalda sem tilnefnd eru samkvæmt þessari tilskipun, tilskipun (ESB) 2015/849 og öðrum lögum Sambandsins sem gilda um greiðsluþjónustuveitendur, s.s. lög um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,
 - d) Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, í hlutverki sínu við að stuðla að samræmdri og samfelldri eftirlitsráðstöfun eins og um getur

í a-lið 5. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

27. gr.

Lausn deilumála á milli lögbærra yfirvalda mismunandi aðildarríkja

1. Ef lögbært yfirvald aðildarríkis telur, í tilteknu máli, að samstarf yfir landamæri við lögbær yfirvöld annars aðildarríkis sem um getur í 26., 28., 29., 30. eða 31. gr. þessarar tilskipunar, uppfylli ekki viðkomandi skilyrði sem sett eru fram í þessum ákvæðum geti það vísað málefninu til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og óskað eftir aðstoð hennar í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.
2. Ef Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur verið beðin um aðstoð skv. 1. mgr. þessarar greinar skal hún taka ákvörðun skv. 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 án ástæðulausrar tafar. Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni er einnig heimilt að aðstoða lögbær yfirvöld við að ná samkomulagi að eigin frumkvæði í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar. Í hvoru tilvikinu sem er skulu viðkomandi lögbær yfirvöld fresta ákvörðunum sínum þar til niðurstaða skv. 19. gr. þeirrar reglugerðar liggur fyrir.

28. gr.

Neyting staðfesturéttar og nýting frelsis til að veita þjónustu

1. Greiðslustofnun með starfsleyfi, sem óskar eftir að veita greiðsluþjónustu í öðru aðildarríki en heimaaðildarríki sínu í fyrsta sinn og neytir staðfesturéttar síns eða nýtir sér frelsi til að veita þjónustu, skal senda eftirfarandi upplýsingar lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki sínu:
 - a) nafn, heimilisfang og, eftir atvikum, leyfisnúmer greiðslustofnunar,
 - b) aðildarríkið eða aðildarríkin þar sem það hyggst starfa,
 - c) greiðsluþjónustuna sem fyrirhugað er að veita,
 - d) ef greiðslustofnunin hyggst nota umboðsaðila, upplýsingar sem um getur í 1. mgr. 19. gr.,
 - e) ef greiðslustofnunin hyggst nota útibú, upplýsingarnar sem um getur í b- og e-lið 1. mgr. 5. gr. að því er varðar greiðsluþjónustustarfsemina í gístiaðildarríkinu, lýsingu á stjórnskipulagi útibúsins og deili á þeim sem bera ábyrgð á stjórnun útibúsins.

Ef greiðslustofnun hyggst útvista rekstrarþætti greiðsluþjónustu til annarra eininga í gístiaðildarríkinu skal hún tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki sínu.

2. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu, innan eins mánaðar frá viðtöku allra upplýsinganna sem um getur í 1. mgr., senda þær lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu.

Lögbær yfirvöld í gístiaðildarríkinu skulu, innan eins mánaðar frá viðtöku upplýsinganna frá lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu, meta þær upplýsingar og veita lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu viðeigandi upplýsingar í tengslum við fyrirhugaða veitingu viðkomandi greiðslustofnunar á greiðsluþjónustu samkvæmt staðfesturéttinum eða frelsinu til að veita þjónustu. Lögbær yfirvöld í gístiaðildarríkinu skulu upplýsa lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu sérstaklega um allar gildar ástæður til áhyggna í tengslum við fyrirhugaða notkun umboðsaðila eða stofnsetningu útibús að því er varðar peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverkastarfsemi í skilningi tilskipunar (ESB) 2015/849.

Ef lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu eru ekki sammála mati lögbærra yfirvalda í gístiaðildarríkinu skulu þau greina því síðarnefnda frá ástæðunum fyrir ákvörðun sinni.

Ef mat lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkisins, einkum í ljósi upplýsinganna sem þau fá frá lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu, er ekki hagstætt skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu synja umboðsaðilanum eða útibúinu um skráningu eða afturkalla

skráninguna ef hún hefur þegar átt sér stað.

3. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu, innan þriggja mánaða frá viðtöku upplýsinganna sem um getur í 1. mgr., tilkynna ákvörðun sína lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu og greiðslustofnuninni.

Umboðsaðilinn eða útibúið getur, eftir skráninguna í skrána sem um getur í 14. gr., hafið starfsemi sína í viðkomandi gístiaðildarríki.

Greiðslustofnunin skal tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu um daginn sem hún hefur starfsemi sína fyrir milligöngu umboðsaðila eða útibús í viðkomandi gístiaðildarríki. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu um þessar breytingar til samræmis við það.

4. Greiðslustofnunin skal tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu, án ótilhlýðilegrar tafar, um allar verulegar breytingar varðandi upplýsingar sem sendar eru í samræmi við 1. mgr., þ.m.t. viðbótarumboðsaðilar, -útbú eða -einingar sem starfsemi er útvistuð til í gístiaðildarríkinu þar sem það starfar. Beita skal þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina rammann um samstarf, og fyrir upplýsingaskipti, milli lögbærra yfirvalda í heima- og gístiaðildarríkinu í samræmi við þessa grein. Þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum skulu tilgreina aðferðina, leiðina og einstök atriði við samstarf um tilkynningu til greiðslustofnana sem starfa yfir landamæri og, sérstaklega, umfang og meðhöndlun upplýsinga sem leggja skal fram, þ.m.t. sameiginleg iðorðanotkun og stöðluð tilkynningareyðublöð til að tryggja samræmt og skilvirkt tilkynningarferli.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum eigi síðar en 13. janúar 2018.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

29. gr.

Eftirlit með greiðslustofnunum sem neyta staðfesturéttar og nýta frelsi til að veita þjónustu

1. Til að lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki geti annast framkvæmd eftirlits og gert þær nauðsynlegu ráðstafanir sem kveðið er á um í þessum bálki og í ákvæðum landslaga sem lögleiða III. og IV. bálk, í samræmi við 4. mgr. 100. gr., að því er varðar umboðsaðila eða útibú greiðslustofnunar sem staðsett er á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, útvistar starfsemi sína til, skulu þau hafa samstarf við lögbær yfirvöld í gístiaðildarríkinu.

Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu, með samstarfi í samræmi við fyrstu undirgrein, tilkynna lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu þegar þau hyggjast framkvæma skoðun á staðnum á yfirráðasvæði hins síðarnefnda.

Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu geta á hinn bóginn falið lögbærum yfirvöldum í gístiaðildarríkinu framkvæmd skoðunar á staðnum hjá viðkomandi stofnun.

2. Lögbær yfirvöld í gístiaðildarríkjunum geta krafist þess að greiðslustofnanir, sem hafa umboðsaðila eða útibú á yfirráðasvæðum þeirra, gefi þeim skýrslu með reglulegu millibili um starfsemina á yfirráðasvæði þeirra.

Krefjast skal slíkra skýrslna í upplýsingaskyni eða í tölfæðilegum tilgangi, að því marki sem umboðsaðilarnir og útibúin stunda greiðsluþjónustustarfsemi sína samkvæmt staðfesturéttinum, til að fylgjast með því að farið sé að ákvæðum landslaga sem lögleiða III. og IV. bálk. Slíkir umboðsaðilar og útibú skulu falla undir kröfur um þagnarskyldu sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem um getur í 24. gr.

3. Lögbær yfirvöld skulu veita hvert öðru allar brýnar og/eða viðeigandi upplýsingar, einkum þegar um er að ræða brot eða grun um brot umboðsaðila eða útibús, og ef slík brot áttu sér stað í tengslum við neytingu frelssis til að veita þjónustu. Að því er þetta varðar skulu lögbær yfirvöld senda allar upplýsingar sem málið varðar ef óskað er eftir því og allar mikilvægar upplýsingar að eigin frumkvæði, þ.m.t. um það hvort greiðslustofnunin uppfyllir skilyrðin skv. 3. mgr. 11. gr.

4. Aðildarríki geta krafist þess að greiðslustofnanir sem starfa á yferráðasvæði þeirra fyrir milligöngu umboðsaðila samkvæmt staðfesturéttinum, með aðalskrifstofu í öðru aðildarríki, tilnefni aðaltengilið á yferráðasvæði þeirra til að tryggja fullnægjandi upplýsinga- og skýrslugjöf um það hvort farið sé að III. og IV. bálki, án þess að hafa áhrif á ákvæði um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi og til að auðvelda eftirlit lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríkinu og gístiaðildarríkinu, þ.m.t. með því að veita lögbærum yfirvöldum gögn og upplýsingar samkvæmt beiðni.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja frumvarp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreinir viðmiðanirnar sem skal beita við ákvörðun, í samræmi við meðalhófsregluna, á aðstæðunum þegar rétt þykir að tilnefna aðaltengilið og hlutverk þessara tengiliða, skv. 4. mgr.

Þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum skulu einkum taka til greina:

- a) heildarumfang og -virði færslna sem greiðslustofnunin framkvæmir í gístiaðildarríkjum,
- b) tegund greiðsluþjónustu sem er veitt og
- c) heildarfjöldi umboðsaðila sem hafa staðfestu í gístiaðildarríkinu.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum eigi síðar en 13. janúar 2017.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina rammann um samstarf, og fyrir upplýsingaskipti, milli lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríkinu og gístiaðildarríkinu í samræmi við þennan bálk og til að hafa eftirlit með að farið sé að ákvæðum landslaga sem lögleiða III. og IV. bálk. Þessi frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum skulu tilgreina aðferðina, leiðina og einstök atriði við samstarf um eftirlit með greiðslustofnunum sem starfa yfir landamæri og, sérstaklega, umfang og meðhöndlun upplýsinga sem skiptast skal á til að tryggja samræmt og skilvirkt eftirlit með greiðslustofnunum sem veita greiðsluþjónustu yfir landamæri.

Þessi frumvörp að tæknilegum framkvæmdarstöðlum skulu einnig tilgreina aðferðina og einstök atriði varðandi skýrslugjöf sem gístiaðildarríki krefjast frá greiðslustofnunum um greiðsluþjónustustarfsemi sem stunduð er á yferráðasvæði þeirra í samræmi við 2. mgr., þ.m.t. tíðni slíkrar skýrslugjafar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum eigi síðar en 13. janúar 2018.

7. Framkvæmdastjórninni eru veittar valdheimildir til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í 5. og 6. mgr. í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

30. gr.

Ráðstafanir ef ekki er farið að ákvæðum, þ.m.t. varúðarráðstafanir

1. Ef lögbært yfirvald í gístiaðildarríki kemst að raun um að greiðslustofnun, sem hefur umboðsaðila eða útibú á yferráðasvæði þess, fari ekki að þessum bálki eða landslögum sem lögleiða III. eða IV. bálk, skal það upplýsa lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu um það án tafar, án þess að það hafi áhrif á ábyrgð lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríkinu.

Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal, eftir að hafa lagt mat á upplýsingarnar sem það fær samkvæmt fyrstu undirgrein, án ótilhlýðilegrar tafar, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að hlutaðeigandi greiðslustofnun fari að settum reglum. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í gístiaðildarríkinu og lögbærum yfirvöldum í öðrum hlutaðeigandi aðildarríkja tafarlaust um þessar ráðstafanir.

2. Við neyðarástand, ef nauðsynlegt er að grípa til tafarlausra aðgerða til að taka á alvarlegri ógn gegn sameiginlegum hagsmunum

greiðsluþjónustunotenda í gístaðildarríkinu, geta lögbær yfirvöld í gístaðildarríkinu gert varúðarráðstafanir, samhliða samstarfi yfir landamæri milli lögbæra yfirvalda og fram að ráðstöfunum lögbæra yfirvalda í heimaaðildarríkinu, eins og sett er fram í 29. gr.

3. Allar varúðarráðstafanir skv. 2. mgr. skulu vera viðeigandi og í réttu hlutfalli við þann tilgang þeirra að verjast alvarlegri ógn gegn sameiginlegum hagsmunum greiðsluþjónustunotenda í gístaðildarríkinu. Þær skulu ekki valda því að greiðsluþjónustunotendur greiðslustofnunarinnar í gístaðildarríkinu njóti betri meðferðar en greiðsluþjónustunotendur í öðrum aðildarríkjum.

Varúðarráðstafanir skulu vera tímabundnar og þeim hætt þegar tekið hefur verið á þeirri alvarlegu ógn sem greind er, þ.m.t. með hjálp eða í samvinnu við lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu eða Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, í samræmi við 1. mgr. 27. gr.

4. Ef það samrýmist neyðarástandinu skulu lögbær yfirvöld í gístaðildarríkinu upplýsa lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkja, framkvæmdastjórnina og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina fyrirfram og án ástæðulausrar tafar um varúðarráðstafanirnar sem gripið er til skv. 2. mgr. og um rökstuðning fyrir þeim.

31. gr.

Rökstuðningur og orðsendingar

1. Rökstyðja skal allar ráðstafanir, sem lögbær yfirvöld grípa til skv. 23., 28., 29. eða 30. gr. og fela í sér refsingar eða takmarkanir á frelsi til að veita þjónustu eða staðfesturétti, á tilhlýðilegan hátt og hlutaðeigandi greiðslustofnun tilkynnt um þær.

2. Ákvæði 28., 29. og 30. gr. skulu vera með fyrirvara um þá skyldu lögbæra yfirvalda samkvæmt tilskipun (ESB) 2015/849 og reglugerð (ESB) 2015/847, einkum 1. mgr. 48. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 og 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2015/847, að hafa eftirlit með eða vakta að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í fyrrnefndri tilskipun og reglugerð.

4. Þáttur

Undanþága

32. gr.

Skilyrði

1. Aðildarríki geta veitt, eða heimilað lögbærum yfirvöldum sínum að veita, einstaklingum eða lögaðilum, sem veita greiðsluþjónustu eins og um getur í 1.–6. lið I. viðauka, undanþágu frá beitingu hluta eða allrar málsmeðferðarinnar og skilyrðanna sem sett eru fram í 1., 2. og 3. þætti, að undanskildum 14., 15., 22., 24., 25. og 26. gr., ef:

a) mánaðarlegt meðaltal heildarfjárhæðar greiðslna næstliðinna tólf mánaða á undan sem viðkomandi aðili hefur framkvæmt, þ.m.t. umboðsaðilar, sem hann tekur fulla ábyrgð á, er ekki hærra en hámarkið sem aðildarríkið setur en aldrei yfir þrjár milljónir evra. Þessi krafa skal metin á grundvelli áætlaðrar heildarfjárhæðar greiðslna í viðskiptaáætlun hans nema lögbært yfirvald krefjist leiðréttingar á þeirri áætlun og

b) enginn þeirra einstaklinga, sem ábyrgir eru fyrir stjórn eða rekstri fyrirtækisins, hefur verið dæmdur fyrir brot sem tengjast peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverkastarfsemi eða öðrum fjármálaglæpum.

2. Gera skal kröfu um að einstaklingur eða lögaðili, sem skráður er í samræmi við 1. mgr., hafi aðalskrifstofu eða aðsetur í aðildarríkinu þar sem reksturinn fer í reynd fram.

3. Farið skal með aðila, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sem greiðslustofnanir, en 9. mgr. 11. gr. og 28., 29. og 30. gr. gilda þó ekki um þá.

4. Aðildarríki geta einnig kveðið á um að einstaklingur eða lögaðili, sem skráður er í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, geti aðeins tekið þátt í hluta þeirrar starfsemi sem tilgreind er í 18. gr.

5. Aðilar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um allar breytingar á stöðu sinni sem skipta

máli að því er varðar þau skilyrði sem tilgreind eru í þeirri málsgrein. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að viðkomandi aðili sæki um starfsleyfi innan 30 almanaksdaga í samræmi við 11. gr. ef skilyrðin, sem sett eru fram í 1., 2. eða 4. mgr., eru ekki lengur uppfyllt.

6. Ákvæði 1.–5. mgr. þessarar greinar gilda hvorki að því er varðar tilskipun (ESB) 2015/849 né landsbundin lög gegn peningþvætti.

33. gr.

Veitendur upplýsingaþjónustu um reikninga

1. Einstaklingar eða lögaðilar sem veita aðeins þá greiðsluþjónustu sem getur í 8. lið I. viðauka skulu undanþegnir beitingu málsmeðferðarinnar og skilyrðanna, sem sett eru fram í 1. og 2. þætti, að undanskilinni 5. gr. (a-liður, b-liður, e- til h-liður, j-liður, l-liður n-liður p-liður og q-liður 1. mgr.), 5. gr. (3. mgr.) og 14. og 15. gr. Ákvæði 3. þáttar gilda, að undanskilinni 3. mgr. 23. gr.

2. Farið skal með aðila sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar sem greiðslustofnanir, en III. og IV. bálkur gilda ekki um þá, að undanskildum 41., 45. og 52. gr., eftir atvikum, og 67. og 69. gr. og 95.–98. gr.

34. gr.

Tilkynningar og upplýsingar

Ef aðildarríki beitir undanþágu skv. 32. gr. skal það, eigi síðar en 13. janúar 2018, tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína til samræmis við það og tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað um allar síðari breytingar. Auk þess skal aðildarríkið tilkynna framkvæmdastjórninni um fjölda viðkomandi einstaklinga eða lögaðila og, á ársgrundvelli, um heildarvirði greiðslna sem framkvæmdar hafa verið til og með 31. desember á hverju almanaksári eins og um getur í a-lið 1. mgr. 32. gr.

2. KAFLI

Almenn ákvæði

35. gr.

Aðgangur að greiðslukerfi

1. Aðildarríki skulu tryggja að reglur um aðgang greiðsluþjónustuveitenda, sem eru með starfsleyfi eða skráðir og eru lögaðilar, að greiðslukerfum séu hlutlægar, án mismununar og gætt sé meðalhófs og að reglurnar hamli ekki aðgangi meira en nauðsynlegt er til verndar gegn tiltekinni áhættu, á borð við uppgjörshættu, rekstraráhættu eða viðskiptaáhættu, og verji fjárhagslegan og rekstrarlegan stöðugleika greiðslukerfisins.

Í greiðslukerfum skulu ekki gerðar kröfur til greiðsluþjónustuveitenda, notenda greiðsluþjónustu eða annarra greiðslukerfa vegna einhvers af eftirfarandi:

- a) takmarkandi reglu um virka aðild að öðrum greiðslukerfum,
- b) reglu sem mismunar greiðsluþjónustuveitendum, sem eru með starfsleyfi, eða skráðum greiðsluþjónustuveitendum, að því er varðar réttindi aðila, skyldur þeirra og heimildir,
- c) takmarkanir á grundvelli félagsréttarlegrar stöðu.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um:

- a) greiðslukerfi sem eru tiltekin í tilskipun 98/26/EB,
- b) greiðslukerfi sem eru einvörðungu samsett úr greiðsluþjónustuveitendum sem tilheyra samstæðu.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar skulu aðildarríki tryggja að ef þátttakandi í tilnefndu kerfi leyfir viðurkenndum eða skráðum

greiðsluþjónustuveitanda, sem er ekki þátttakandi í kerfinu, að gefa greiðslufyrirmæli fyrir milligöngu kerfisins skal þátttakandinn, þegar hann er beðinn um það, veita öðrum viðurkenndum eða skráðum greiðsluþjónustuveitendum sama tækifæri á hlutlægan, hóflegan hátt og án mismununar í samræmi við 1. mgr.

Þátttakandinn skal upplýsa greiðsluþjónustuveitandann, sem æskir þess, um allar ástæður fyrir synjun.

36. gr.

Aðgangur að reikningum hjá lánastofnun

Aðildarríki skulu tryggja að greiðslustofnanir hafi aðgang að greiðslureikningaþjónustu lánastofnana á hlutlægan hátt, án mismununar og hlutfallsbundið. Slíkur aðgangur skal vera nægilega umfangsmikill til að gera greiðslustofnunum kleift að veita greiðsluþjónustu á óhindraðan og skilvirkan hátt.

Lánastofnunin skal gefa lögbæru yfirvaldi rökstuddar ástæður fyrir hvers konar synjun.

37. gr.

Bann við því að aðrir aðilar en greiðsluþjónustuveitendur veiti greiðsluþjónustu og annist tilkynningarskyldu

1. Aðildarríkin skulu banna einstaklingum eða lögaðilum, sem eru hvorki greiðsluþjónustuveitendur né ótvírætt utan gildissviðs þessarar tilskipunar, að veita greiðsluþjónustu.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að þjónustuveitendur, sem stunda aðra hvora þá starfsemi sem um getur í i. og ii. lið k-liðar í 3. gr., eða stunda báðar tegundir starfseminnar, þar sem heildarvirði greiðslna sem framkvæmdar eru á næstliðnum tólf mánuðum er meira en ein milljón evra, sendi tilkynningu til lögbærra yfirvalda með lýsingu á þjónustunni sem er í boði og tilgreiningu á því samkvæmt hvaða undanþágum, sem um getur í i. og ii. lið k-liðar í 3. gr., starfsemin teljist vera framkvæmd.

Lögbært yfirvald skal á grundvelli þessarar tilkynningar taka rökstudda ákvörðun á grundvelli viðmiðananna sem um getur í k-lið 3. gr. ef starfsemin telst ekki vera afmarkað þjónustukerfi og upplýsa þjónustuveitandann til samræmis við það.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að þjónustuveitendur sem stunda starfsemi sem um getur í l-lið 3. gr. sendi tilkynningu til lögbærra yfirvalda og veiti lögbærum yfirvöldum árlegt endurskoðunarálit, sem staðfestir að starfsemin sé í samræmi við takmarkanirnar sem settar eru fram í l-lið 3. gr.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu lögbær yfirvöld upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um þjónustuna sem tilkynnt er um skv. 2. og 3. mgr. og tilgreina á grundvelli hvaða undanþágu starfsemin er stunduð.

5. Lýsingin á starfseminni sem tilkynnt er um skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar skal vera aðgengileg öllum í skránum sem kveðið er á um í 14. og 15. gr.

III. BÁLKUR

GAGNSÆI SKILMÁLA OG KRÖFUR UM UPPLÝSINGAR SEM GERÐAR ERU TIL GREIÐSLUÞJÓNUSTU

1. KAFLI

Almennar reglur

38. gr.

Gildissvið

1. Þessi bálkur gildir um stakar greiðslur, rammSAMninga og greiðslur sem falla undir þá. Aðilar geta samið um að hann skulu ekki gilda í heild eða að hluta til þegar notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.

2. Aðildarríki geta beitt ákvæðunum í þessum bálki á örfyrtæki á sama hátt og á neytendur.

3. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á tilskipun 2008/48/EB, aðra viðeigandi löggjöf Sambandsins eða landsráðstafanir einstakra aðildarríkja að því er varðar skilyrði fyrir lánveitingu til neytenda sem er ekki samræmd með þessari tilskipun en samrýmist lögum Sambandsins.

39. gr.

Önnur ákvæði í lögum Sambandsins

Ákvæði þessa bálks hafa ekki áhrif á þá löggjöf Sambandsins þar sem er að finna viðbótarkröfur við áður veittar upplýsingar.

Þegar tilskipun 2002/65/EB á einnig við skulu þó 44., 45., 51. og 52. gr. þessarar tilskipunar koma í staðinn fyrir kröfur þeirra um upplýsingar sem settar eru fram í 1. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar, að undanskildum c- til g-lið 2. liðar, a-, d- og e-lið 3. liðar og b-lið 4. liðar þeirrar málsgreinar.

40. gr.

Gjöld fyrir upplýsingar

1. Greiðsluþjónustuveitandi skal ekki krefja notanda greiðsluþjónustu um gjald fyrir að veita upplýsingar samkvæmt þessum bálki.
2. Greiðsluþjónustuveitandi og notandi greiðsluþjónustu geta komið sér saman um gjöld fyrir viðbótarupplýsingar, tíðari upplýsingagjöf eða sendingu upplýsinga eftir öðrum boðleiðum en tilgreindar eru í rammasamningi, sem veittar eru að beiðni notanda greiðsluþjónustunnar.
3. Leggi greiðsluþjónustuveitandi á gjöld fyrir upplýsingar í samræmi við 2. mgr. skulu þau vera sanngjörn og í samræmi við raunverulegan kostnað greiðsluþjónustuveitandans.

41. gr.

Sönnunarbyrði að því er varðar kröfur um upplýsingar

Aðildarríkin geta mælt fyrir um að greiðsluþjónustuveitandinn beri sönnunarbyrðina að því er varðar sönnun þess að hann hafi uppfyllt kröfur um upplýsingar sem fram koma í þessum bálki.

42. gr.

Undanþágur frá kröfum um upplýsingar vegna greiðslumiðla og rafeyris með lágum fjárhæðum

1. Þegar greiðslumiðlar sem, samkvæmt viðkomandi rammasamningi, snerta einungis stakar greiðslur sem ekki fara yfir 30 evrur eða hafa annaðhvort útgjaldapak sem nemur 150 evrum eða mega aldrei geyma hærri fjárhæðir en 150 evrur:

a) skal greiðsluþjónustuveitandinn, þrátt fyrir ákvæði 51., 52. og 56. gr., aðeins veita greiðanda upplýsingar um helstu einkenni greiðsluþjónustunnar, þ.m.t. um notkun greiðslumiðla, bótaábyrgð, gjöld, sem krafist er, og um aðrar viðeigandi upplýsingar, sem þörf er á til að taka upplýsta ákvörðun, ásamt vísbendingu um það hvar öðrum upplýsingum og skilmálum, sem tilgreind eru í 52. gr., er komið á framfæri á auðveldan og aðgengilegan hátt,

b) er unnt að semja um það, þrátt fyrir ákvæði 54. gr., að greiðsluþjónustuveitandanum beri ekki skylda til að leggja til breytingar á skilmálum rammasamningsins eins og kveðið er á um í 1. mgr. 51. gr.,

c) má semja um það, þrátt fyrir ákvæði 57. og 58. gr., eftir að greiðslan hefur farið fram:

i. að greiðsluþjónustuveitandinn veiti aðeins eða komi á framfæri tilvísunum sem gera notanda greiðsluþjónustu kleift að bera kennsl á greiðsluna, fjárhæð hennar, gjöld, ef einhver eru, og/eða, þegar um er að ræða nokkrar sams konar greiðslur til sama viðtakanda, upplýsingar um heildarfjárhæð og gjöld vegna þessara greiðslna,

ii. að ekki sé gerð krafa um að greiðsluþjónustuveitandinn veiti eða komi á framfæri þeim upplýsingum sem um getur í i. lið ef notkun greiðslumiðils er með nafnleynd eða ef greiðsluþjónustuveitandinn er að öðru leyti ekki tæknilega í stakk búinn til að veita þær. Á hinn bóginn skal greiðsluþjónustuveitandinn gefa greiðanda kost á að sannreyna þá fjárhæð sem geymd er.

2. Að því er varðar innlendar greiðslur geta aðildarríki eða lögbær yfirvöld þeirra lækkað eða tvöfaldað fjárhæðirnar sem um getur í 1. mgr. Aðildarríki mega hækka fjárhæðir vegna fyrirframgreiddra greiðslumiðla í allt að 500 evrur.

2. KAFLI

Stakar greiðslur

43. gr.

Gildissvið

1. Þessi kafli gildir um stakar greiðslur sem falla ekki undir rammasamning.
2. Þegar greiðslufyrirmæli vegna stakrar greiðslu eru send með greiðslumiðli, sem fellur undir rammasamning, er greiðsluþjónustuveitandinn ekki skuldbundinn til að veita eða koma á framfæri upplýsingum sem notandi greiðsluþjónustu hefur þegar fengið á grundvelli rammasamnings við annan greiðsluþjónustuveitanda eða sem honum verða veittar í samræmi við þann rammasamning.

44. gr.

Almennar upplýsingar veittar fyrirfram

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að greiðsluþjónustuveitandinn skuli, áður en samningur eða tilboð vegna stakra greiðslna verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu, koma, á auðveldan og aðgengilegan hátt, þeim upplýsingum og skilmálum, sem tilgreind eru í 45. gr. að því er varðar eigin þjónustu hans, á framfæri við notanda greiðsluþjónustunnar. Að beiðni notanda greiðsluþjónustu skal greiðsluþjónustuveitandinn leggja fram upplýsingar og skilmála á pappír eða öðrum varanlegum miðli. Upplýsingarnar og skilmálarnir skulu sett fram á auðskiljanlegan hátt og á skýru og skiljanlegu formi, á opinberu tungumáli aðildarríkisins, þar sem greiðsluþjónustan er veitt, eða á hverju því tungumáli öðru sem aðilar koma sér saman um.
2. Ef þjónustusamningur um stakar greiðslur hefur verið gerður að beiðni notanda greiðsluþjónustu með tilstyrk fjarskipta og það gerir greiðsluþjónustuveitandanum ókleift að fara að 1. mgr., skal greiðsluþjónustuveitandinn uppfylla skyldur sínar samkvæmt þeirri málsgrein þegar í stað eftir að greiðsla hefur verið framkvæmd.
3. Skyldur skv. 1. mgr. þessarar greinar má einnig uppfylla með því að leggja fram afrit af drögum að þjónustusamningi um stakar greiðslur eða drög að greiðslufyrirmælum ásamt upplýsingum og skilmálum sem tilgreind eru í 45. gr.

45. gr.

Upplýsingar og skilmálar

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eftirfarandi upplýsingar og skilmálar séu lögð fram eða komið á framfæri af greiðsluþjónustuveitandanum við notanda greiðsluþjónustu:
 - a) lýsing á upplýsingunum eða því sérstaka kennimerki sem notandi greiðsluþjónustu á að leggja fram til að hægt sé að hefjast handa við greiðslufyrirmælin eða framkvæma þau á réttan hátt,
 - b) hámarkstími, sem framkvæmd greiðsluþjónustunnar má taka,
 - c) öll gjöld sem notandi greiðsluþjónustunnar á að greiða greiðsluþjónustuveitandanum og, eftir atvikum, sundurliðun þessara gjalda,
 - d) eftir atvikum, raunverulegt gengi eða viðmiðunargengi sem gildir fyrir greiðsluna.
2. Þar að auki skulu aðildarríki sjá til þess að veitendur greiðslufyrirmælaþjónustu skulu, áður en stofnað er til greiðslu, veita greiðandanum, eða gera aðgengilegar greiðandanum, eftirfarandi skýrar og ítarlegar upplýsingar:
 - a) heiti greiðslufyrirmælaþjónustuveitandans, heimilisfang aðalskrifstofu hans og, eftir atvikum, heimilisfang umboðsaðila hans eða útibús, sem hefur aðsetur í aðildarríkinu, þar sem greiðsluþjónustan er veitt, og aðrar samskiptaupplýsingar, þ.m.t. tölvupóstfang, sem viðeigandi er í boðskiptum við greiðslufyrirmælaþjónustuveitandann, og

b) samskiptaupplýsingar lögbærs yfirvalds.

3. Eftir atvikum skal öðrum viðeigandi upplýsingum og skilmálum, sem tilgreind eru í 52. gr., komið á framfæri við notanda greiðsluþjónustunnar á auðveldan og aðgengilegan hátt.

46. gr.

Upplýsingar fyrir greiðandann og viðtakanda greiðslu eftir að gefin hafa verið fyrirmæli um greiðslu

Til viðbótar við upplýsingarnar og skilyrðin sem tilgreind eru í 45. gr., ef greiðslufyrirmæli eru gefin fyrir milligöngu veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu, skal veitandi greiðslufyrirmælaþjónustu, strax eftir að fyrirmælin hafa verið gefin, veita eða gera aðgengileg greiðandanum, eða viðtakanda greiðslu eftir atvikum, öll eftirfarandi gögn:

- a) staðfestingu á að greiðslufyrirmæli hafi tekist hjá greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningaþjónustu,
- b) tilvísun, sem gerir greiðanda og viðtakanda greiðslu kleift að bera kennsl á greiðsluna og, eftir því sem við á, viðtakanda greiðslu kleift að bera kennsl á greiðandann og þær upplýsingar sem sendar eru með greiðslunni,
- c) fjárhæð greiðslunnar,
- d) eftir atvikum, fjárhæð gjalda sem greiða skal veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu fyrir færsluna og, eftir atvikum, sundurliðun fjárhæða þess háttar gjalda.

47. gr.

Upplýsingar fyrir greiðsluþjónustuveitanda sem veitir greiðanda reikningaþjónustu ef um er að ræða greiðslufyrirmælaþjónustu

Ef greiðslufyrirmæli eru veitt fyrir milligöngu veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu skal hann gera tilvísun í greiðsluna aðgengilega greiðsluþjónustuveitanda sem veitir greiðanda reikningaþjónustu.

48. gr.

Upplýsingar fyrir greiðanda eftir viðtöku greiðslufyrirmæla

Greiðsluþjónustuveitandi greiðanda skal, þegar í stað eftir viðtöku greiðslufyrirmæla, leggja fram eða koma á framfæri við greiðanda, á sama hátt og kveðið er á um í 1. mgr. 44. gr., öllum eftirfarandi gögnum að því er varðar eigin þjónustu:

- a) tilvísun, sem gerir greiðanda kleift að bera kennsl á greiðsluna og, eftir atvikum, upplýsingar sem varða viðtakanda greiðslu,
- b) fjárhæð greiðslunnar í þeim gjaldmiðli sem notaður er í greiðslufyrirmælunum,
- c) fjárhæð gjalda vegna greiðslunnar, sem greiðandi á að greiða, og, eftir atvikum, sundurliðun fjárhæða þess háttar gjalda,
- d) eftir atvikum, gengið sem greiðsluþjónustuveitandi greiðanda notar við greiðsluna eða tilvísun í það, þegar um er að ræða annað gengi en það sem kveðið er á um í samræmi við d-lið 1. mgr. 45. gr., og fjárhæð greiðslunnar eftir umreikning þess gjaldmiðils,
- e) dagsetningu viðtöku greiðslufyrirmælanna.

49. gr.

Upplýsingar fyrir viðtakanda greiðslu eftir að greiðsla hefur farið fram

Greiðsluþjónustuveitandi greiðanda skal þegar í stað eftir framkvæmd greiðslufyrirmæla leggja fram eða koma á framfæri við viðtakanda greiðslu, á sama hátt og kveðið er á um í 1. mgr. 44. gr., öllum eftirfarandi gögnum að því er varðar eigin þjónustu:

- a) tilvísun, sem gerir viðtakanda greiðslu kleift að bera kennsl á greiðsluna, og, eftir því sem við á, greiðanda og þær upplýsingar sem sendar eru með greiðslunni,

- b) fjárhæð greiðslunnar í þeim gjaldmiðli sem fjármunirnir, sem viðtakandi greiðslu fær til ráðstöfunar, eru í,
- c) fjárhæð gjalda vegna greiðslunnar, sem viðtakandi greiðslu á að greiða, og, eftir atvikum, sundurliðun fjárhæðar þess háttar gjalda,
- d) eftir atvikum, gengið sem greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu notar við greiðsluna og fjárhæð greiðslunnar áður en umreikningur viðkomandi gjaldmiðils fer fram,
- e) gildisdag eignfærslu.

3. KAFLI

Rammasamningar

50. gr.

Gildissvið

Þessi kafli gildir um greiðslur sem falla undir rammasamning.

51. gr.

Almennar upplýsingar veittar fyrir fram

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að greiðsluþjónustuveitandi skuli með góðum fyrirvara, áður en rammasamningur eða tilboð verður bindandi fyrir notanda greiðsluþjónustu, leggja fyrir hann á pappír eða öðrum varanlegum miðli upplýsingar og skilmála sem tilgreind eru í 52. gr. Upplýsingarnar og skilmálarnir skulu sett fram á auðskiljanlegan hátt og á skýru og skiljanlegu formi, á opinberu tungumáli aðildarríkisins, þar sem greiðsluþjónustan er veitt, eða á hverju því tungumáli öðru sem aðilar koma sér saman um.
2. Ef rammasamningurinn hefur verið gerður að beiðni notanda greiðsluþjónustu með tilstyrk fjarskipta, og það gerir greiðsluþjónustuveitanda ókleift að fara að 1. mgr., skal greiðsluþjónustuveitandi uppfylla skyldur sínar samkvæmt þeirri málsgrein þegar í stað eftir að rammasamningurinn hefur verið gerður.
3. Skyldur skv. 1. mgr. má einnig uppfylla með því að leggja fram afrit af drögum að rammasamningi ásamt upplýsingunum og skilmálunum sem tilgreind eru í 52. gr.

52. gr.

Upplýsingar og skilmálar

Aðildarríki skulu sjá til þess að notandi greiðsluþjónustu fái í hendur eftirfarandi upplýsingar og skilmála:

1. um greiðsluþjónustuveitandann:
 - a) heiti greiðsluþjónustuveitandans, heimilisfang aðalskrifstofu hans og, eftir atvikum, heimilisfang umboðsaðila hans eða útibús, sem hefur aðsetur í aðildarríkinu, þar sem greiðsluþjónustan er veitt, og önnur heimilisföng, þ.m.t. tölvupóstfang, sem viðeigandi er í boðskiptum við greiðsluþjónustuveitandann,
 - b) upplýsingar um viðkomandi eftirlitsyfirvöld og um skrána sem kveðið er á um í 14. gr. eða um hverja aðra viðeigandi opinbera skrá um starfsleyfi greiðsluþjónustuveitandans og skráningarnúmer eða jafngilda aðferð til auðkenningar í þeirri skrá,
2. um notkun greiðsluþjónustunnar:
 - a) lýsingu á helstu einkennum viðkomandi greiðsluþjónustu,
 - b) lýsingu á upplýsingunum eða því sérstaka kennimerki sem notandi greiðsluþjónustu skal leggja fram til að greiðslufyrirmælin verði framkvæmd á réttan hátt,
 - c) framsetningu og málsmeðferð við veitingu samþykkis á fyrirmælum eða framkvæmd greiðslu og afturköllun slíks samþykkis í samræmi við 64. og 80. gr.,
 - d) tilvísun til þess tíma þegar tekið var við greiðslufyrirmælum í samræmi við 78. gr., og lokunartíma sem greiðsluþjónustuveitandinn fastsetur, ef um hann er að ræða,

- e) hámarkstíma, sem framkvæmd greiðsluþjónustunnar má taka,
- f) hvort möguleiki er á samþykkt útgjaldabaks fyrir notkun greiðslumiðils í samræmi við 1. mgr. 68. gr.,
- g) ef um er að ræða greiðslur sem eru tengdar kortum sem falla undir kortasamstarf, réttindi notanda greiðsluþjónustu skv. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/751,

3. um gjöld, vexti og gengi:

- a) öll gjöld sem greiðsluþjónustunotandinn þarf að greiða greiðsluþjónustuveitandanum, þ.m.t. þau sem tengjast því með hvaða hætti og hversu oft upplýsingar eru veittar eða gerðar aðgengilegar samkvæmt þessari tilskipun og, eftir atvikum, sundurlíðun fjárhæða slíkra gjalda,
- b) eftir atvikum, vexti og gengi, sem nota skal, eða, ef nota á viðmiðunurvexti og viðmiðunargengi, aðferðina sem nota skal við útreikning á vöxtum, og viðeigandi dagsetningu og vísitölu eða grunn til að ákvarða þess háttar viðmiðunurvexti eða viðmiðunargengi,
- c) ef um semst, tafarlausu beitingu breytinga á viðmiðunurvöxtum eða viðmiðunargengi og upplýsingakröfur í tengslum við breytingarnar í samræmi við 2. mgr. 54. gr.,

4. um samskipti:

- a) eftir atvikum, samskiptaaðferðir, þ.m.t. tæknilegar kröfur sem gerðar eru til búnaðar og hugbúnaðar notanda greiðsluþjónustu sem aðilar semja um vegna sendingar upplýsinga eða tilkynninga samkvæmt þessari tilskipun,
- b) hvernig og hversu oft veita skal upplýsingar eða koma þeim á framfæri samkvæmt þessari tilskipun,
- c) tungumál, eitt eða fleiri, sem verður á rammasamningi og boðskiptum meðan á samningsbundnu sambandi stendur,
- d) rétt notanda greiðsluþjónustu til að fá samningsskilmála rammasamnings og upplýsingar og skilmála í samræmi við 53. gr.,

5. um ráðstafanir til verndar og úrbóta:

- a) eftir atvikum, lýsingu á ráðstöfunum sem notandi greiðsluþjónustu skal gera í því skyni að uppfylla öryggiskröfur um greiðslumiðil ásamt því hvernig tilkynningu til greiðsluþjónustuveitanda skuli háttáð með tilliti til b-liðar 1. mgr. 69. gr.,
- b) örugga málsmeðferð við tilkynningu greiðsluþjónustuveitanda til greiðsluþjónustunotanda ef um er að ræða grun um eða eiginleg svik eða öryggisógn,
- c) ef um það er samið, skilyrði þess að greiðsluþjónustuveitandi áskilji sér rétt til stöðva greiðslumiðil í samræmi við 68. gr.,
- d) bótaábyrgð greiðanda í samræmi við 74. gr., þ.m.t. upplýsingar um viðkomandi fjárhæð,
- e) hvernig notandi greiðsluþjónustu skal tilkynna greiðsluþjónustuveitanda um óheimilaða greiðslu sem hafist hefur verið handa við eða hefur verið framkvæmd á rangan hátt og frest sem hann hefur til þess í samræmi við 71. gr. sem og bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda á óheimiluðum greiðslum í samræmi við 73. gr.,
- f) bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda vegna fyrirmæla um eða framkvæmdar greiðslu í samræmi við 89. gr.,
- g) skilyrði fyrir endurgreiðslu í samræmi við 76. og 77. gr.,

6. um breytingar og uppsögn rammasamnings:

- a) ef um það er samið, upplýsingar um að notandi greiðsluþjónustu teljist hafa samþykkt breytingar á skilmálum í samræmi við 54. gr. nema greiðsluþjónustunotandinn tilkynni greiðsluþjónustuveitandanum að hann samþykki þær ekki áður en fyrirhugaður gildistími þeirra hefst,
- b) lengd rammasamningsins,
- c) rétt notanda greiðsluþjónustu til að segja upp rammasamningi og hugsanlegum samningum sem tengjast uppsögn skv. 1. mgr. 54. gr. og 55. gr.,

7. um úrlausn mála:

- a) samningsákvæði um hvaða lög gilda um rammasamninginn og/eða þar til bæra dómstóla,
- b) lausn deilumála utan dómstóla sem notandi greiðsluþjónustu á kost á í samræmi við 99.–102. gr.

53. gr.

Aðgengi að upplýsingum og skilmálum í rammasamningi

Meðan samningssambandið varir á notandi greiðsluþjónustu hvenær sem er rétt á að fá afhenta, að fram kominni beiðni þar um, samningsskilmála rammasamningsins ásamt þeim upplýsingum og skilmálum sem tilgreind eru í 52. gr. á pappír eða öðrum varanlegum miðli.

54. gr.

Breytingar á skilmálum rammasamnings

1. Greiðsluþjónustuveitandi skal gera tillögu að öllum hugsanlegum breytingum á rammasamningnum eða á upplýsingum og skilmálum, sem tilgreind eru í 52. gr., á þann hátt sem kveðið er á um í 1. mgr. 51. gr., eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir fyrirhugaðan gildistökudag. Greiðsluþjónustunotandinn getur annaðhvort samþykkt breytingarnar eða synjað þeim fyrir fyrirhugaðan gildistökudag þeirra.

Í samræmi við a-lið 6. liðar 52. gr. skal greiðsluþjónustuveitandinn, eftir atvikum, tilkynna notanda greiðsluþjónustu að hann teljist hafa samþykkt þessar breytingar tilkynni hann ekki greiðsluþjónustuveitandanum að hann samþykki þær ekki fyrir fyrirhugaðan gildistökudag þeirra. Greiðsluþjónustuveitandinn skal einnig upplýsa greiðsluþjónustunotandann, ef um það er að ræða að greiðsluþjónustunotandinn synji þessum breytingum, að greiðsluþjónustunotandinn eigi rétt á að segja upp rammasamningnum án endurgjalds og hvenær sem er fram að þeim degi sem breytingarnar hefðu tekið gildi.

2. Breytingar á vöxtum eða gengi geta tekið gildi þegar í stað og án fyrirvara að því tilskildu að samið hafi verið um þann rétt í rammasamningnum og að breytingarnar á vöxtunum eða genginu byggist á viðmiðunarvöxtum eða viðmiðunargengi sem samið er um í samræmi við b- og c-lið 3. liðar 52. gr. Notanda greiðsluþjónustu skal tilkynnt um allar breytingar á vöxtum eins fljótt og kostur er á þann hátt sem kveðið er á um í 1. mgr. 51. gr., nema aðilar hafi komið sér saman um hvernig og hversu oft á veita upplýsingarnar eða koma þeim á framfæri. Breytingar á vöxtum eða gengi, sem eru hagstæðari notanda greiðsluþjónustunnar, má þó gera án fyrirvara.

3. Breytingar á þeim vöxtum eða því gengi sem notað er í greiðslum skulu fara fram og reiknast á hlutlausan hátt sem mismunar ekki notendum greiðsluþjónustu.

55. gr.

Uppsögn

1. Notandi greiðsluþjónustu getur sagt rammasamningnum upp hvenær sem er nema aðilar hafi samið um uppsagnarfrest. Slíkt tímabil skal ekki vera lengra en einn mánuður.

2. Uppsögn rammasamnings skal vera án endurgjalds fyrir greiðsluþjónustunotandann nema ef samningurinn hefur verið í gildi í skemmri tíma en sex mánuði. Gjöld, ef einhver eru, fyrir uppsögn rammasamnings skulu vera viðeigandi og í samræmi við kostnað.
3. Ef um það er samið í rammasamningnum getur greiðsluþjónustuveitandinn sagt upp rammasamningi með ótilgreindum samningstíma með a.m.k. tveggja mánaða uppsagnarfresti á þann hátt sem kveðið er á um í 1. mgr. 51. gr.
4. Gjöld fyrir greiðsluþjónustu, sem krafist er reglubundið, ber notanda greiðsluþjónustu aðeins að greiða hlutfallslega fram að uppsögn samningsins. Ef slík gjöld eru greidd fyrir fram skulu þau endurgreidd hlutfallslega.
5. Ákvæði þessarar greinar eru með fyrirvara um lög og reglur aðildarríkjanna um réttindi samningsaðila til að lýsa rammasamning óframfylgjanlegan eða ógildan.
6. Aðildarríkin geta sett ákvæði sem eru hagstæðari fyrir notendur greiðsluþjónustu.

56. gr.

Upplýsingar áður en kemur að framkvæmd stakra greiðslna

Þegar um er að ræða staka greiðslu samkvæmt rammasamningi að frumkvæði greiðanda skal greiðsluþjónustuveitandi, að beiðni greiðanda vegna þessarar stöku greiðslu, veita skýrar upplýsingar um öll eftirfarandi atriði:

- a) hámarksframkvæmdartíma,
- b) gjöld sem greiðandinn skal greiða,
- c) eftir atvikum, sundurliðun fjárhæða allra gjalda.

57. gr.

Upplýsingar fyrir greiðanda um stakar greiðslur

1. Eftir að fjárhæð stakrar greiðslu er skuldfærð af reikningi greiðanda eða, ef greiðandi notar ekki greiðslureikning, eftir viðtöku greiðslufyrirmæla skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda koma á framfæri við hann, án ástæðulausrar tafar, upplýsingum um öll eftirfarandi atriði, á sama hátt og mælt er fyrir um í 1. mgr. 51. gr.:

- a) tilvísun sem gerir greiðanda kleift að bera kennsl á hverja greiðslu og, eftir því sem við á, upplýsingar um viðtakanda greiðslu,
- b) fjárhæð greiðslunnar í þeim gjaldmiðli sem skuldfærður er af greiðslureikningi greiðanda eða í þeim gjaldmiðli sem er notaður í greiðslufyrirmælunum,
- c) fjárhæð gjalda vegna greiðslunnar og, eftir atvikum, sundurliðun fjárhæða slíkra gjalda eða vextina sem greiðandi skal greiða,
- d) eftir atvikum, gengið sem notað er í greiðslunni frá greiðsluþjónustuveitanda greiðanda og fjárhæð greiðslunnar eftir að umreikningur viðkomandi gjaldmiðils fer fram,
- e) gildisdag skuldfærslu eða dagsetningu viðtöku greiðslufyrirmælanna.

2. Í rammasamningi skulu felast skilyrði um að greiðandinn geti krafist þess að upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skuli veittar reglubundið eða komið á framfæri a.m.k. einu sinni í mánuði, án endurgjalds, á umsaminn hátt sem gerir greiðanda kleift að geyma eða endurgera upplýsingarnar óbreyttar.

3. Aðildarríki geta þó gert kröfu um að greiðsluþjónustuveitendurnir veiti upplýsingar á pappír eða öðrum varanlegum miðli einu sinni í mánuði gjaldfrjálst.

58. gr.

Upplýsingar fyrir viðtakanda greiðslu um stakar greiðslur

1. Eftir framkvæmd stakrar greiðslu skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu veita honum án ástæðulausrar tafar allar eftirfarandi upplýsingar, eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 51. gr.:

- a) tilvísun, sem gerir viðtakanda greiðslu kleift að bera kennsl á greiðsluna og greiðandann og allar upplýsingar sem sendar eru með greiðslunni,
- b) fjárhæð greiðslunnar í þeim gjaldmiðli sem notaður er í eignfærslu á greiðslureikning viðtakanda greiðslu,
- c) fjárhæð gjalda vegna greiðslunnar og, eftir atvikum, sundurliðun fjárhæða eða vextina sem viðtakandi greiðslu skal greiða,
- d) eftir atvikum, gengið sem greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu notar í greiðslunni og fjárhæð greiðslunnar áður en umreikningur viðkomandi gjaldmiðils fer fram,
- e) gildisdag eignfærslu.

2. Í rammasamningi getur falist skilyrði um að upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skuli veittar reglubundið eða komið á framfæri a.m.k. einu sinni í mánuði á umsaminn hátt sem gerir viðtakanda greiðslu kleift að geyma eða endurgera upplýsingarnar óbreyttar.

3. Aðildarríki geta þó gert kröfu um að greiðsluþjónustuveitendurnir veiti upplýsingar á pappír eða öðrum varanlegum miðli einu sinni í mánuði, gjaldfrjálst.

4. KAFLI

Almenn ákvæði

59. gr.

Gjaldmiðill og umreikningur gjaldmiðils

1. Greiðslur skulu vera í þeim gjaldmiðli sem aðilar hafa komið sér saman um.
2. Ef boðinn er gjaldmiðilsumreikningur áður en greiðslan fer fram og ef sú þjónusta við gjaldmiðilsumreikning er boðin í hraðbanka, á sölustað eða hjá viðtakanda greiðslu skal sá aðili sem býður þjónustu við gjaldmiðilsumreikning fyrir greiðanda veita greiðanda allar upplýsingar um gjöld og það gengi sem nota á við umreikning greiðslunnar.

Greiðandi skal samþykkja þjónustu við umreikning gjaldmiðils á þeim grundvelli.

60. gr.

Upplýsingar um viðbótargjöld eða afslátt

1. Ef viðtakandi greiðslu krefst gjalds eða býður afslátt vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils skal viðtakandi greiðslu tilkynna greiðanda um það áður en greiðslan er framkvæmd.
2. Ef greiðsluþjónustuveitandi eða annar aðili að greiðslu krefst gjalds vegna notkunar tiltekins greiðslumiðils skal hann tilkynna notanda greiðsluþjónustu um það áður en greiðslan er framkvæmd.
3. Greiðandinn skal aðeins skyldugur til að greiða gjöldin sem um getur í 1. og 2. mgr. ef upplýst var um heildarfjárhæð þeirra áður en greiðslan var framkvæmd.

IV. BÁLKUR

RÉTTINDI OG SKYLDUR Í TENGLUM VIÐ VEITINGU OG NOTKUN GREIÐSLUÞJÓNUSTU

1. KAFLI

Almenn ákvæði

61. gr.

Gildissvið

1. Ef greiðsluþjónustunotandi er ekki neytandi geta greiðsluþjónustunotandinn og greiðsluþjónustuveitandinn komið sér saman um að 62. gr. (1. mgr.), 64. gr. (3. mgr.) og 72., 74., 76., 77., 80. og 89. gr. skuli ekki gilda í heild eða að hluta til. Greiðsluþjónustunotandinn og greiðsluþjónustuveitandinn geta einnig komið sér saman um önnur tímamörk en þau sem mælt er fyrir um í 71. gr.
2. Aðildarríkin geta kveðið á um að 102. gr. gildi ekki ef notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi.
3. Aðildarríki geta kveðið á um að ákvæði í þessum bálki gildi um örfyrirtæki á sama hátt og um neytendur.
4. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á tilskipun 2008/48/EB, aðra viðeigandi löggjöf Sambandsins eða landsráðstafanir einstakra aðildarríkja að því er varðar skilyrði fyrir lánveitingu til neytenda sem er ekki samræmd með þessari tilskipun en samrýmist lögum Sambandsins.

62. gr.

Viðeigandi gjöld

1. Greiðsluþjónustuveitandi skal ekki krefjast gjalds af notanda greiðsluþjónustu þegar hann uppfyllir upplýsingaskyldur sínar eða gerir leiðréttingarástafanir eða fyrirbyggjandi ráðstafanir samkvæmt þessum bálki nema annað komi fram í 79. gr. (1. mgr.), 80. gr. (5. mgr.) og 88. gr. (2. mgr.) Notandi greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitandi skulu semja sín í milli um þessi gjöld og skulu þau vera viðeigandi og í samræmi við raunverulegan kostnað greiðsluþjónustuveitandans.
2. Aðildarríki skulu krefjast þess að því er varðar greiðslur innan Sambandsins, ef greiðsluþjónustuveitendur bæði greiðanda og viðtakanda greiðslu, eða eini greiðsluþjónustuveitandi greiðslu, eru innan þess, að viðtakandi greiðslu greiði gjöldin sem greiðsluþjónustuveitandi hans leggur á og að greiðandinn greiði gjöldin sem greiðsluþjónustuveitandi hans leggur á.
3. Greiðsluþjónustuveitandi skal ekki hindra viðtakanda greiðslu í að krefjast gjalds af greiðanda, bjóða honum afslátt eða stýra honum með öðrum hætti að notkun tiltekins greiðslumiðils. Gjöld sem lögð eru á mega ekki vera umfram beinan kostnað viðtakanda greiðslu fyrir notkun tiltekins greiðslumiðils.
4. Aðildarríki skulu ávallt sjá til þess að viðtakandi greiðslu krefjist ekki gjalda fyrir notkun greiðslumiðla sem falla undir reglufestingu milligjalda í II. kafla reglugerðar (ESB) 2015/751 og fyrir þá greiðsluþjónustu sem reglugerð (ESB) nr. 260/2012 gildir um.
5. Aðildarríkin mega banna eða takmarka rétt viðtakanda greiðslu til að krefjast gjalda að teknu tilliti til nauðsynjar þess að efla samkeppni og notkun skilvirkra greiðslumiðla.

63. gr.

Undanþágur vegna greiðslumiðla og rafeyris með lágum fjárhæðum

1. Þegar um er að ræða greiðslumiðla, sem samkvæmt rammasamningnum snerta einungis stakar greiðslur, sem fara ekki yfir 30 evrur eða hafa annaðhvort útgjaldaþak sem nemur 150 evrum eða hafa að geyma fjármuni sem fara ekki yfir 150 evrur, geta greiðsluþjónustuveitendur samið við notendur greiðsluþjónustu sinnar um að:
 - a) ákvæði 69. gr. (b-liður 1. mgr.), 70. gr. (c- og d-liður 1. mgr.) og 74. gr. (3. mgr.) gildi ekki ef ekki er unnt að stöðva notkun

greiðslumiðilsins eða koma í veg fyrir frekari notkun hans,

- b) ákvæði 72. og 73. gr., og 74. gr. (1. og 3. mgr.) gildi ekki ef greiðslumiðill er notaður undir nafnleynd eða greiðsluþjónustuveitandinn er ekki í stakk búin, af öðrum ástæðum sem eru órjúfanlegur hluti greiðslumiðilsins, til að sýna fram á að greiðslan hafi verið heimiluð,
- c) greiðsluþjónustuveitandinn sé, þrátt fyrir 1. mgr. 79. gr., ekki skuldbundinn til að tilkynna notanda greiðsluþjónustu um synjun á greiðslufyrirmælum ef greinilegt er af málavöxtum að þau hafi ekki verið framkvæmd,
- d) greiðandi megi ekki, þrátt fyrir ákvæði 80. gr., afturkalla greiðslufyrirmælin eftir hafa sent greiðslufyrirmæli eða veitt samþykki sitt fyrir framkvæmd greiðslunnar til viðtakanda greiðslu,
- e) þrátt fyrir 83. og 84. gr. gilda önnur framkvæmdartímabil.

2. Að því er varðar innlendar greiðslur geta aðildarríkin eða lögbær yfirvöld þeirra lækkað eða tvöfaldað fjárhæðirnar sem um getur í 1. mgr. Þau mega hækka þær vegna fyrirframgreiddra greiðslumiðla í allt að 500 evrur.

3. Ákvæði 73. og 74. gr. þessarar tilskipunar gilda einnig um rafeyri eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. tilskipunar 2009/110/EB nema greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hafi ekki getu til að frysta greiðslureikninginn sem geymir rafeyrinn eða loka greiðslumiðlinum. Aðildarríki geta takmarkað þessa undanþágu við greiðslureikninga sem geyma rafeyrinn eða greiðslumiðla með nánar tilgreindu verðgildi.

2. KAFLI

Greiðsluleyfi

64. gr.

Samþykki og afturköllun samþykkis

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að greiðsla teljist því aðeins samþykkt að greiðandi hafi veitt samþykki fyrir framkvæmd hennar. Greiðandi getur veitt leyfi fyrir greiðslu fyrir eða, ef greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi hans hafa samið um það, eftir framkvæmd greiðslunnar.

2. Samþykki fyrir framkvæmd greiðslu eða röð greiðslna skal veitt með þeirri framsetningu sem greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi koma sér saman um. Einnig má gefa samþykki fyrir greiðslu fyrir milligöngu viðtakanda greiðslu eða veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu.

Ef samþykki er ekki fyrir hendi telst greiðsla ekki vera heimiluð.

3. Greiðandi getur afturkallað samþykki hvenær sem er en þó ekki eftir að það telst óafturkallanlegt skv. 80. gr. Samþykki fyrir framkvæmd á röð greiðslna má einnig afturkalla, í því tilviki teljast allar síðari greiðslur óheimilaðar.

4. Málsmeðferð við veitingu samþykkis skal vera samkomulagsatriði milli greiðanda og viðkomandi greiðsluþjónustuveitanda eða -veitenda.

65. gr.

Staðfesting á aðgengileika fjármagns

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að greiðsluþjónustuveitandi sem veitir reikningaþjónustu skuli, að fenginni beiðni greiðsluþjónustuveitanda sem gefur út kortatengda greiðslumiðla, staðfesta þegar í stað hvort fjárhæðin sem nauðsynleg er til að framkvæma kortatengda greiðslu sé aðgengileg á greiðslureikningi greiðandans, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) greiðslureikningur greiðandans er aðgengilegur á Netinu þegar beiðnin er sett fram,

- b) greiðandinn hefur veitt greiðsluþjónustuveitandanum sem veitir reikningaþjónustu skýlaust samþykki til að svara beiðnum frá tilteknum greiðsluþjónustuveitanda um að staðfesta að fjárhæðin sem samsvarar tiltekinni kortatengdri greiðslu sé aðgengileg á greiðslureikningi greiðandans,
- c) samþykkið, sem um getur í b-lið, hefur verið veitt áður en fyrsta beiðnin um staðfestingu er sett fram.
2. Greiðsluþjónustuveitandinn getur óskað eftir staðfestingunni sem um getur í 1. mgr. ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
- a) greiðandinn hefur veitt greiðsluþjónustuveitandanum skýlaust samþykki sitt til að biðja um staðfestinguna sem um getur í 1. mgr.,
- b) greiðandinn hefur stofnað til kortatengdu greiðslunnar fyrir umræddri fjárhæð með kortatengdum greiðslumiðli sem greiðsluþjónustuveitandinn gefur út,
- c) greiðsluþjónustuveitandinn staðfestir hver hann er gagnvart greiðsluþjónustuveitandanum sem veitir reikningaþjónustu fyrir hverja beiðni um staðfestingu og hefur örugg samskipti við greiðsluþjónustuveitandann sem veitir reikningaþjónustu í samræmi við d-lið 1. mgr. 98. gr.
3. Staðfestingin, sem um getur í 1. mgr., skal, í samræmi við tilskipun 95/46/EB, aðeins vera einfalt „já“ eða „nei“ og ekki koma fram á reikningsyfirliti. Hvorki skal geyma svarið né nota það í öðrum tilgangi en vegna framkvæmdar á kortatengdu greiðslunni.
4. Staðfestingin, sem um getur í 1. mgr., skal ekki gera greiðsluþjónustuveitandanum sem veitir reikningaþjónustu kleift að frysta fjármuni á greiðslureikningi greiðandans.
5. Greiðandinn getur óskað eftir því að greiðsluþjónustuveitandinn, sem veitir reikningaþjónustu, sendi greiðandanum deili á greiðsluþjónustuveitandanum og svarið sem gefið er.
6. Þessi grein gildir ekki um greiðslur sem stofnað er til með kortatengdum greiðslumiðlum sem varðveita rafeyri eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. tilskipunar 2009/110/EB.

66. gr.

Reglur um aðgengi að greiðslureikningi ef um er að ræða greiðslufyrirmælaþjónustu

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að greiðandi eigi rétt á að nota veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu til að fá greiðsluþjónustu eins og um getur í 7. lið I. viðauka. Rétturinn til að nota veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu gildir ekki ef greiðslureikningurinn er ekki aðgengilegur á Netinu.
2. Ef greiðandinn veitir skýlaust samþykki sitt fyrir því að greiðsla sé framkvæmd í samræmi við 64. gr. skal greiðsluþjónustuveitandinn sem veitir reikningaþjónustu framkvæma aðgerðirnar sem tilgreindar eru í 4. mgr. þessarar greinar til að tryggja rétt greiðandans til að nota greiðslufyrirmælaþjónustuna.
3. Veitandi greiðslufyrirmælaþjónustunnar skal:
- a) aldrei geyma fjármuni greiðandans í tengslum við veitingu greiðslufyrirmælaþjónustu,
- b) sjá til þess að persónubundin öryggisskilríki greiðsluþjónustunotandans séu ekki aðgengileg öðrum aðilum, að undanskildum notandanum og útgefanda persónubundnu öryggisskilríkjanna, og að veitandi greiðslufyrirmælaþjónustunnar sendi þau um öruggar og skilvirkar leiðir,
- c) sjá til þess að aðrar upplýsingar um greiðsluþjónustunotandann, sem fást við veitingu greiðslufyrirmælaþjónustu, séu aðeins veittar viðtakanda greiðslunnar og aðeins með skýlausu samþykki greiðsluþjónustunotandans,
- d) í hvert sinn sem stofnað er til greiðslu, gera grein fyrir sér gagnvart greiðsluþjónustuveitandanum sem veitir greiðandanum reikningaþjónustu og hafa samskipti við greiðsluþjónustuveitandanum sem veitir reikningaþjónustu, greiðandann og viðtakanda

greiðslunnar á öruggan hátt, í samræmi við d-lið 1. mgr. 98. gr.,

- e) ekki geyma mikilvæg greiðslugögn greiðsluþjónustunotandans,
- f) ekki biðja greiðsluþjónustunotandann um önnur gögn en þau sem nauðsynleg eru til að veita greiðslufyrirmælaþjónustuna,
- g) hvorki nota, nálgast né geyma gögn í öðrum tilgangi en til að veita greiðslufyrirmælaþjónustuna sem greiðandinn óskar sérstaklega eftir,
- h) hvorki breyta fjárhæð, viðtakanda greiðslunnar né öðrum þáttum færslunnar.

4. Greiðsluþjónustuveitandi, sem veitir upplýsingaþjónustu um reikninga, skal:

- a) hafa örugg samskipti við veitendur greiðslufyrirmælaþjónustu í samræmi við d-lið 1. mgr. 98. gr.,
- b) þegar í stað eftir viðtöku greiðslufyrirmæla frá veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu, veita eða gera aðgengilegar allar upplýsingar um framkvæmd greiðslunnar og allar upplýsingar sem eru aðgengilegar greiðsluþjónustuveitandanum sem veitir reikningaþjónustu að því er varðar framkvæmd greiðslunnar til veitanda greiðslufyrirmælaþjónustunnar,
- c) meðhöndla greiðslufyrirmæli, sem send eru fyrir milligöngu veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu, án mismununar nema af hlutlægum ástæðum, einkum með tilliti til tímasetningar, forgangs eða gjalda, gagnvart greiðslufyrirmælum sem greiðandinn sendir beint.

5. Veiting greiðslufyrirmælaþjónustu skal ekki vera háð tilvist samningssambands milli veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu og greiðsluþjónustuveitenda sem veita reikningaþjónustu í þeim tilgangi.

67. gr.

Reglur um aðgengi að og notkun upplýsinga um greiðslureikninga ef um er að ræða upplýsingaþjónustu um reikninga

- 1. Aðildarríki skulu sjá til þess að greiðsluþjónustunotandinn eigi rétt á að nota þjónustu sem gerir kleift að fá aðgang að reikningsupplýsingum eins og um getur í 8. lið I. viðauka. Sá réttur gildir ekki ef greiðslureikningurinn er ekki aðgengilegur á Netinu.
- 2. Veitandi upplýsingaþjónustu um reikninga skal:
 - a) aðeins veita þjónustu ef það er með skýlausu samþykki greiðsluþjónustunotandans,
 - b) sjá til þess að persónubundin öryggisskilríki greiðsluþjónustunotandans séu ekki aðgengileg öðrum aðilum, að undanskildum notanda og útgefanda persónubundnu öryggisskilríkjanna, og að þegar veitandi upplýsingaþjónustu um reikninga sendir þau þá geri hann það um öruggar og skilvirkar leiðir,
 - c) fyrir hverja boðskiptalotu, staðfesta hver hann er gagnvart greiðsluþjónustuveitendunum sem veita greiðsluþjónustunotandanum reikningaþjónustu og hafa örugg samskipti við greiðsluþjónustuveitendurna sem veita reikningaþjónustu og greiðsluþjónustunotandann, í samræmi við d-lið 1. mgr. 98. gr.,
 - d) aðeins nálgast upplýsingar frá tilnefndum greiðslureikningum og tengdum greiðslum,
 - e) ekki óska eftir viðkvæmum greiðslugögnum sem tengjast greiðslureikningum,

f) hvorki nota, nálgast né geyma gögn í öðrum tilgangi en að framkvæma upplýsingaþjónustu um reikninga sem greiðsluþjónustunotandinn óskar sérstaklega eftir, í samræmi við reglur um gagnavernd.

3. Greiðsluþjónustuveitandinn sem veitir reikningaþjónustu skal, í tengslum við greiðslureikninga:

a) hafa örugg samskipti við veitendur upplýsingaþjónustu um reikninga í samræmi við d-lið 1. mgr. 98. gr. og

b) meðhöndla óskir um gögn sem sendar eru fyrir milligöngu veitanda upplýsingaþjónustu um reikninga án mismununar af öðrum ástæðum en hlutlægum.

4. Veiting upplýsingaþjónustu um reikninga skal ekki vera háð tilvist samningssambands milli veitanda upplýsingaþjónustu um reikninga og greiðsluþjónustuveitanda sem veita reikningaþjónustu í þeim tilgangi.

68. gr.

Takmörk á notkun greiðslumiðla og á aðgengi greiðsluþjónustuveitanda að greiðslureikningum

1. Ef tilgreindur greiðslumiðill er notaður í þeim tilgangi að veita samþykki geta greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi greiðanda komið sér saman um hámarksþak vegna greiðslna sem framkvæmdar eru með þeim greiðslumiðli.

2. Ef um það er samið í rammasamningi getur greiðsluþjónustuveitandinn áskilið sér rétt til að loka greiðslumiðlinum af ástæðum sem eru rökstuddar á hlutlægan hátt að því er varðar öryggi greiðslumiðilsins, grun um óheimilaða eða sviksamlega notkun greiðslumiðilsins eða, þegar um er að ræða greiðslumiðil með lánsheimildum, verulega aukna hættu á því að greiðandi kunni að vera ófær um að uppfylla greiðsluskýldu sína.

3. Í því tilviki skal greiðsluþjónustuveitandinn tilkynna greiðanda um lokun greiðslumiðilsins og ástæður fyrir henni á umsaminn hátt, áður en greiðslumiðlinum er lokað, ef unnt er, og í síðasta lagi tafarlaust að því loknu, nema þess háttar upplýsingar tefli í tvísýnu raunhæft metnum öryggisástæðum eða eru bannaðar samkvæmt annarri viðeigandi löggjöf Sambandsins eða í hverju aðildarríki fyrir sig.

4. Greiðsluþjónustuveitandinn skal opna greiðslumiðil eða setja nýjan greiðslumiðil í hans stað þegar ástæður fyrir lokuninni eru ekki lengur fyrir hendi.

5. Greiðsluþjónustuveitandi, sem veitir reikningaþjónustu getur synjað veitanda upplýsingaþjónustu um reikninga eða veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu um aðgang að greiðslureikningi ef það er af ástæðum sem eru rökstuddar á hlutlægan og viðeigandi hátt í tengslum við óheimilaðan eða sviksamlegan aðgang þess veitanda upplýsingaþjónustu um reikninga eða veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu að greiðslureikningnum, þ.m.t. óheimiluð eða sviksamleg framkvæmd greiðslu. Í slíkum tilvikum skal greiðsluþjónustuveitandinn sem veitir reikningaþjónustu upplýsa greiðandann um að synjað hafi verið um aðgengi að greiðslureikningnum og ástæðurnar fyrir því á því sniði sem samþykkt hefur verið. Þær upplýsingar skulu, ef mögulegt er, veittar greiðandanum áður en honum er synjað um aðgang og eigi síðar en strax eftir það, nema þess háttar upplýsingar tefli í tvísýnu raunhæft metnum öryggisástæðum eða eru bannaðar samkvæmt annarri viðeigandi löggjöf Sambandsins eða í hverju aðildarríki fyrir sig.

Greiðsluþjónustuveitandinn sem veitir reikningaþjónustu skal veita aðgang að greiðslureikningnum þegar ástæðurnar fyrir synjuninni eiga ekki lengur við.

6. Í þeim tilvikum sem um getur í 5. mgr. skal greiðsluþjónustuveitandinn sem veitir reikningaþjónustu skýra lögbæru yfirvaldi strax frá atvikinu sem varðar veitanda upplýsingaþjónustu um reikninga eða veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu. Upplýsingarnar skulu innihalda viðeigandi atriði tilviksins og ástæður þess að gripið skal til aðgerða. Lögbært yfirvald skal meta tilvikið og skal ef nauðsyn krefur gera viðeigandi ráðstafanir.

69. gr.

Skyldur notanda greiðsluþjónustu í tengslum við greiðslumiðla og persónusniðin öryggisskilríki

1. Notandi greiðsluþjónustu, sem á rétt á að nota greiðslumiðil, skal:
 - a) nota greiðslumiðilinn í samræmi við skilmála um útgáfu og notkun greiðslumiðilsins, sem skulu vera hlutlægir, án mismununar og þannig að gætt sé meðalhófs,
 - b) tilkynna greiðsluþjónustuveitandanum, eða þeirri einingu sem hann tilgreinir, án ástæðulausrar tafar þegar hann verður var við tap, þjófnað, óréttmæta nýtingu eða óheimilaða notkun á greiðslumiðli.
2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skal notandi greiðsluþjónustu, um leið og hann tekur við greiðslumiðli, einkum gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja persónusniðin öryggisskilríki hans.

70. gr.

Skyldur greiðsluþjónustuveitanda í tengslum við greiðslumiðla

1. Greiðsluþjónustuveitandi, sem gefur út greiðslumiðil, skal:
 - a) ganga úr skugga um að persónusniðin öryggisskilríki séu ekki aðgengileg öðrum aðilum en þeim notanda greiðsluþjónustunnar sem á rétt á að nota greiðslumiðilinn, án þess að það hafi áhrif á þær skyldur notanda greiðsluþjónustu sem settar eru fram í 69. gr.,
 - b) ekki senda greiðslumiðil óumbeðið nema nýr greiðslumiðill eigi að koma í stað annars sem notandi greiðsluþjónustu hefur þegar fengið,
 - c) tryggja að fullnægjandi fjármagn sé ávallt fyrir hendi til að notandi greiðsluþjónustu geti gefið út tilkynningu skv. b-lið 1. mgr. 69. gr. eða farið fram á opnun greiðslumiðils skv. 4. mgr. 68. gr.; greiðsluþjónustuveitandi skal, að fram kominni beiðni, sjá notanda greiðsluþjónustu fyrir úrræðum til að sanna, í 18 mánuði frá tilkynningu, að notandi greiðsluþjónustu hafi gefið úr þess háttar tilkynningu,
 - d) veita greiðsluþjónustunotandanum kost á senda frá sér tilkynningu samkvæmt b-lið 1. mgr. 69. gr. án endurgjalds og að leggja aðeins á gjald, ef eitthvert, vegna endurnýjunarkostnaðar sem tengist greiðslumiðlinum með beinum hætti,
 - e) hindra alla notkun greiðslumiðils þegar tilkynning skv. b-lið 1. mgr. 69. gr. hefur verið gefin út.
2. Greiðsluþjónustuveitandinn skal bera alla áhættu af sendingu greiðslumiðils, eða annarra persónubundinna öryggisskilríkja sem tengjast honum, til notanda greiðsluþjónustu.

71. gr.

Tilkynning um óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu og leiðréttingu á henni

1. Notandi greiðsluþjónustu skal því aðeins fá leiðréttingu hjá greiðsluþjónustuveitandanum að hann tilkynni greiðsluþjónustuveitanda sínum án ástæðulausrar tafar að hann hafi orðið var við óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu sem gefur tilefni til kröfu, þ.m.t. þá sem er skv. 89. gr., eigi síðar en 13 mánuðum eftir dagsetningu skuldfærslu.

Tímamörkin, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein, gilda ekki ef greiðsluþjónustuveitandinn hefur ekki veitt eða komið á framfæri upplýsingum um greiðsluna í samræmi við III. bálk.
2. Ef veitandi greiðslufyrirmælaþjónustu á hlut að máli skal greiðsluþjónustunotandinn fá leiðréttingu frá greiðsluþjónustuveitanda sem veitir reikningaþjónustu skv. 1. mgr. þessarar greinar, án þess að hafa áhrif á 2. mgr. 73. gr. og 1. mgr. 89. gr.

72. gr.

Sönnunargögn um sannvottun og framkvæmd greiðslu

1. Neiti notandi greiðsluþjónustu að hann hafi samþykkt framkvæmda greiðslu eða heldur því fram að greiðsla hafi ekki verið framkvæmd á réttan hátt skulu aðildarríkin krefjast þess að greiðsluþjónustuveitandinn sanni að greiðslan hafi verið staðfest, nákvæmlega skráð, færð í reikningshald og að tæknileg bilun eða einhver annar ágalli á þjónustunni sem greiðsluþjónustuveitandinn veitir hafi ekki haft áhrif á hana.

Ef greiðslan er framkvæmd fyrir milligöngu veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu skal veitandi greiðslufyrirmælaþjónustunnar bera sönnunarbyrðina um að greiðslan hafi, innan valdheimilda hans, verið heimilud, rétt skráð og að tæknileg bilun eða annar ágalli hafi ekki haft áhrif á hana í tengslum við greiðsluþjónustuna sem hann ber ábyrgð á.

2. Ef notandi greiðsluþjónustu neitar að hafa heimilað framkvæmda greiðslu nægir notkun greiðslumiðils, sem greiðsluþjónustuveitandinn skráir, þ.m.t. veitandi greiðslufyrirmælaþjónustu eins og við á, ein og sér ekki endilega til að sanna að greiðandi hafi annaðhvort heimilað greiðsluna eða hann hafi með sviksamlegum hætti, að yfirlögðu ráði eða af stórfelldu gáleysi látið ógert að uppfylla eina eða fleiri af skyldunum skv. 69. gr. Greiðsluþjónustuveitandinn, þ.m.t., eftir því sem við á, veitandi greiðslufyrirmælaþjónustu, skal leggja fram sönnunargögn til að sýna fram á svik eða vítavert gáleysi af hálfu greiðsluþjónustunotandans.

73. gr.

Bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda vegna óheimilaðrar greiðslu

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að greiðsluþjónustuveitandi greiðanda, með fyrirvara um 71. gr., þegar um óheimilaða greiðslu er að ræða, endurgreiði greiðanda þegar í stað fjárhæð óheimiluðu greiðslunnar og eigi síðar en við lok næsta viðskiptadags, eftir að hafa veitt færslunni athygli eða fengið tilkynningu um hana, nema ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hafi rökstuddan grun um svik og tilkynnir viðeigandi lögbæru yfirvaldi skriflega um þann grun. Greiðsluþjónustuveitandi greiðandans skal, eftir atvikum, koma greiðslureikningnum sem skuldfærður er í þá stöðu sem hann hefði verið ef óheimilaða greiðslan hefði ekki átt sér stað. Þetta skal einnig tryggja að gildisdagur eignfærslunnar að því er varðar greiðslureikning greiðandans sé ekki síðar en dagurinn þegar fjárhæðin var skuldfærð.

2. Ef greiðslufyrirmæli eru gefin fyrir milligöngu veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu skal greiðsluþjónustuveitandinn sem veitir reikningaþjónustu endurgreiða þegar í stað fjárhæð óheimiluðu greiðslunnar og eigi síðar en við lok næsta viðskiptadags og, eftir atvikum, koma greiðslureikningnum, sem skuldfærður er, í þá stöðu sem hann hefði verið ef óheimilaða greiðslan hefði ekki átt sér stað.

Ef veitandi greiðslufyrirmælaþjónustu ber ábyrgð á óheimilaðri greiðslu skal hann þegar í stað bæta greiðsluþjónustuveitandanum sem veitir reikningaþjónustu, að beiðni hans, upp tapið sem hann verður fyrir eða fjárhæðirnar sem eru greiddar vegna endurgreiðslu til greiðandans, þ.m.t. fjárhæð óheimiluðu greiðslunnar. Í samræmi við 1. mgr. 72. gr. skal veitandi greiðslufyrirmælaþjónustunnar bera sönnunarbyrðina um að greiðslan hafi, innan valdheimilda hans, verið heimilud, rétt skráð og að tæknileg bilun eða annar ágalli hafi ekki haft áhrif á hana í tengslum við greiðsluþjónustuna sem hann ber ábyrgð á.

3. Ákvarða má frekari fébætur, í samræmi við lögin sem gilda um samninginn sem gerður er á milli greiðandans og greiðsluþjónustuveitandans, eða samninginn sem gerður er á milli greiðandans og veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu ef við á.

74. gr.

Bótaábyrgð greiðanda vegna óheimilaðra greiðslna

1. Þrátt fyrir 73. gr. gæti greiðandanum verið skylt að bera tap vegna óheimilaðra greiðslna, sem nemur allt að 50 evrum, sem rekja má til notkunar á týndum eða stolnum greiðslumiðli eða óréttmætri nýtingu greiðslumiðils.

Fyrsta undirgrein gildir ekki ef:

a) greiðandinn gat ekki greint tapið, þjófnaðinn eða óréttmæta nýtingu greiðslumiðils fyrir greiðslu, nema ef greiðandinn hafi sýnt sviksamlegt framferði, eða

- b) tapið stafaði af aðgerðum eða aðgerðaleyfi starfsmanns, umboðsaðila eða útibús greiðsluþjónustuveitanda eða einingar sem starfseminni var útvistað til.

Greiðandi skal bera allt tap sem rekja má til óheimilaðra greiðslna ef hann hefur stofnað til þeirra með sviksamlegum hætti eða með því að láta ógert að uppfylla eina eða fleiri af skyldum sínum sem settar eru fram í 69. gr. að yfirlögðu ráði eða af stórfelldu gáleysi. Í þeim tilvikum gildir ekki hámarksfjárhæðin sem um getur í fyrstu undirgrein.

Ef háttsemi greiðanda hefur hvorki verið með sviksamlegum hætti né hann að yfirlögðu ráði ekki uppfyllt skyldur sínar skv. 69. gr. geta aðildarríki lækkað bótaskylduna, sem um getur í þessari málsgrein, einkum að teknu tilliti til eðlis persónubundinna öryggisskilríkjanna og aðstæðna þegar greiðslumiðillinn týndist, honum var stolið eða hann nýttur með óréttmætum hætti.

2. Ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda krefst ekki sterkrar sannvottunar viðskiptavinar skal greiðandinn ekki bera neitt fjárhagstjón nema greiðandinn hafi sýnt sviksamlega háttsemi. Ef viðtakandi greiðslu eða greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu samþykkir ekki sterka sannvottun skal hann endurgreiða fjárhagslegt tjón sem það veldur greiðsluþjónustuveitanda greiðanda.

3. Notkun á greiðslumiðli sem týnist, er stolið eða nýttur með óréttmætum hætti eftir tilkynningu í samræmi við b-lið 1. mgr. 69. gr., skal ekki hafa neinar fjárhagslegar afleiðingar fyrir greiðanda nema um sviksamlega háttsemi hans hafi verið að ræða.

Ef greiðsluþjónustuveitandi gerir ekki viðeigandi ráðstafanir sem gera kleift að tilkynna hvenær sem er um greiðslumiðil sem hefur týnst, verið stolið eða notaður með óréttmætum hætti, eins og krafist er skv. c-lið 1. mgr. 70. gr., skal greiðandi ekki vera bótaskyldur vegna fjárhagslegra afleiðinga af notkun þess greiðslumiðils nema um sviksamlega háttsemi greiðanda hafi verið að ræða.

75. gr.

Greiðslur þar sem fjárhæð færslunnar er ekki þekkt fyrirfram

1. Ef stofnað er til greiðslu af eða fyrir milligöngu viðtakanda greiðslu í tengslum við kortatengda greiðslu og nákvæm fjárhæð er ekki þekkt á þeirri stundu sem greiðandinn veitir samþykki sitt fyrir framkvæmd greiðslunnar getur greiðsluþjónustuveitandi greiðandans aðeins fryst fjármuni á greiðslureikningi greiðandans ef greiðandinn hefur veitt samþykki fyrir nákvæmlega þeirri fjárhæð sem fyrirhugað er að frysta.

2. Greiðsluþjónustuveitandi greiðandans skal afhenda fjármunina sem frystir hafa verið á greiðslureikningi greiðandans skv. 1. mgr. án ótilhlýðilegrar tafar eftir viðtöku upplýsinganna um nákvæma fjárhæð greiðslunnar og eigi síðar en strax eftir viðtöku greiðslufyrirmælanna.

76. gr.

Endurgreiðslur á greiðslum sem viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um

1. Aðildarríki skulu tryggja að greiðandi eigi rétt á endurgreiðslu frá greiðsluþjónustuveitandanum vegna heimilaðrar greiðslu, sem viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um og greiðslan hefur þegar verið framkvæmd, ef báðum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- a) fjárhæð greiðslunnar var ekki nákvæmlega tilgreind í heimildinni þegar hún var veitt,
- b) fjárhæð greiðslunnar var hærrí en svo að greiðandi gæti með sanngjörnum hætti gert ráð fyrir þeirri fjárhæð miðað við útgjaldamynstur hans til þessa, skilmála í rammasamningi og aðrar kringumstæður sem skipta máli.

Að beiðni greiðsluþjónustuveitandans skal greiðandi bera sönnunarbyrði þess að þessi skilyrði séu uppfyllt.

Endurgreiðsla tekur til allrar fjárhæðar greiðslunnar sem framkvæmd var. Gildisdagur eignfærslunnar að því er varðar greiðslureikning greiðandans skal ekki vera síðar en dagurinn þegar fjárhæðin var skuldfærð.

Aðildarríki skulu, með fyrirvara um 3. mgr., sjá til þess að greiðandinn hafi, að því er varðar beingreiðslur eins og um getur í 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 260/2012, til viðbótar við réttindin sem um getur í þessari málsgrein, skilyrðislausan rétt til endurgreiðslu innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í 77. gr. þessarar tilskipunar.

2. Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. skal greiðandi þó ekki treysta á gengisástæður ef beitt var viðmiðunargengi sem hann hefur samið um við greiðsluþjónustuveitanda sinn í samræmi við d-lið 1. mgr. 45. gr. og b-lið 3. liðar 52. gr. var beitt.

3. Greiðandi og greiðsluþjónustuveitandi geta samið um það í rammasamningi að greiðandi eigi ekki rétt á endurgreiðslu ef:

a) greiðandinn hefur veitt samþykki sitt fyrir framkvæmd greiðslu beint til greiðsluþjónustuveitandans og,

b) eftir atvikum, greiðsluþjónustuveitandinn eða viðtakandi greiðslu veitti upplýsingar um greiðslur í framtíðinni eða kom þeim á framfæri við greiðanda á umsaminn hátt a.m.k. fjórum vikum fyrir gjalddaga.

4. Aðildarríki geta krafist þess, fyrir beingreiðslur í öðrum gjaldmiðlum en evrum, að greiðsluþjónustuveitendur þeirra veiti hagstæðari endurgreiðsluréttindi í samræmi við beingreiðslukerfi þeirra að því tilskildu að þau séu hagkvæmari fyrir greiðandann.

77. gr.

Beiðnir um endurgreiðslu vegna greiðslna sem viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að greiðandi geti óskað eftir endurgreiðslu, sem um getur í 76. gr., á heimilaðri greiðslu að frumkvæði eða fyrir milligöngu viðtakanda greiðslu á átta vikna tímabili frá þeim degi þegar féð var skuldfært.

2. Innan tíu virkra daga frá því að tekið er við beiðni um endurgreiðslu skal greiðsluþjónustuveitandinn annaðhvort endurgreiða að fullu fjárhæð greiðslunnar eða rökstyðja synjun við beiðni um endurgreiðslu og tilgreina þá aðila sem greiðandi getur vísað málinu til í samræmi við 99.–102. gr. ef greiðandinn sættir sig ekki við ástæður synjunarinnar.

Réttur greiðsluþjónustuveitandans samkvæmt fyrsta undirliði þessarar greinar til að synja um endurgreiðslu gildir ekki í því tilviki sem sett er fram í fjórða undirliði 1. mgr. 76. gr.

3. KAFLI

Framkvæmd greiðslna

1. Þáttur

Greiðslufyrirmæli og millifærðar fjárhæðir

78. gr.

Viðtaka greiðslufyrirmæla

1. Aðildarríki tryggja að viðtökutími sé þegar greiðsluþjónustuveitandi greiðanda tekur við greiðslufyrirmælum.

Ekki skal skuldfæra af reikningi greiðandans fyrr en tekið hefur verið við greiðslufyrirmælunum. Ef viðtökutíminn er ekki á virkum degi að því er varðar greiðsluþjónustuveitanda greiðanda skal litið svo á að tekið hafi verið við greiðslufyrirmælunum næsta virka dag á eftir. Greiðsluþjónustuveitandinn getur fastsett lokunartíma nálægt lokum virks dags og skulu greiðslufyrirmæli, sem hann tekur við eftir það, teljast vera móttekin næsta virka dag á eftir.

2. Ef notandi greiðsluþjónustu sem gefur greiðslufyrirmæli og greiðsluþjónustuveitandinn eru sammála um að framkvæmd greiðslufyrirmælanna skuli hefjast á tilgreindum degi, við lok tiltekins tímabils eða þann dag þegar greiðandi hefur lagt inn fé til ráðstöfunar greiðsluþjónustuveitandans telst viðtökutíminn, í skilningi 83. gr., vera dagurinn sem samið var um. Ef dagurinn sem samið var um er ekki virkur dagur, að því er varðar greiðsluþjónustuveitandann, skal litið svo á að tekið hafi verið við greiðslufyrirmælunum næsta virka dag á eftir.

79. gr.

Greiðslufyrirmælum hafnað

1. Ef greiðsluþjónustuveitandi neitar að framkvæma greiðslufyrirmæli eða stofna til greiðslu skal tilkynna notanda greiðsluþjónustunnar um neitunina og, ef unnt er, ástæður fyrir henni og málsmeðferð við leiðréttingu á þeim mistökum sem í reynd leiddu til neitunarinnar, nema það sé bannað samkvæmt annarri löggjöf Sambandsins eða einstakra aðildarríkja þar að lútandi.

Greiðsluþjónustuveitandinn skal veita eða koma á framfæri tilkynningu á umsaminn hátt við fyrsta tækifæri og hvað sem öðru líður innan þeirra freststímabila sem tilgreind eru í 83. gr.

Í rammasamningnum getur verið skilyrði um að greiðsluþjónustuveitandinn megi taka sanngjarnt gjald fyrir þess háttar neitun ef neitunin er rökstudd á hlutlægan hátt.

2. Ef öll skilyrðin sem fram koma í rammasamningi greiðanda eru uppfyllt skal greiðsluþjónustuveitandinn, sem veitir greiðanda reikningaþjónustu, ekki neita að framkvæma heimilud greiðslufyrirmæli án tillits til þess hvort greiðandi gefur greiðslufyrirmælin, þ.m.t. fyrir milligöngu veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu, eða viðtakandi greiðslu gefur þau eða hefur um þau milligöngu, nema það sé bannað samkvæmt annarri löggjöf Sambandsins eða einstakra ríkja þar að lútandi.

3. Í skilningi 83. og 89. gr. skal líta á greiðslufyrirmæli, sem synjað hefur verið um framkvæmd á, eins og ekki hafi verið tekið við þeim.

80. gr.

Óafturkallanleiki greiðslufyrirmæla

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að notandi greiðsluþjónustu afturkalli ekki greiðslufyrirmæli þegar greiðsluþjónustuveitandi greiðanda hefur tekið við þeim nema kveðið sé á um annað í þessari grein.

2. Ef veitandi greiðslufyrirmælaþjónustu á frumkvæði að greiðslu, eða ef viðtakandi greiðslu á frumkvæði að eða hefur milligöngu um greiðslu, skal greiðandi ekki afturkalla greiðslufyrirmæli eftir að hann hefur veitt veitanda greiðslufyrirmælaþjónustunnar samþykki sitt fyrir því að hefja greiðslu eða að greiðslan til viðtakanda greiðslu skuli framkvæmd.

3. Þegar um beingreiðslu er að ræða getur greiðandi þó, án þess að það hafi áhrif á endurgreiðsluréttindi, afturkallað greiðslufyrirmæli í síðasta lagi í lok síðasta virka dags fyrir umsaminn skuldfærsludag fjárins.

4. Í því tilviki sem um getur í 2. mgr. 78. gr. getur notandi greiðsluþjónustu afturkallað greiðslufyrirmæli í síðasta lagi við lok síðasta virka dags fyrir umsaminn dag.

5. Eftir tímamörkin, sem tilgreind eru í 1.–4. mgr., er aðeins unnt að afturkalla greiðslufyrirmæli ef notandi greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitandi hafa samið um það. Í því tilviki sem um getur í 2. og 3. mgr. er einnig gerð krafa um samþykki viðtakanda greiðslu. Ef um það er samið í rammasamningnum getur viðkomandi greiðsluþjónustuveitandi krafist gjalds fyrir afturköllun.

81. gr.

Millifærðar fjárhæðir og fjárhæðir sem tekið er við

1. Aðildarríki skulu gera kröfu um að greiðsluþjónustuveitandi greiðanda, greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu og milliliðir greiðsluþjónustuveitanda millifæri alla fjárhæð greiðslunnar og láti vera að draga gjöld frá millifærðri fjárhæð.

2. Viðtakandi greiðslu og greiðsluþjónustuveitandinn geta á hinn bóginn samið um að viðkomandi greiðsluþjónustuveitandi dragi gjöld sín frá millifærðri fjárhæð áður en hún er eignfærð á viðtakanda greiðslu. Í því tilviki skal öll fjárhæð greiðslunnar vera aðskilin frá gjöldunum í þeim upplýsingum sem viðtakanda greiðslu eru veittar.

3. Ef einhver önnur gjöld en þau sem um getur í 2. mgr. eru dregin frá millifærðri fjárhæð skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda sjá til þess að viðtakandi greiðslu fái alla fjárhæð greiðslunnar sem greiðandi á frumkvæði að. Ef viðtakandi greiðslu á frumkvæði að

eða hefur milligöngu um greiðslu skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu tryggja að viðtakandi greiðslu fái alla fjárhæð greiðslunnar.

2. Þáttur

Framkvæmdartími og gildisdagur

82. gr.

Gildissvið

1. Þessi bálkur gildir um:

- a) greiðslur í evrum,
- b) greiðslur innan einstakra ríkja í gjaldmiðli aðildarríkisins, sem er utan evrusvæðisins,
- c) greiðslur sem fela aðeins í sér einn gjaldmiðilsumreikning milli evru og gjaldmiðils aðildarríkis utan evrusvæðisins, að því tilskildu að gjaldmiðilsumreikningurinn, sem gerð er krafa um, fari fram í viðkomandi aðildarríki sem er utan evrusvæðisins og, þegar um er að ræða greiðslur yfir landamæri, að millifærslur yfir landamæri séu í evrum.

2. Þessi þáttur gildir um greiðslur sem ekki er getið um í 1. mgr., nema notandi greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitandinn semji um annað, að undanskilinni 87. gr. sem aðilar geta ekki vikið frá. Ef greiðsluþjónustunotandi og greiðsluþjónustuveitandi koma sér saman um lengri frest en mælt er fyrir um í 83. gr. vegna greiðslna innan Sambandsins skal slíkur frestur þó ekki vera lengri en 4 virkir dagar frá viðtökutíma í samræmi við 78. gr.

83. gr.

Greiðslur á greiðslureikning

1. Aðildarríki skulu gera kröfu um að greiðsluþjónustuveitandi greiðanda tryggi, frá viðtökutíma eins og um getur í 78. gr., að fjárhæð greiðslu verði eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu í lok næsta virka dags. Þann frest má framlengja um einn virkan dag fyrir greiðslur sem eru á pappírsgrundvelli.
2. Aðildarríki skulu gera kröfu um að greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu setji gildisdag á greiðsluna og leggi fjárhæð greiðslunnar til ráðstöfunar inn á greiðslureikning viðtakanda greiðslu eftir að greiðsluþjónustuveitandinn hefur tekið við fénu í samræmi við 87. gr.
3. Aðildarríki skulu gera kröfu um að greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu sendi greiðslufyrirmæli, að frumkvæði eða fyrir milligöngu viðtakanda greiðslu, til greiðsluþjónustuveitanda greiðanda innan þeirra tímamarka sem viðtakandi greiðslu og greiðsluþjónustuveitandinn hafa komið sér saman um, til að gera upp, að svo miklu leyti sem beingreiðslur varðar, á umsömdum gjalddaga.

84. gr.

Viðtakandi greiðslu er ekki með greiðslureikning hjá greiðsluþjónustuveitandanum

Ef viðtakandi greiðslu er ekki með greiðslureikning hjá greiðsluþjónustuveitandanum skal greiðsluþjónustuveitandinn færa fjármunina til ráðstöfunar viðtakanda greiðslu, en hann tekur við fjármununum fyrir viðtakanda greiðslu innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í 83. gr.

85. gr.

Reiðufé lagt inn á greiðslureikning

Ef neytandi setur reiðufé á greiðslureikning hjá greiðsluþjónustuveitanda í gjaldmiðli þess greiðslureiknings skal

greiðsluþjónustuveitandinn tryggja að fjárhæðin sé til ráðstöfunar og gildisdagsett tafarlaust eftir viðtöku fjárens. Ef notandi greiðsluþjónustu er ekki neytandi skal fjárhæðin sett til ráðstöfunar og gildisdagsett í síðasta lagi næsta virka dag eftir viðtöku fjárens.

86. gr.

Innlendar greiðslur

Að því er varðar innlendar greiðslur geta aðildarríkin kveðið á um styttri hámarksframkvæmdartíma en kveðið er á um í þessum þætti.

87. gr.

Gildisdagur og aðgengi að fjármagni

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að gildisdagur eignfærslu á greiðslureikning viðtakanda greiðslu sé eigi síðar en þann virka dag þegar fjárhæð greiðslunnar er eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu.

2. Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu skal sjá til þess að fjárhæð greiðslunnar sé viðtakanda greiðslu til ráðstöfunar þegar í stað eftir að fjárhæðin er eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu ef, fyrir hönd greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu, það er:

- a) enginn umreikningur gjaldmiðils eða
- b) umreikningur gjaldmiðils milli evru og gjaldmiðils aðildarríkis eða milli gjaldmiðla tveggja aðildarríkja.

Skyldan sem mælt er fyrir um í þessari grein gildir einnig um greiðslur innan eins greiðsluþjónustuveitanda.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að gildisdagur skuldfærslu af greiðslureikningi greiðanda sé ekki fyrr en tíminn þegar fjárhæð greiðslunnar er skuldfærð af þeim greiðslureikningi.

3. Þáttur

Bótaábyrgð

88. gr.

Sérstakt kennimerki er rangt

1. Ef greiðslufyrirmæli eru framkvæmd í samræmi við sérstakt kennimerki skulu greiðslufyrirmælin teljast hafa verið rétt framkvæmd að því er varðar þann viðtakanda greiðslu sem er tilgreindur með því sérstaka kennimerki.

2. Ef sérstakt kennimerki sem notandi greiðsluþjónustu leggur fram er rangt er greiðsluþjónustuveitandinn ekki bótaskyldur skv. 89. gr. með tilliti til þess að framkvæmd greiðslunnar hafi ekki átt sér stað eða ágalli hafi verið á henni.

3. Greiðsluþjónustuveitandi greiðanda skal þó gera hæfilegar ráðstafanir til að endurheimta féð sem um var að ræða í greiðslunni. Greiðsluþjónustuveitandi greiðandans skal einnig eiga samvinnu varðandi þessar ráðstafanir með því að senda greiðsluþjónustuveitanda greiðandans allar viðeigandi upplýsingar vegna innheimtu fjármuna.

Ef innheimta fjármuna samkvæmt fyrstu undirgrein er ekki möguleg skal greiðsluþjónustuveitandi greiðandans veita greiðandanum, að fenginni skriflegri beiðni, allar upplýsingar sem eru tiltækar greiðsluþjónustuveitanda greiðandans og skipta greiðandann máli til að hann geti höfðað dómsmál til að endurheimta fjármunina.

4. Ef um það er samið í rammasamningi getur greiðsluþjónustuveitandi krafðið notanda greiðsluþjónustu um gjald fyrir endurheimt.

5. Ef notandi greiðsluþjónustu veitir upplýsingar til viðbótar þeim sem tilgreindar eru í a-lið 1. mgr. 45. gr. eða b-lið 2. mgr. 52. gr. skal greiðsluþjónustuveitandinn aðeins vera bótaskyldur vegna framkvæmdar greiðslu í samræmi við sérstaka kennimerkið sem notandi greiðsluþjónustunnar leggur fram.

Bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitenda ef framkvæmd greiðslu fer ekki fram, er gölluð eða of sein

1. Ef greiðandi á beint frumkvæði að greiðslufyrirmælum skal greiðsluþjónustuveitandinn, með fyrirvara um 71. gr., 88. gr. (2. og 3. mgr.) og 93. gr. bera ábyrgð gagnvart greiðanda á réttri framkvæmd greiðslunnar nema hann geti sannað fyrir greiðanda, og, ef við á, greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu, að greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu hafi fengið fjárhæð greiðslunnar í samræmi við 1. mgr. 83. gr. Í því tilviki verður greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu ábyrgur fyrir réttri framkvæmd greiðslunnar.

Ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda er ábyrgur samkvæmt fyrsta undirlið skal hann án ástæðulausrar tafar endurgreiða greiðanda fjárhæð óframkvæmdir eða gallaðrar greiðslu og, eftir atvikum, færa skuldfærðan greiðslureikning í þá stöðu sem hann hefði verið ef gallaða greiðslan hefði ekki átt sér stað.

Gildisdagur eignfærslunnar að því er varðar greiðslureikning greiðandans skal ekki vera síðar en dagurinn þegar fjárhæðin var skuldfærð.

Ef greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu er ábyrgur samkvæmt fyrsta undirlið skal hann þegar í stað setja fjárhæð greiðslunnar til ráðstöfunar viðtakanda greiðslu og, eftir atvikum, eignfæra samsvarandi fjárhæð á greiðslureikning viðtakanda greiðslu.

Gildisdagur eignfærslunnar að því er varðar greiðslureikning viðtakanda greiðslu skal ekki vera síðar en dagurinn sem hefði verið gildisdagur ef færslan hefði verið framkvæmd rétt í samræmi við 87. gr.

Ef greiðsla er framkvæmd of seint skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu sjá til þess, að fenginni skriflegri beiðni greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu, sem kemur fram fyrir hönd greiðanda, að gildisdagur eignfærslu af greiðslureikningi viðtakanda greiðslu sé eigi síðar en gildisdagur fjárhæðarinnar ef færslan hefði verið framkvæmd rétt.

Ef um er að ræða óframkvæmda greiðslu eða ágalli er á framkvæmd greiðslu, þegar greiðandi á frumkvæði að greiðslufyrirmælunum, skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda, án tillits til þess hver ber bótaábyrgð samkvæmt þessari málsgrein, að fram kominni beiðni þar um, gera ráðstafanir þegar í stað til að rekja greiðsluna og tilkynna greiðanda um niðurstöðuna. Þetta skal vera án endurgjalds fyrir greiðandann.

2. Ef viðtakandi greiðslu á frumkvæði að greiðslufyrirmælunum eða hefur milligöngu um þau skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu, með fyrirvara um 2. og 3. mgr. 71. gr., 88. gr. og 93. gr., vera ábyrgur gagnvart viðtakanda greiðslu um rétta sendingu greiðslufyrirmælanna til greiðsluþjónustuveitanda greiðanda í samræmi við 3. mgr. 83. gr. Ef greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu er ábyrgur samkvæmt þessum undirlið skal hann þegar í stað endursenda greiðslufyrirmælin, sem um ræðir, til greiðsluþjónustuveitanda greiðanda.

Ef um er að ræða of seina sendingu greiðslufyrirmæla skal gildisdagur fjárhæðarinnar á greiðslureikningi viðtakanda greiðslu ekki vera síðar en gildisdagur fjárhæðarinnar ef færslan hefði verið framkvæmd rétt.

Auk þess skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu, með fyrirvara um 2. og 3. mgr. 71. gr., 88. gr. og 93. gr., vera ábyrgur gagnvart viðtakanda greiðslu um meðferð greiðslunnar í samræmi við skyldur hennar skv. 87. gr. Ef greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu er ábyrgur samkvæmt þessum undirlið skal hann tryggja að fjárhæð greiðslunnar sé viðtakanda greiðslu til ráðstöfunar þegar í stað eftir að fjárhæðin er eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu. Gildisdagur fjárhæðarinnar á greiðslureikningi viðtakanda greiðslu skal ekki vera síðar en gildisdagur fjárhæðarinnar ef færslan hefði verið framkvæmd rétt.

Ef um er að ræða óframkvæmda greiðslu eða ágalli er á framkvæmd greiðslu, sem greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu er ekki ábyrgur fyrir samkvæmt fyrsta og öðrum undirlið, skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda vera ábyrgur gagnvart greiðanda. Ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda er ábyrgur með þessum hætti skal hann, eins og við á og án ástæðulausrar tafar, endurgreiða greiðanda fjárhæð óframkvæmdir eða gallaðrar greiðslu og færa skuldfærðan greiðslureikning í þá stöðu sem hann hefði verið ef gallaða greiðslan hefði ekki átt sér stað. Gildisdagur eignfærslunnar að því er varðar greiðslureikning greiðandans skal ekki vera síðar en dagurinn sem fjárhæðin var skuldfærð.

Skyldan samkvæmt fjórðu undirgrein gildir ekki um greiðsluþjónustuveitanda greiðanda ef greiðsluþjónustuveitandi greiðandans sýnir fram á að greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu hafi fengið fjárhæð greiðslunnar, jafnvel þótt framkvæmd greiðslunnar hafi einungis tafist. Ef svo er skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu setja gildisdag fjárhæðarinnar á greiðslureikningi viðtakanda greiðslu sem er ekki síðar en gildisdagur fjárhæðarinnar ef færslan hefði verið framkvæmd rétt.

Ef um er að ræða óframkvæmda greiðslu eða ágalli er á framkvæmd greiðslu, þegar viðtakandi greiðslu á frumkvæði að greiðslufyrirmælunum eða ef þau eru fyrir milligöngu viðtakanda greiðslu, skal greiðsluþjónustuveitandi hans, án tillits til þess hver ber bótaábyrgð samkvæmt þessari málsgrein, að fram kominni beiðni þar um, gera ráðstafanir þegar í stað til að rekja greiðsluna og tilkynna viðtakanda greiðslu um niðurstöðuna. Þetta skal vera án endurgjalds fyrir viðtakanda greiðslu.

3. Auk þess skulu greiðsluþjónustuveitendur vera ábyrgir gagnvart notendum greiðsluþjónustu sinnar fyrir öllum gjöldum sem stafa frá þeim og vegna vaxta sem falla á notanda greiðsluþjónustu sem afleiðing af óframkvæmdri eða gallaðri, þ.m.t. of seinni, greiðslu.

90. gr.

Bótaábyrgð ef um er að ræða greiðslufyrirmælaþjónustu fyrir greiðslu sem er ekki framkvæmd, gölluð eða of sein

1. Ef greiðandi gefur greiðslufyrirmæli fyrir milligöngu veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu skal greiðsluþjónustuveitandinn sem veitir reikningaþjónustu, með fyrirvara um 71. gr. og 2. og 3. mgr. 88. gr., endurgreiða greiðanda fjárhæð óframkvæmdrar eða gallaðrar greiðslu og, eftir atvikum, færa skuldfærðan greiðslureikning í þá stöðu sem hann hefði verið ef gallaða greiðslan hefði ekki farið fram.

Veitandi greiðslufyrirmælaþjónustunnar skal færa sönnur á að greiðsluþjónustuveitandinn sem veitir reikningaþjónustu, hafi tekið við greiðslufyrirmælunum í samræmi við 78. gr. og að greiðslan hafi, innan valdheimilda hans, verið heimiluð, rétt skráð og að tæknileg bilun eða annar ágalli hafi ekki haft þau áhrif að hún hafi ekki verið framkvæmd, verið gölluð eða framkvæmd of seint.

2. Ef veitandi greiðslufyrirmælaþjónustu ber ábyrgð á að greiðsla hafi ekki verið framkvæmd, verið gölluð eða framkvæmd of seint skal hann þegar í stað bæta greiðsluþjónustuveitandanum sem veitir reikningaþjónustu, að beiðni hans, upp tapið sem hann verður fyrir eða fjárhæðirnar sem eru greiddar vegna endurgreiðslu til greiðandans.

91. gr.

Viðbótarfébætur

Allar fébætur til viðbótar við það sem kveðið er á um í þessum þætti má ákvarða í samræmi við gildandi lög um samning milli notanda greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitandans.

92. gr.

Málskotsréttur

1. Ef hægt er að rekja bótaábyrgð greiðsluþjónustuveitanda skv. 73. og 89. gr. til annars greiðsluþjónustuveitanda eða milliliðar skal sá greiðsluþjónustuveitandi eða milliliður bæta fyrri greiðsluþjónustuveitanda allt tap, sem hann hefur orðið fyrir, eða fjárhæðir sem greiddar eru skv. 73. og 89. gr. Þetta skal fela í sér bætur ef einhver af greiðsluþjónustuveitendunum notar ekki sterka sannvottun viðskiptavina.

2. Ákvarða má frekari fébætur í samræmi við samninga milli greiðsluþjónustuveitanda og/eða milliliða og gildandi lög um samninginn milli þeirra.

93. gr.

Afbrigðilegar og ófyrirsjáanlegar aðstæður

Engin bótaábyrgð skv. 2. og 3. kafla gildir í þeim tilvikum þegar um er að ræða óeðlilegar eða ófyrirsjáanlegar aðstæður sem sá aðili, sem ber fyrir sig þessar aðstæður, hefur engin áhrif á og hefði ekki getað afstýrt þrátt fyrir tilraunir til þess eða þegar greiðsluþjónustuveitandi er bundin öðrum lagaskyldum sem falla undir löggjöf Sambandsins eða löggjöf einstakra aðildarríkja.

4. KAFLI

Gagnavernd

94. gr.

Gagnavernd

1. Aðildarríki skulu heimila vinnsla persónuupplýsinga í greiðslukerfum og greiðsluþjónustuveitendum þegar nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir, rannsaka og greina greiðslusvik. Tilhögun upplýsingamiðlunar til einstaklinga um vinnslu persónuupplýsinga og vinnsla slíkra persónuupplýsinga og önnur vinnsla persónuupplýsinga að því er varðar þessa tilskipun skal vera í samræmi við tilskipun 95/46/EB, landsreglur sem lögleiða tilskipun 95/46/EB og við reglugerð (EB) nr. 45/2001.
2. Greiðsluþjónustuveitendur skulu aðeins nálgast, vinna og viðhalda persónuupplýsingum sem nauðsynlegar eru til að þeir geta veitt greiðsluþjónustu sína, með skýlausu samþykki greiðsluþjónustunotandans.

5. KAFLI

Rekstrar- og öryggisáætla og sannvottun

95. gr.

Stýring rekstrar- og öryggisáætlu

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að greiðsluþjónustuveitendur komi á ramma með viðeigandi mildunarráðstöfunum og eftirlitskerfi til að stýra rekstrar- og öryggisáætlu í tengslum við greiðsluþjónustuna sem þeir veita. Sem hluta af þessum ramma skulu greiðsluþjónustuveitendur koma á og viðhalda skilvirkri atvikastjórnunarmeðferð, þ.m.t. varðandi greiningu og flokkun alvarlegra rekstrar- og váatvika.
2. Aðildarríki skulu sjá til þess að greiðsluþjónustuveitendur veiti lögbæru yfirvaldi árlega, eða oftast eftir því sem lögbæra yfirvaldið ákvarðar, uppfært og ítarlegt mat á rekstrar- og öryggisáætlu í tengslum við greiðsluþjónustuna sem þeir veita og um það hversu fullnægjandi mildunarráðstafanirnar og eftirlitskerfið, sem framkvæmdar eru til að bregðast við þessari áhættu, eru.
3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, fyrir 13. janúar 2017, í nánú samstarfi við Seðlabanka Evrópu og að höfðu samráði við alla viðkomandi hagsmunaaðila, þ.m.t. þá sem eru á greiðsluþjónustumarkaði, að teknu tilliti til allra viðeigandi hagsmuna, gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um að koma á, framkvæma og hafa eftirlit með öryggisráðstöfunum, þ.m.t. vottunarferli ef við á.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í nánú samstarfi við Seðlabanka Evrópu, endurskoða viðmiðunarreglurnar sem um getur í fyrstu undirgrein með reglulegu millibili og a.m.k. á tveggja ára fresti.

4. Með tilliti til fenginnar reynslu af beitingu viðmiðunarreglnanna sem um getur í 3. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, ef framkvæmdastjórnin biður hana um það eins og við á, semja frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum um viðmiðanirnar og skilyrðin að því er varðar að koma á og hafa eftirlit með öryggisráðstöfunum.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal stuðla að samstarfi, þ.m.t. upplýsingaskiptum, á sviði rekstrar- og öryggisáætlu í tengslum við greiðsluþjónustu milli lögbærra yfirvalda, milli lögbærra yfirvalda og Seðlabanka Evrópu og, ef við á, Net- og upplýsingaöryggisstofnunar Evrópusambandsins.

96. gr.

Skýrslugjöf vegna atvika

1. Ef um alvarleg rekstrar- eða váatvik er að ræða skulu greiðsluþjónustuveitendur, án ástæðulausrar tafar, tilkynna það lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki greiðsluþjónustuveitandans.

Ef atvikið hefur eða getur haft áhrif á fjárhagslega hagsmuni notenda greiðsluþjónustu greiðsluþjónustuveitanda skal hann, án ástæðulausrar tafar, upplýsa notendur greiðsluþjónustunnar um atvikið og um allar ráðstafanir sem þeir geta gripið til í því skyni að draga úr skaðlegum áhrifum atviksins.

2. Við viðtöku tilkynningarinnar sem um getur í 1. mgr. skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu, án ástæðulausrar tafar, veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Seðlabanka Evrópu viðeigandi upplýsingar um atvikið. Viðkomandi lögbært yfirvald skal, eftir að hafa metið mikilvægi atviksins fyrir viðkomandi yfirvöld aðildarríkisins, tilkynna þeim til samræmis við það.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Seðlabanki Evrópu skulu, í samstarfi við lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu, meta mikilvægi atviksins fyrir önnur viðkomandi yfirvöld Sambandsins og landsyfirvöld og tilkynna þeim til samræmis við það. Seðlabanki Evrópu skal tilkynna aðilum seðlabankakerfis Evrópu um málefni sem varða greiðslukerfið.

Lögbær yfirvöld skulu, á grundvelli þeirrar tilkynningar, eftir því sem við á, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda brýnasta öryggi fjármálakerfisins.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, eigi síðar en 13. janúar 2018, í samstarfi við Seðlabanka Evrópu og að höfðu samráði við alla viðkomandi hagsmunaaðila, þ.m.t. þá sem eru á greiðsluþjónustumarkaði, að teknu tilliti til allra viðeigandi hagsmuna, gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 sem beint er til sérhvers eftirfarandi:

- a) greiðsluþjónustuveitanda, um flokkun mikilvægra atvika sem um getur í 1. mgr. og um innihald, snið, þ.m.t. stöðluð tilkynningareyðublöð, og málsmeðferðarreglur um tilkynningu á slíkum atvikum,
- b) lögbærra yfirvalda, um viðmiðanirnar fyrir mat á mikilvægi atviksins og upplýsingar um atvikaskýrslurnar sem deila skal með öðrum landsyfirvöldum.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í nánú samstarfi við Seðlabanka Evrópu, endurskoða viðmiðunarreglurnar sem um getur í 3. mgr. með reglulegu millibili og a.m.k. á tveggja ára fresti.

5. Við útgáfu og endurskoðun á viðmiðunarreglunum sem um getur í 3. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til staðla og/eða nákvæmra skilgreininga sem Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópusambandsins gerir og birtir fyrir aðra geira en þann sem veitir greiðsluþjónustu.

6. Aðildarríki skulu sjá til þess að greiðsluþjónustuveitendur veiti lögbærum yfirvöldum sínum, a.m.k. árlega, tölfræðileg gögn um svik í tengslum við hina ýmsu greiðslumiðla. Þessi lögbær yfirvöld skulu veita Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Seðlabanka Evrópu slík gögn á samanteknu formi.

97. gr.

Sannvottun

1. Aðildarríki skulu tryggja að greiðsluþjónustuveitandi beiti sterkri sannvottun viðskiptavina ef greiðandinn:

- a) hefur aðgang að greiðslureikningi sínum á Netinu,
- b) gefur fyrirmæli um rafræna greiðslu,
- c) framkvæmir aðgerð fyrir milligöngu boðleiðar úr fjarlægð sem gæti haft í för með sér hættu á greiðslusvikum eða annars konar misnotkun.

2. Þegar um ræðir fyrirmæli um rafræna greiðslu eins og um getur í b-lið 1. mgr. skulu aðildarríki sjá til þess, fyrir rafrænar fjargreiðslur, að greiðsluþjónustuveitendur beiti sterkri sannvottun sem felur í sér þætti sem tengja færsluna með virkum hætti við tiltekna fjárhæð og tiltekinn viðtakanda greiðslu.
3. Að því er varðar 1. mgr. skulu aðildarríki sjá til þess að greiðsluþjónustuveitendur hafi fullnægjandi öryggisráðstafanir til að vernda trúnað og heilleika persónusniðinna öryggisskilríkja greiðsluþjónustunotenda.
4. Ákvæði 2. og 3. mgr. skulu einnig gilda ef greiðslur fara fram fyrir milligöngu greiðslufyrirmælaþjónustu. Ákvæði 1. og 3. mgr. skulu einnig gilda ef óskað er eftir upplýsingum fyrir milligöngu veitanda upplýsingaþjónustu um reikninga.
5. Aðildarríki skulu sjá til þess að greiðsluþjónustuveitendur sem veita reikningaþjónustu geri veitendum greiðslufyrirmælaþjónustu og veitendum upplýsingaþjónustu um reikninga kleift að treysta á sannvottunarferlið sem veitendur reikningaþjónustu veita greiðsluþjónustunotanda í samræmi við 1. og 3. mgr., ef veitandi greiðslufyrirmælaþjónustu á hlut að máli, í samræmi við 1., 2. og 3. mgr.

98. gr.

Tæknilegir eftirlitsstaðlar um sannvottun og boðskipti

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í nánú samstarfi við Seðlabanka Evrópu og að höfðu samráði við alla viðkomandi hagsmunaaðila, þ.m.t. þá sem eru á greiðsluþjónustumarkaði, að teknu tilliti til allra viðeigandi hagsmuna, semja frumvörp að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem beint er til greiðsluþjónustuveitenda eins og sett er fram í 1. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar í samræmi við 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 sem tilgreina:
 - a) kröfurnar um sterka sannvottun viðskiptavina sem um getur í 1. og 2. mgr. 97. gr.,
 - b) undanþágurnar frá beitingu 1., 2. og 3. mgr. 97. gr., á grundvelli viðmiðananna sem komið er á fót í 3. mgr. þessarar greinar,
 - c) kröfurnar, sem öryggisráðstafanir þurfa að uppfylla, í samræmi við 3. mgr. 97. gr., til að vernda trúnað og heilleika persónusniðinna öryggisskilríkja greiðsluþjónustunotenda og
 - d) kröfurnar um sameiginlega og örugga opna samskiptastaðla að því er varðar auðkenningar, sannvottun, tilkynningar og upplýsingar, sem og fyrir framkvæmd öryggisráðstafana, milli greiðsluþjónustuveitenda sem veita reikningaþjónustu, veitenda greiðslufyrirmælaþjónustu, veitenda upplýsingaþjónustu um reikninga, greiðenda, viðtakenda greiðslna og annarra greiðsluþjónustuveitenda.
2. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja frumvarp að tæknilegum eftirlitsstaðli sem um getur í 1. mgr. til að:
 - a) tryggja fullnægjandi öryggisstig fyrir greiðsluþjónustunotendur og greiðsluþjónustuveitendur, með því að innleiða skilvirkar og áhættutengdar kröfur,
 - b) tryggja öryggi fjármagns og persónuupplýsinga greiðsluþjónustunotenda,
 - c) tryggja og viðhalda sanngjarnri samkeppni meðal allra greiðsluþjónustuveitenda,
 - d) tryggja hlutleysi tækni- og viðskiptalíkana,
 - e) gera kleift að þróa notendavæna, aðgengilega og nýstárlega greiðslumiðla.
3. Undanþágurnar, sem um getur í b-lið 1. mgr. skulu byggjast á eftirfarandi viðmiðunum:
 - a) áhættustigi sem felst í þjónustunni sem er veitt,
 - b) fjárhæðinni, endurtekningu færslunnar, eða hvoru tveggja,

c) greiðsluleiðinni sem notuð er við framkvæmd færslunnar.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina frumvörpin að tæknilegum eftirlitsstöðlum, sem um getur í 1. mgr., eigi síðar en 13. janúar 2017.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja þessa tæknilegu eftirlitsstaðla í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samræmi við 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, endurskoða og, ef við á, uppfæra með reglulegu millibili tæknilegu eftirlitsstaðlana til þess, m.a., að taka til greina nýsköpun og tækniþróun.

6. KAFLI

Málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla

1. Þáttur

Meðferð kvartana

99. gr.

Kvartanir

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að tekin verði upp málsmeðferð sem gerir notendum greiðsluþjónustu og öðrum hagsmunaaðilum, þ.m.t. neytendasamtök, kleift að leggja fram kvartanir hjá lögbærum yfirvöldum vegna meintra brota greiðsluþjónustuveitenda á ákvæðum þessarar tilskipunar.

2. Eftir því sem við á og með fyrirvara um réttinn til að hefja málsókn fyrir rétti í samræmi við landslög sem gilda um málsmeðferð í einstökum aðildarríkjum skal í svari lögbærra yfirvalda upplýsa kæranda um úrlausnar meðferð um lausn deilumála utan dómstóla í samræmi við 102. gr.

100. gr.

Lögbær yfirvöld

1. Aðildarríki skulu tilnefna lögbær yfirvöld til að tryggja og hafa eftirlit með að farið sé að þessari tilskipun. Þessi lögbæru yfirvöld skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja slíka reglufylgni.

Þau skulu annaðhvort vera:

- a) lögbær yfirvöld í skilningi 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 eða
- b) aðilar, sem viðurkenndir eru samkvæmt landslögum eða af opinberum yfirvöldum sem til þess hafa sérstakar heimildir í landslögum.

Þau skulu ekki vera greiðsluþjónustuveitendur, að undanskildum seðlabönkum aðildarríkjanna.

2. Yfirvöldin sem um getur í 1. mgr. skulu hafa fullnægjandi vald og fjármagn til að geta sinnt skyldum sínum. Ef fleiri en eitt lögbært yfirvald hefur valdheimild til að sjá til þess og hafa skilvirkt eftirlit með því að farið sé að þessari tilskipun skulu aðildarríki sjá til þess að þessi yfirvöld hafi með sér náð samstarf til að þau geti leyst skyldur sínar með skilvirkum hætti.

3. Lögbær yfirvöld skulu beita heimildum sínum í samræmi við landslög:

- a) annaðhvort beint samkvæmt sínum eigin heimildum eða undir eftirliti dómsmálafyrivalda eða
- b) með því að vísa máli til dómstóla sem eru þar til bærir að taka nauðsynlega ákvörðun, þ.m.t. með málskoti ef þörf krefur, ef ekki er orðið við beiðni um að taka hina nauðsynlegu ákvörðun.

4. Þegar um er að ræða brot eða grun um brot gegn ákvæðum landslaga einstakra aðildarríkja, sem leiða í lög III. og IV. bálk, skulu lögbær yfirvöld, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, vera lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki greiðsluþjónustuveitandans nema að því er varðar umboðsaðila og útibú, sem annast starfsemi samkvæmt staðfesturétti, þar sem lögbær yfirvöld skulu vera lögbær yfirvöld í gistaðildarríkinu.

5. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um tilnefnd lögbær yfirvöld sem um getur í 1. mgr. eins fljótt og mögulegt er og eigi síðar en 13. janúar 2018. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni ef þessi yfirvöld skipta með sér verkum. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, án tafar, um allar síðar breytingar varðandi tilnefningu og hæfi þessara yfirvalda.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, að höfðu samráði við Seðlabanka Evrópu, gefa út viðmiðunarreglur sem beint er til lögbærra yfirvalda í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um meðferð kvartana sem taka skal tillit til í því skyni að tryggja að farið sé að 1. mgr. þessarar greinar. Þessar viðmiðunarreglur skulu gefnar út eigi síðar en 13. janúar 2018 og skulu uppfærðar með reglulegu millibili, eins og við á.

2. þáttur

Málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla og viðurlög

101. gr.

Lausn deilumála

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að greiðsluþjónustuveitendur komi á og beiti fullnægjandi og árangursríkum úrræðum til að greiða úr kvörtunum greiðsluþjónustunotanda um réttindi og skyldur sem leiða af III. og IV. bálki þessarar tilskipunar og skulu fylgjast með frammistöðu þeirra í því sambandi.

Þessari málsmeðferð skal beitt í öllum aðildarríkjunum þar sem greiðsluþjónustuveitandinn býður greiðsluþjónustuna og skal vera aðgengileg á opinberu tungumáli viðkomandi aðildarríkis eða á öðru tungumáli ef greiðsluþjónustuveitandinn og notandi greiðsluþjónustunnar koma sér saman um það.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að greiðsluþjónustuveitendur geri allar mögulegar ráðstafanir til að svara kvörtunum greiðsluþjónustunotandans á pappír eða, ef greiðsluþjónustuveitandinn og greiðsluþjónustunotandinn koma sér saman um það, á öðrum varanlegum miðli. Slíkt svar skal taka á öllum þeim atriðum sem minnst er á, innan fullnægjandi tímaramma og eigi síðar en innan 15 daga frá viðtöku kvörtunarinnar. Við sérstakar aðstæður, ef ekki er mögulegt að svara innan 15 virkra daga af ástæðum sem greiðsluþjónustuveitandinn fær ekki ráðið við, skal hann krafinn um að senda bráðabirgðasvar sem setur með skýrum hætti fram ástæðurnar fyrir því að svar við kvörtuninni tefjist og tilgreinir frestinn hann gefur sér til að veita greiðsluþjónustunotandanum lokasvar. Fresturinn til að taka við lokasvarinu skal aldrei vera lengri en 35 virkir dagar.

Aðildarríki geta innleitt eða viðhaldið reglum um málsmeðferð við lausn deilumála sem eru hagstæðari greiðsluþjónustunotandanum en þær sem um getur í fyrstu undirgrein. Ef þau gera það skulu þær reglur gilda.

3. Greiðsluþjónustuveitandinn skal upplýsa greiðsluþjónustunotandann um a.m.k. einn úrskurðaraðila í deilumálum utan dómstóla sem er lögbær til að eiga við deilumál um réttindi og skyldur sem leiða af III. og IV. bálki.

4. Upplýsingarnar, sem um getur í 3. mgr., skulu settar fram á skýran, skiljanlegan og aðgengilegan hátt á vefsetri greiðsluþjónustuveitandans, hafi hann vefsetur, og í útibú og með almennum skilmálum og skilyrðum um samninginn milli greiðsluþjónustuveitanda og greiðsluþjónustunotanda. Þær skulu tilgreina með hvaða hætti unnt er að nálgast frekari upplýsingar um viðkomandi úrskurðaraðila í deilumálum utan dómstóla og skilyrðin sem gilda um notkun þeirra.

102. gr.

Málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að fullnægjandi, óháðri, hlutlausri, gagnsæri og skilvirkri leið til lausnar deilumála utan dómstóla milli greiðsluþjónustunotanda og greiðsluþjónustuveitanda um réttindi og skyldur, sem leiða af III. og IV. bálki þessarar tilskipunar, sé komið á í samræmi við viðkomandi landslög og lög Sambandsins í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins

2013/11/ESB ⁽³⁵⁾, með því að nota núverandi lögbærar stofnanir eftir því sem við á. Aðildarríki skulu tryggja að málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla gildi um greiðsluþjónustuveitendur og nái einnig yfir starfsemi tilnefndra fulltrúa.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að aðilarnir, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, hafi með sér árangursríkt samstarf um úrlausn deilumála yfir landamæri að því er varðar réttindi og skyldur sem leiða af III. og IV. bálki.

103. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríki skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum gegn innlendra löggjöf til lögleiðingar á þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þær komi til framkvæmda. Slík viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

2. Aðildarríki skulu leyfa lögbærum yfirvöldum sínum að birta opinberlega upplýsingar um öll stjórnsýsluviðurlög sem beita skal við broti á ráðstöfununum sem hafa verið samþykktar við lögleiðingu á þessari tilskipun, nema slík birting kunni að tefla fjármálamarkaðinum í tvísýnu eða valda viðkomandi aðilum óþarflega miklum skaða.

V. BÁLKUR

FRAMSELDAR GERÐIR OG TÆKNILEGIR EFTIRLITSSTAÐLAR

104. gr.

Framseldar gerðir

Framkvæmdastjórninni skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 105. gr., að því er varðar:

- a) breytingu á tilvísun í tilmæli 2003/361/EB í 36. lið 4. gr. þessarar tilskipunar ef þeim tilmælum er breytt,
- b) uppfærslu á fjárhæðum, sem tilgreindar eru í 1. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 74. gr., til að taka tillit til verðbólgu.

105. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal veitt vald um óákveðinn tíma frá 12. janúar 2016 til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 104. gr.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 104. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Hún öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún jafnframt tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 104. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um þrjú mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

⁽³⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/11/ESB frá 21. maí 2013 um lausn deilumála neytenda utan dómstóla og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 og tilskipun 2009/22/EB (tilskipun um deilumál á sviði neytendamála) (Stjtið. EB L 165, 18.6.2013, p. 63).

106. gr.

Kvöð um að upplýsa neytendur um rétt sinn

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 13. janúar 2018, útbúa notendavænan rafrænan bækling sem setur með skýrum og auðskiljanlegum hætti fram réttindi neytenda samkvæmt þessari tilskipun og tengdri löggjöf Sambandsins.
2. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa aðildarríki, evrópsk samtök greiðsluþjónustuveitenda og evrópsk neytendasamtök um útgáfu bæklingins sem um getur í 1. mgr.

Framkvæmdastjórnin, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og lögbær yfirvöld skulu hvert um sig tryggja að bæklingurinn sé gerður tiltækur á auðveldan og aðgengilegan hátt á viðkomandi vefsetrum þeirra.

3. Greiðsluþjónustuveitendur skulu sjá til þess að bæklingur sé gerður tiltækur á auðveldan hátt á vefsetrum þeirra, ef þau eru til, og á pappírformi í útibúum þeirra, hjá umboðsaðilum og hjá einingunum sem þeir útvista starfsemi sína til.
4. Greiðsluþjónustuveitendur skulu ekki innheimta gjald af viðskiptavinum sínum fyrir að gera upplýsingar tiltækar samkvæmt þessari grein.
5. Að því er varðar aðila með fötlun skal beita ákvæðum þessarar greinar á viðeigandi hátt, sem gerir kleift að gera upplýsingar tiltækar á aðgengilegu sniði.

VI. BÁLKUR

LOKAÁKVÆÐI

107. gr.

Full samhæfing

1. Með fyrirvara um 2. gr., 8. gr. (3. mgr.), 32. gr., 38. gr. (2. mgr.), 42. gr. (2. mgr.), 55. gr. (6. mgr.), 57. gr. (3. mgr.), 58. gr. (3. mgr.), 61. gr. (2. og 3. mgr.), 62. gr. (5. mgr.), 63. gr. (2. og 3. mgr.), aðra undirgrein 74. gr. (1. mgr.) og 86. gr., að því marki sem þessi tilskipun felur í sér samhæfð ákvæði, skulu aðildarríkin ekki halda í gildi eða taka upp önnur ákvæði en þau sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
2. Ef aðildarríki nýtir sér einhvern þann kost sem um getur í 1. mgr. skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það, sem og um allar síðari breytingar. Framkvæmdastjórnin skal birta upplýsingarnar á vefsetri eða annars staðar þar sem þær eru auðaðgengilegar.
3. Aðildarríki skulu sjá til þess að greiðsluþjónustuveitendur víki ekki, þannig að það skaði notendur greiðsluþjónustu, frá ákvæðum landslaga sem lögleiða þessa tilskipun nema sérstaklega sé kveðið á um það í henni.

Greiðsluþjónustuveitendur geta þó boðið notendum greiðsluþjónustu hagstæðari skilmála.

108. gr.

Endurskoðunarákvæði

Eigi síðar en 13. janúar 2021 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið, Seðlabanka Evrópu og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins skýrslu um framkvæmd og áhrif þessarar tilskipunar, einkum að því er varðar:

- a) hversu viðeigandi reglurnar um gjöld eru og áhrifin af þeim eins og sett er fram í 3., 4. og 5. mgr. 62. gr.,
- b) beitingu 3. og 4. mgr. 2. gr., þ.m.t. mat á því hvort beita megi III. og IV. bálki, þegar það er tæknilega mögulegt, að fullu á greiðslur

sem um getur í þessum málsgreinum,

- c) aðgengi að greiðslukerfum, einkum með hliðsjón af samkeppnisstigi,
- d) hversu viðeigandi viðmiðunarfrjárhæðir greiðslanna sem um getur í l-lið 3. gr. eru og áhrifin af þeim,
- e) hversu viðeigandi viðmiðunarfrjárhæðir undanþáganna sem um getur í a-lið 1. mgr. 32. gr. eru og áhrifin af þeim,
- f) hvort það væri æskilegt, í ljósi þróunar, til viðbótar við ákvæðin í 75. gr. um greiðslur, ef frjárhæðin er ekki þekkt fyrirfram og fjármunir eru frystir, að setja hámark að því er varðar frjárhæðir sem má frysta á greiðslureikningi greiðandans við slíkar aðstæður.

Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf ásamt skýrslu sinni.

109. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Aðildarríkin skulu heimila greiðslustofnunum, sem hafa hafið starfsemi fyrir 13. janúar 2018, í samræmi við landslög sem varða lögleiðingu tilskipunar 2007/64/EB að halda áfram þeirri starfsemi í samræmi við kröfurnar sem kveðið er á um í tilskipun 2007/64/EB, án þess að krafa sé gerð um að þau sæki um starfsleyfi í samræmi við 5. gr. þessarar tilskipunar eða að þau hlíti hinum ákvæðunum sem mælt er fyrir um eða sem um getur í II. bálki þessarar tilskipunar til 13. júlí 2018.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að slíkar greiðslustofnanir leggi fram allar viðeigandi upplýsingar til lögbærra yfirvalda til að þau geti, eigi síðar en 13. júlí 2018, metið hvort greiðslustofnanirnar uppfylli þær kröfur sem mælt er fyrir um í II. bálki, og ef ekki, til hvaða ráðstafana þurfi að grípa, til að tryggja að farið sé að ákvæðum eða hvort innköllun starfsleyfis sé viðeigandi.

Greiðslustofnanir, sem samkvæmt sannprófun lögbærra yfirvalda uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í II. bálki, skulu fá starfsleyfi og skulu færðar í skrárnar sem um getur í 14. og 15. gr. Ef þessar greiðslustofnanir uppfylla ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í II. bálki í síðasta lagi 13. júlí 2018, skal þeim bannað að veita greiðsluþjónustu í samræmi við 37. gr.

2. Aðildarríki geta kveðið á um að þeim greiðslustofnunum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sé sjálfkrafa veitt starfsleyfi og þær færðar inn í skrárnar, sem um getur í 14. og 15. gr., ef lögbær yfirvöld hafa þegar gögn um að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í 5. og 11. gr. Áður en starfsleyfi er veitt skulu lögbær yfirvöld tilkynna það viðkomandi greiðslustofnunum.

3. Þessi málsgrein gildir um alla einstaklinga eða lögaðila sem nutu undanþágu skv. 26. gr. tilskipunar 2007/64/EB fyrir 13. janúar 2018 og stunduðu greiðsluþjónustustarfsemi í skilningi tilskipunar 2007/64/EB.

Aðildarríki skulu heimila þessum aðilum að halda starfseminni áfram í hlutaðeigandi aðildarríki í samræmi við tilskipun 2007/64/EB til 13. janúar 2019 án þess að krafa sé gerð um að þau sæki um starfsleyfi í samræmi við 5. gr. þessarar tilskipunar eða fái undanþágu skv. 32. gr. þessarar tilskipunar eða þau fullnægi hinum ákvæðunum sem mælt er fyrir um eða sem um getur í II. bálki þessarar tilskipunar.

Öllum aðilum, sem um getur í fyrstu undirgrein sem hafa ekki, eigi síðar en 13. janúar 2019, fengið starfsleyfi eða undanþágu samkvæmt þessari tilskipun skal bannað að veita greiðsluþjónustu í samræmi við 37. gr. þessarar tilskipunar.

4. Aðildarríki geta kveðið á um að einstaklingar og lögaðilar, sem njóta undanþágunnar eins og um getur í 3. mgr. þessarar greinar, teljist njóta undanþágu og þeir færðir sjálfkrafa inn í skrárnar sem um getur í 14. og 15. gr., ef lögbær yfirvöld hafa gögn um að farið sé að þeim kröfum sem mælt er fyrir um í 32. gr. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna þetta viðkomandi greiðslustofnunum.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu greiðslustofnanir, sem hafa fengið leyfi til að veita greiðsluþjónustu eins og um getur í 7. lið viðaukans við tilskipun 2007/64/EB, halda starfsleyfi fyrir veitingu þeirrar greiðsluþjónustu sem telst vera greiðsluþjónusta, eins og um getur í 3. lið I. viðauka við þessa tilskipun, ef lögbær yfirvöld hafa, fyrir 13. janúar 2020, gögn sem sýna fram á að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í 7. gr. (c-liður) og 9. gr. þessarar tilskipunar.

110. gr.

Breytingar á tilskipun 2002/65/EB

Í stað 5. mgr. 4. gr. tilskipunar 2002/65/EB komi eftirfarandi:

„5. Þegar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366(*) er einnig beitt koma 44., 45., 51. og 52. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366 í stað ákvæða um upplýsingar skv. 3. gr. (1. mgr.) þessarar tilskipunar, að undanskildum 2. lið (c- til g-liður), 3. lið (a-, d- og e-liður) og 4. lið (b-liður).“

(*)Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum og um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB, 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu tilskipunar 2007/64/EB (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35).

111. gr.

Breytingar á tilskipun 2009/110/EB

Tilskipun 2009/110/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Án þess að hafa áhrif á þessa tilskipun gilda 5. gr., 11.–17. gr., 19. gr. (5. og 6. mgr.) og 20.–31. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366(*), þ.m.t. framseldu gerðirnar sem samþykktar eru skv. 15. gr. (4. mgr.), 28. gr. (5. mgr) og 29. gr. (7. mgr.) hennar, um rafeyrisstofnanir að breyttu breytanda.“

(*)Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum og um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB, 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu tilskipunar 2007/64/EB (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35).

b) Í stað 4. mgr. og 5. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Aðildarríki skulu leyfa rafeyrisfyrirtækjum að dreifa rafeyri og innleysa hann, gegnum einstaklinga eða lögaðila sem koma fram fyrir þeirra hönd. Ef rafeyrisstofnun dreifir rafeyri í öðru aðildarríki með því að ráða til þess slíkan einstakling eða lögaðila, gilda 27.–31. gr., að undanskilinni 29. gr. (4. og 5. mgr) tilskipunar (ESB) 2015/2366, þ.m.t. framseldu gerðirnar sem samþykktar eru skv. 28. gr. (5. mgr.) og 29. gr. (7. mgr.) hennar, að breyttu breytanda um slíkar rafeyrisstofnanir.

5. Rafeyrisfyrirtæki skal ekki virkja umboðsaðila til að gefa út rafeyri þrátt fyrir 4. mgr. þessarar greinar. Rafeyrisstofnunum skal vera heimilt að veita greiðsluþjónustuna sem um getur í a-lið 1. mgr. 6. gr. í þessari tilskipun fyrir milligöngu umboðsaðila með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 19. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366.“

2) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 18. gr.:

„4. Aðildarríkin skulu heimila rafeyrisstofnunum, sem hafa hafið starfsemi fyrir 13. janúar 2018 í samræmi við þessa tilskipun

og tilskipun 2007/64/EB, í aðildarríkinu þar sem aðalskrifstofa þeirra er, að halda áfram þeirri starfsemi í viðkomandi aðildarríki, eða öðru aðildarríki, án þess að krafa sé gerð um að þau sækji um starfsleyfi í samræmi við 3. gr. þessarar tilskipunar eða þau hlíti öðrum ákvæðum sem mælt er fyrir um eða sem um getur í II. bálki þessarar tilskipunar til 13. júlí 2018.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að rafeyrisstofnanir sem um getur í fyrstu undirgrein leggi fram allar viðeigandi upplýsingar til lögbærra yfirvalda til að þau geti, eigi síðar en 13. júlí 2018, metið hvort þessar rafeyrisstofnanir uppfylli þær kröfur sem mælt er fyrir um í II. bálki þessarar tilskipunar, og ef ekki, til hvaða ráðstafana þurfi að grípa, til að tryggja að farið sé að ákvæðum eða hvort innköllun starfsleyfis sé viðeigandi.

Rafeyrisstofnanir sem um getur í fyrstu undirgrein, sem samkvæmt sannprófun lögbærra yfirvalda uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í II. bálki, skulu fá starfsleyfi og skulu færðar í skrána. Ef þessar rafeyrisstofnanir fara ekki að þeim kröfum sem mælt er fyrir um í II. bálki í síðasta lagi 13. júlí 2018 skal þeim bannað að gefa út rafeyri.“

112. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010

Reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 er breytt sem hér segir:

1) í stað 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„2. Stofnunin skal starfa innan þess valdsviðs, sem henni er veitt með þessari reglugerð og innan gildissviðs tilskipunar 2002/87/EB, tilskipunar 2009/110/EB, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (*), tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB (**), tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB (***), reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/847 (****), tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 (*****) og, að því marki sem þessar gerðir gilda um lána- og fjármálastofnanir og lögbæru yfirvöldin sem hafa eftirlit með þeim, innan viðkomandi hluta tilskipunar 2002/65/EB og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 (*****), þ.m.t. allar tilskipanir, reglugerðir og ákvarðanir sem eiga stoð í þessum gerðum, og öðrum lagalega bindandi gerðum Sambandsins þar sem stofnuninni eru falin þessi verkefni. Stofnunin skal einnig fara eftir reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 (*****).“

(*)Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

(**)Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

(***)Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB frá 16. apríl 2014 um innstæðutryggingakerfi (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 149).

(****) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/847 frá 20. maí 2015 um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1781/2006 (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 1).

(*****) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum og um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB, 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu tilskipunar 2007/64/EB (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35).

(******) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).

(******) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 frá 15. október 2013 um að fela Seðlabanka Evrópu sérstök verkefni að því er varðar stefnur sem snerta varfærniseftirlit lánastofnana (Stjtið. ESB L 287, 29.10.2013, bls. 63).

2) Í stað 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„1)„fjármálastofnanir“: lánastofnanir eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, verðbréfafyrirtæki eins og þau eru skilgreind í 2. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, fjármálasamsteypur eins og þær eru skilgreindar í 14. mgr. 2. gr. tilskipunar (EB) 2002/87/EB, greiðsluþjónustuveitendur eins og þeir eru skilgreindir í 11. lið 4. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366 og rafeyrisstofnanir eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 2. gr. tilskipunar 2009/110/EB, að því undanskildu, að því er varðar tilskipun (ESB) 2015/849, að „fjármálastofnanir“ merkir lánastofnanir og fjármálastofnanir eins og þær eru skilgreindar í 1. og 2. lið 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849“.

113. gr.

Breytingar á tilskipun 2013/36/ESB

Í stað 4. liðar í I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB komi eftirfarandi:

„4)Greiðsluþjónusta eins og hún er skilgreind í 3. lið 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366(*),“

(*)Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum og um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB, 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu tilskipunar 2007/64/EB (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35).

114. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 2007/64/EB er felld úr gildi frá og með 13. janúar 2018.

Líta ber á tilvísun í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísun í þessa tilskipun og skal hún lesin með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka við þessa tilskipun.

115. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 13. janúar 2018. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.
2. Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 13. janúar 2018.
Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
3. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.
4. Þrátt fyrir 2. mgr. skulu aðildarríki sjá til þess að öryggisráðstöfununum sem um getur í 65., 66., 67. og 97. gr. sé beitt frá 18 mánuðum eftir gildistöku dag tæknilegu eftirlitsstaðlanna sem um getur í 98. gr.
5. Aðildarríki skulu ekki banna lögaðilum sem hafa, á yfirráðasvæði þeirra fyrir 12. janúar 2016, stundað starfsemi veitanda greiðslufyrirmælaþjónustu og veitanda upplýsingaþjónustu um reikninga í skilningi þessarar tilskipunar, að halda áfram að stunda sömu starfsemi á yfirráðasvæði þeirra á umbreytingartímabilinu sem um getur í 2. og 4. mgr. í samræmi við núverandi gildandi regluramma.
6. Aðildarríki skulu sjá til þess, þar til einstakir greiðsluþjónustuveitendur sem veita reikningaþjónustu uppfylla tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í 4. gr., að greiðsluþjónustuveitendur sem veita reikningaþjónustu misnoti ekki þá stöðu sína að uppfylla ekki staðlana til að koma í veg fyrir eða hindra notkun greiðslufyrirmæla- og reikningsupplýsingaþjónustu varðandi reikningana sem þeir þjónusta.

116. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

117. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 25. nóvember 2015.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

Fyrir hönd ráðsins,

N. SCHMIT

forseti.

forseti.

I. VIÐAUKI

GREIÐSLUÞJÓNUSTA

(sem um getur í 3. lið 4. gr.)

- Þjónusta sem gerir kleift að setja reiðufé á greiðslureikning ásamt öllum aðgerðum sem nauðsynlegar eru til rekstrar greiðslureiknings.
- Þjónusta sem gerir kleift að taka reiðufé út af greiðslureikningi ásamt öllum aðgerðum sem nauðsynlegar eru til rekstrar greiðslureiknings.
- Framkvæmd greiðslna, þ.m.t. millifærsla fjár á greiðslureikning hjá greiðsluþjónustuveitanda notanda eða hjá öðrum greiðsluþjónustuveitanda:
 - framkvæmd beingreiðslna, þ.m.t. einstakar beingreiðslur,
 - framkvæmd greiðslna með greiðslukorti eða sambærilegu tæki,
 - framkvæmd millifærslu fjármuna, þ.m.t. föst fyrirmæli.
- Framkvæmd greiðslna ef fjármunir eru tryggðir með lánalínu fyrir notanda greiðsluþjónustu:
 - framkvæmd beingreiðslna, þ.m.t. einstakar beingreiðslur,
 - framkvæmd greiðslna með greiðslukorti eða sambærilegu tæki,
 - framkvæmd millifærslu fjármuna, þ.m.t. föst fyrirmæli.
- Útgáfa greiðslumiðla og/eða færsluhirðing greiðslna.
- Peningasending.
- Greiðslufyrirmælaþjónusta.
- Upplýsingaþjónusta um reikninga.

II. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Þessi tilskipun	Tilskipun 2007/64/EB
1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.
2. mgr. 1. gr.	2. mgr. 1. gr.
1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.
2. mgr. 2. gr.	
3. mgr. 2. gr.	
4. mgr. 2. gr.	
5. mgr. 2. gr.	3. mgr. 2. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2007/64/EB
3. gr.	3. gr.
4. gr.:	4. gr.:
1., 2., 3., 4., 5. og 10. liður	1., 2., 3., 4., 5. og 10. liður
7. liður	6. liður
8. liður	7. liður
9. liður	8. liður
11. liður	9. liður
12. liður	14. liður
13. liður	16. liður
14. liður	23. liður
20., 21. og 22. liður	11., 12. og 13. liður
23. liður	28. liður
25. liður	15. liður
26. og 27. liður	17. og 18. liður
28. liður	20. liður
29. liður	19. liður
33. liður	21. liður
34., 35., 36. og 37. liður	24., 25., 26. og 27. liður
38. liður	22. liður
39. og 40. liður	29. og 30. liður
6. liður, 15.–19. liður, 24. liður, 30.–32. liður og 41.–48. liður	—
1. mgr. 5. gr.	5. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2007/64/EB
2. mgr. 5. gr.	—
3. mgr. 5. gr.	—
4. mgr. 5. gr.	—
5. mgr. 5. gr.	—
6. mgr. 5. gr.	—
7. mgr. 5. gr.	—
1. mgr. 6. gr.	—
2. mgr. 6. gr.	—
3. mgr. 6. gr.	—
4. mgr. 6. gr.	—
7. gr.	6. gr.
1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 7. gr.
2. mgr. 8. gr.	2. mgr. 7. gr.
3. mgr. 8. gr.	3. mgr. 7. gr.
1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 8. gr.
2. mgr. 9. gr.	2. mgr. 8. gr.
3. mgr. 9. gr.	3. mgr. 8. gr.
1. mgr. 10. gr.	1. mgr. 9. gr.
2. mgr. 10. gr.	2. mgr. 9. gr.
—	3. og 4. mgr. 9. gr.
1. mgr. 11. gr.	1. mgr. 10. gr.
2. mgr. 11. gr.	2. mgr. 10. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2007/64/EB
3. mgr. 11. gr.	3. mgr. 10. gr.
4. mgr. 11. gr.	4. mgr. 10. gr.
5. mgr. 11. gr.	5. mgr. 10. gr.
6. mgr. 11. gr.	6. mgr. 10. gr.
7. mgr. 11. gr.	7. mgr. 10. gr.
8. mgr. 11. gr.	8. mgr. 10. gr.
9. mgr. 11. gr.	9. mgr. 10. gr.
12. gr.	11. gr.
1. mgr. 13. gr.	1. mgr. 12. gr.
2. mgr. 13. gr.	2. mgr. 12. gr.
3. mgr. 13. gr.	3. mgr. 12. gr.
1. mgr. 14. gr.	13. gr.
2. mgr. 14. gr.	13. gr.
3. mgr. 14. gr.	—
4. mgr. 14. gr.	—
1. mgr. 15. gr.	—
2. mgr. 15. gr.	—
3. mgr. 15. gr.	—
4. mgr. 15. gr.	—
5. mgr. 15. gr.	—
16. gr.	14. gr.
1. mgr. 17. gr.	1. mgr. 15. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2007/64/EB
2. mgr. 17. gr.	2. mgr. 15. gr.
3. mgr. 17. gr.	3. mgr. 15. gr.
4. mgr. 17. gr.	4. mgr. 15. gr.
1. mgr. 18. gr.	1. mgr. 16. gr.
2. mgr. 18. gr.	2. mgr. 16. gr.
3. mgr. 18. gr.	2. mgr. 16. gr.
4. mgr. 18. gr.	3. mgr. 16. gr.
5. mgr. 18. gr.	4. mgr. 16. gr.
6. mgr. 18. gr.	5. mgr. 16. gr.
1. mgr. 19. gr.	1. mgr. 17. gr.
2. mgr. 19. gr.	2. mgr. 17. gr.
3. mgr. 19. gr.	3. mgr. 17. gr.
4. mgr. 19. gr.	4. mgr. 17. gr.
5. mgr. 19. gr.	5. mgr. 17. gr.
6. mgr. 19. gr.	7. mgr. 17. gr.
7. mgr. 19. gr.	8. mgr. 17. gr.
8. mgr. 19. gr.	—
1. mgr. 20. gr.	1. mgr. 18. gr.
2. mgr. 20. gr.	2. mgr. 18. gr.
21. gr.	19. gr.
1. mgr. 22. gr.	1. mgr. 20. gr.
2. mgr. 22. gr.	2. mgr. 20. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2007/64/EB
3. mgr. 22. gr.	3. mgr. 20. gr.
4. mgr. 22. gr.	4. mgr. 20. gr.
5. mgr. 22. gr.	5. mgr. 20. gr.
1. mgr. 23. gr.	1. mgr. 21. gr.
2. mgr. 23. gr.	2. mgr. 21. gr.
3. mgr. 23. gr.	3. mgr. 21. gr.
1. mgr. 24. gr.	1. mgr. 22. gr.
2. mgr. 24. gr.	2. mgr. 22. gr.
3. mgr. 24. gr.	3. mgr. 22. gr.
1. mgr. 25. gr.	1. mgr. 23. gr.
2. mgr. 25. gr.	2. mgr. 23. gr.
1. mgr. 26. gr.	1. mgr. 24. gr.
2. mgr. 26. gr.	2. mgr. 24. gr.
1. mgr. 27. gr.	—
2. mgr. 27. gr.	—
1. mgr. 28. gr.	1. mgr. 25. gr.
2. mgr. 28. gr.	—
3. mgr. 28. gr.	—
4. mgr. 28. gr.	—
5. mgr. 28. gr.	—
1. mgr. 29. gr.	2. og 3. mgr. 25. gr.
2. mgr. 29. gr.	—

Þessi tilskipun	Tilskipun 2007/64/EB
3. mgr. 29. gr.	4. mgr. 25. gr.
4. mgr. 29. gr.	—
5. mgr. 29. gr.	—
6. mgr. 29. gr.	—
1. mgr. 30. gr.	—
2. mgr. 30. gr.	—
3. mgr. 30. gr.	—
4. mgr. 30. gr.	—
1. mgr. 31. gr.	—
2. mgr. 31. gr.	4. mgr. 25. gr.
1. mgr. 32. gr.	1. mgr. 26. gr.
2. mgr. 32. gr.	2. mgr. 26. gr.
3. mgr. 32. gr.	3. mgr. 26. gr.
4. mgr. 32. gr.	4. mgr. 26. gr.
5. mgr. 32. gr.	5. mgr. 26. gr.
6. mgr. 32. gr.	6. mgr. 26. gr.
1. mgr. 33. gr.	—
2. mgr. 33. gr.	—
34. gr.	27. gr.
1. mgr. 35. gr.	1. mgr. 28. gr.
2. mgr. 35. gr.	2. mgr. 28. gr.
36. gr.	—

Þessi tilskipun	Tilskipun 2007/64/EB
1. mgr. 37. gr.	29. gr.
2. mgr. 37. gr.	—
3. mgr. 37. gr.	—
4. mgr. 37. gr.	—
5. mgr. 37. gr.	—
1. mgr. 38. gr.	1. mgr. 30. gr.
2. mgr. 38. gr.	2. mgr. 30. gr.
3. mgr. 38. gr.	3. mgr. 30. gr.
39. gr.	31. gr.
1. mgr. 40. gr.	1. mgr. 32. gr.
2. mgr. 40. gr.	2. mgr. 32. gr.
3. mgr. 40. gr.	3. mgr. 32. gr.
41. gr.	33. gr.
1. mgr. 42. gr.	1. mgr. 34. gr.
2. mgr. 42. gr.	2. mgr. 34. gr.
1. mgr. 43. gr.	1. mgr. 35. gr.
2. mgr. 43. gr.	2. mgr. 35. gr.
1. mgr. 44. gr.	1. mgr. 36. gr.
2. mgr. 44. gr.	2. mgr. 36. gr.
3. mgr. 44. gr.	3. mgr. 36. gr.
1. mgr. 45. gr.	1. mgr. 37. gr.
2. mgr. 45. gr.	—

Þessi tilskipun	Tilskipun 2007/64/EB
3. mgr. 45. gr.	2. mgr. 37. gr.
46. gr.	—
47. gr.	—
48. gr.	38. gr.
49. gr.	39. gr.
50. gr.	40. gr.
1. mgr. 51. gr.	1. mgr. 41. gr.
2. mgr. 51. gr.	2. mgr. 41. gr.
3. mgr. 51. gr.	3. mgr. 41. gr.
1. liður 52. gr.	1. mgr. 42. gr.
2. liður 52. gr.	2. mgr. 42. gr.
3. liður 52. gr.	3. mgr. 42. gr.
4. liður 52. gr.	4. mgr. 42. gr.
5. liður 52. gr.	5. mgr. 42. gr.
6. liður 52. gr.	6. mgr. 42. gr.
7. liður 52. gr.	7. mgr. 42. gr.
53. gr.	43. gr.
1. mgr. 54. gr.	1. mgr. 44. gr.
2. mgr. 54. gr.	2. mgr. 44. gr.
3. mgr. 54. gr.	3. mgr. 44. gr.
1. mgr. 55. gr.	1. mgr. 45. gr.
2. mgr. 55. gr.	2. mgr. 45. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2007/64/EB
3. mgr. 55. gr.	3. mgr. 45. gr.
4. mgr. 55. gr.	4. mgr. 45. gr.
5. mgr. 55. gr.	5. mgr. 45. gr.
6. mgr. 55. gr.	6. mgr. 45. gr.
56. gr.	46. gr.
1. mgr. 57. gr.	1. mgr. 47. gr.
2. mgr. 57. gr.	2. mgr. 47. gr.
3. mgr. 57. gr.	3. mgr. 47. gr.
1. mgr. 58. gr.	1. mgr. 48. gr.
2. mgr. 58. gr.	2. mgr. 48. gr.
3. mgr. 58. gr.	3. mgr. 48. gr.
1. mgr. 59. gr.	1. mgr. 49. gr.
2. mgr. 59. gr.	2. mgr. 49. gr.
1. mgr. 60. gr.	1. mgr. 50. gr.
2. mgr. 60. gr.	2. mgr. 50. gr.
3. mgr. 60. gr.	—
1. mgr. 61. gr.	1. mgr. 51. gr.
2. mgr. 61. gr.	2. mgr. 51. gr.
3. mgr. 61. gr.	3. mgr. 51. gr.
4. mgr. 61. gr.	4. mgr. 51. gr.
1. mgr. 62. gr.	1. mgr. 52. gr.
2. mgr. 62. gr.	2. mgr. 52. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2007/64/EB
3. mgr. 62. gr.	3. mgr. 52. gr.
4. mgr. 62. gr.	—
5. mgr. 62. gr.	—
1. mgr. 63. gr.	1. mgr. 53. gr.
2. mgr. 63. gr.	2. mgr. 53. gr.
3. mgr. 63. gr.	3. mgr. 53. gr.
1. mgr. 64. gr.	1. mgr. 54. gr.
2. mgr. 64. gr.	2. mgr. 54. gr.
3. mgr. 64. gr.	3. mgr. 54. gr.
4. mgr. 64. gr.	4. mgr. 54. gr.
1. mgr. 65. gr.	—
2. mgr. 65. gr.	—
3. mgr. 65. gr.	—
4. mgr. 65. gr.	—
5. mgr. 65. gr.	—
6. mgr. 65. gr.	—
1. mgr. 66. gr.	—
2. mgr. 66. gr.	—
3. mgr. 66. gr.	—
4. mgr. 66. gr.	—
5. mgr. 66. gr.	—
1. mgr. 67. gr.	—

Þessi tilskipun	Tilskipun 2007/64/EB
2. mgr. 67. gr.	—
3. mgr. 67. gr.	—
4. mgr. 67. gr.	—
1. mgr. 68. gr.	1. mgr. 55. gr.
2. mgr. 68. gr.	2. mgr. 55. gr.
3. mgr. 68. gr.	3. mgr. 55. gr.
4. mgr. 68. gr.	4. mgr. 55. gr.
1. mgr. 69. gr.	1. mgr. 56. gr.
2. mgr. 69. gr.	2. mgr. 56. gr.
1. mgr. 70. gr.	1. mgr. 57. gr.
2. mgr. 70. gr.	2. mgr. 57. gr.
1. mgr. 71. gr.	58. gr.
2. mgr. 71. gr.	—
1. mgr. 72. gr.	1. mgr. 59. gr.
2. mgr. 72. gr.	2. mgr. 59. gr.
1. mgr. 73. gr.	1. mgr. 60. gr.
2. mgr. 73. gr.	—
3. mgr. 73. gr.	2. mgr. 60. gr.
1. mgr. 74. gr.	1., 2. og 3. mgr. 61. gr.
2. mgr. 74. gr.	—
3. mgr. 74. gr.	4. og 5. mgr. 61. gr.
1. mgr. 75. gr.	—

Þessi tilskipun	Tilskipun 2007/64/EB
2. mgr. 75. gr.	—
1. mgr. 76. gr.	1. mgr. 62. gr.
2. mgr. 76. gr.	2. mgr. 62. gr.
3. mgr. 76. gr.	3. mgr. 62. gr.
4. mgr. 76. gr.	—
1. mgr. 77. gr.	1. mgr. 63. gr.
2. mgr. 77. gr.	2. mgr. 63. gr.
1. mgr. 78. gr.	1. mgr. 64. gr.
2. mgr. 78. gr.	2. mgr. 64. gr.
1. mgr. 79. gr.	1. mgr. 65. gr.
2. mgr. 79. gr.	2. mgr. 65. gr.
3. mgr. 79. gr.	3. mgr. 65. gr.
1. mgr. 80. gr.	1. mgr. 66. gr.
2. mgr. 80. gr.	2. mgr. 66. gr.
3. mgr. 80. gr.	3. mgr. 66. gr.
4. mgr. 80. gr.	4. mgr. 66. gr.
5. mgr. 80. gr.	5. mgr. 66. gr.
1. mgr. 81. gr.	1. mgr. 67. gr.
2. mgr. 81. gr.	2. mgr. 67. gr.
3. mgr. 81. gr.	3. mgr. 67. gr.
1. mgr. 82. gr.	1. mgr. 68. gr.
2. mgr. 82. gr.	2. mgr. 68. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2007/64/EB
1. mgr. 83. gr.	1. mgr. 69. gr.
2. mgr. 83. gr.	2. mgr. 69. gr.
3. mgr. 83. gr.	3. mgr. 69. gr.
84. gr.	70. gr.
85. gr.	71. gr.
86. gr.	72. gr.
1. mgr. 87. gr.	1. mgr. 73. gr.
2. mgr. 87. gr.	1. mgr. 73. gr.
3. mgr. 87. gr.	2. mgr. 73. gr.
1. mgr. 88. gr.	1. mgr. 74. gr.
2. mgr. 88. gr.	2. mgr. 74. gr.
3. mgr. 88. gr.	2. mgr. 74. gr.
4. mgr. 88. gr.	2. mgr. 74. gr.
5. mgr. 88. gr.	3. mgr. 74. gr.
1. mgr. 89. gr.	1. mgr. 75. gr.
2. mgr. 89. gr.	2. mgr. 75. gr.
3. mgr. 89. gr.	3. mgr. 75. gr.
1. mgr. 90. gr.	—
2. mgr. 90. gr.	—
91. gr.	76. gr.
1. mgr. 92. gr.	1. mgr. 77. gr.
2. mgr. 92. gr.	2. mgr. 77. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2007/64/EB
93. gr.	78. gr.
1. mgr. 94. gr.	1. mgr. 79. gr.
2. mgr. 94. gr.	—
1. mgr. 95. gr.	—
2. mgr. 95. gr.	—
3. mgr. 95. gr.	—
4. mgr. 95. gr.	—
5. mgr. 95. gr.	—
1. mgr. 96. gr.	—
2. mgr. 96. gr.	—
3. mgr. 96. gr.	—
4. mgr. 96. gr.	—
5. mgr. 96. gr.	—
6. mgr. 96. gr.	—
1. mgr. 97. gr.	—
2. mgr. 97. gr.	—
3. mgr. 97. gr.	—
4. mgr. 97. gr.	—
5. mgr. 97. gr.	—
1. mgr. 98. gr.	—
2. mgr. 98. gr.	—
3. mgr. 98. gr.	—

Bessi tilskipun	Tilskipun 2007/64/EB
4. mgr. 98. gr.	—
5. mgr. 98. gr.	—
1. mgr. 99. gr.	1. mgr. 80. gr.
2. mgr. 99. gr.	2. mgr. 80. gr.
1. mgr. 100. gr.	—
2. mgr. 100. gr.	—
3. mgr. 100. gr.	—
4. mgr. 100. gr.	2. mgr. 82. gr.
5. mgr. 100. gr.	—
6. mgr. 100. gr.	—
1. mgr. 101. gr.	—
2. mgr. 101. gr.	—
3. mgr. 101. gr.	—
4. mgr. 101. gr.	—
1. mgr. 102. gr.	1. mgr. 83. gr.
2. mgr. 102. gr.	2. mgr. 83. gr.
1. mgr. 103. gr.	1. mgr. 81. gr.
2. mgr. 103. gr.	—
104. gr.	—
1. mgr. 105. gr.	—
2. mgr. 105. gr.	—
3. mgr. 105. gr.	—

Bessi tilskipun	Tilskipun 2007/64/EB
4. mgr. 105. gr.	—
5. mgr. 105. gr.	—
1. mgr. 106. gr.	—
2. mgr. 106. gr.	—
3. mgr. 106. gr.	—
4. mgr. 106. gr.	—
5. mgr. 106. gr.	—
1. mgr. 107. gr.	1. mgr. 86. gr.
2. mgr. 107. gr.	2. mgr. 86. gr.
3. mgr. 107. gr.	3. mgr. 86. gr.
108. gr.	87. gr.
1. mgr. 109. gr.	1. mgr. 88. gr.
2. mgr. 109. gr.	3. mgr. 88. gr.
3. mgr. 109. gr.	2. og 4. mgr. 88. gr.
4. mgr. 109. gr.	—
5. mgr. 109. gr.	—
110. gr.	90. gr.
1. liður 111. gr.	—
2. liður 111. gr.	—
1. liður 112. gr.	—
2. liður 112. gr.	—
113. gr.	92. gr.

Þessi tilskipun	Tilskipun 2007/64/EB
114. gr.	93. gr.
1. mgr. 115. gr.	1. mgr. 94. gr.
2. mgr. 115. gr.	2. mgr. 94. gr.
3. mgr. 115. gr.	—
4. mgr. 115. gr.	—
5. mgr. 115. gr.	—
116. gr.	95. gr.
117. gr.	96. gr.
I. viðauki	Viðauki